


**skoðun 16**

## SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




## Drungi og dulúð
*Haustlína Karls Lagerfeld tekur mið af miðöldum og myrkum ævintýrum.*
**allt 3**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**14. júlí 2011**
162. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011





## Hátíð í heila viku
*Norrænni strandmenningarhátíð hleypt af stokkunum á Íslandi.*
**tímamót 24**

## Diplómati rappar
*Jónas Haraldsson rappar um ömmu sína í Smáralind og hringir reglulega í hana.*
**fólk 46**




## Seldur á 21 milljón
*AEK Aþena keypti Elfar Frey Helgason á 21 milljón frá Breiðabliki.*
**sport 38**

## veðrið í dag




**SNÝST Í NA-ÁTT** Í dag verður úrkoma á S-landi sem færist A-yfir með deginum. Bjart með köflum N-lands. Snýst í NA-átt í dag, víða 3-10 m/s hvassast NV-til.
**VEÐUR 4**

# Aðeins fjórtán nýjar íbúðir voru í smíðum um áramót

**Framboð á nýjum íbúðum í Reykjavík náði lágmarki árið 2009 og hafði ekki verið minna síðan í stríðinu. Mjög lítil eftirspurn það sem af er þessu ári, segir byggingarfulltrúi. Steindauður markaður, segir verktaki.**

**FRAMKVÆMDIR** Aðeins 112 nýjar íbúðir voru fullgerðar í Reykjavík árið 2009 og höfðu þær ekki verið færri síðan árið 1940 þegar aðeins 25 íbúðir voru fullgerðar. Árið 2010 voru 309 fullgerðar, en um áramótin síðustu voru aðeins 14 nýjar íbúðir í smíðum. Þetta kemur fram í ársskýrslu byggingafulltrúans í Reykjavík.

Magnús Sædal byggingafulltrúi segir byggingamarkaðinn vera í kaldakoli. Hann segir að það sem af er ári bendi afar fátt til þess að landið sé að rísa. „Þegar allt fór í stopp var ennþá heilmikið í pípunum og menn unnu að því að klára það. Síðan fer allt í stopp.“

Alexander G. Alexandersson, framkvæmdastjóri Steypustöðvarinnar, segir að árið 2010 hafi verið mjög dapurt í sölu á steinsteypu. Gert sé ráð fyrir lítils háttar aukningu í sölu á þessu ári.

„Við merkjum áhuga hjá smærri verktökum á því að fara af stað. Á síðustu mánuðum hafa menn verið að spá og spekúlera en þetta hefur þó ekki farið neitt lengra en það, að menn eru að spá.“

Árið 2008 var metár í sölu á steinsteypu og þegar hrunið varð voru fjölmargar íbúðir ennþá í byggingu. Alexander segir að um mitt ár 2009 hafi kreppan skollið af fullum þunga á byggingamarkaðinn og árið 2010 hafi verið mjög dapurt.

> Það virðist engu máli skipta þó að þúsundir manna missi vinnu í byggingariðnaðinum.
>
> ÁGÚST FRIÐGEIRSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ÁF HÚSA

Ágúst Friðgeirsson, framkvæmdastjóri ÁF húsa, segir að markaðurinn hafi verið steindauður í tvö til þrjú ár og sé í sögulegu lágmarki. Mjög lítill aðgangur sé að fjármagni og allir haldi að sér höndum. „Það eru allir samstiga í því að gera ekki neitt.“

„Mér finnst byggingamarkaðurinn aldrei hafa verið viðurkenndur sem atvinnugrein af stjórnmálamönnum. Það lokar eitt frystihús úti á landi og þá fer allt á annan endann. En það virðist engu máli skipta þó að þúsundir manna missi vinnuna í byggingariðnaðinum.“

**- kóp /** **sjá síðu 4**



**MARÍULAXINUM LANDAÐ** Steinunn Helga Steinþórsdóttir, átta ára, landaði fyrsta laxinum sínum í Elliðaánum í gær. „Þetta var svakalega gaman en erfitt,“ sagði Steinunn. Hún veiddi skömmu síðar lítinn urriða. Laxinn var um fimm pund og sagðist Steinunn hlakka til að borða hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafa ekki breyst í 250 ár:
## Hannar fatnað á breska knapa

**TÍSKA** Eva Vestmann, sem nemur grafíska hönnun í London, tók þátt í að nútímavæða búninga breskra veðreiðaknapa.


EVA VESTMANN

Búningar knapanna hafa verið óbreyttir í 250 ár. Eva tók þátt í keppni um nýja búninga og komst í tólf manna hóp sem fékk að sýna hönnun sína á Ascot-veðreiðunum. Keppnin mun vera liður í átaki sem snýst um að nútímavæða veðreiðar en þær eru vinsæl íþrótt í Bretlandi.

„Þetta var rosalega breskt,“ segir Eva um keppnina en hún segist hafa fengið innblástur frá fánum Evrópu við sína hönnun. Hún komst að því að fánalitir Evrópu eru tólf og notaði hún þá í litapallettu sína. Eva fékk góð viðbrögð við hönnun sinni sem sýnd var um helgina. **- mmf /** **sjá Allt**

Íslandsbanki hefur keypt Byr og beðið er eftir ákvörðun eftirlitsaðila:
# Sameining banka fram undan

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur keypt öll hlutabréf slitastjórnar og fjármálaráðuneytisins í Byr. Kaupverðið verður ekki gefið upp. Aðrir íslenskir bankar höfðu einnig gert tilboð í bankann á fyrri stigum.

Bankarnir munu sameinast undir nafni Íslandsbanka samþykki Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið það og mun sameiningarferlið þá hefjast innan nokkurra vikna. Þangað til vitað er hvort sameiningin verður samþykkt verður starfsemi beggja fyrirtækja óbreytt.

Of snemmt er að segja til um mögulegar uppsagnir starfsfólks við væntanlega sameiningu bankanna tveggja, að sögn Guðnýjar Helgu Herbertsdóttur, upplýsingafulltrúa Íslandsbanka, en um 1.200 manns starfa hjá fyrirtækjunum tveimur, 1.000 hjá Íslandsbanka en um 200 hjá Byr.

Stjórnendur segjast telja að mikilvæg hagræðing náist á fjármálamarkaði með sameiningunni og eiginfjárhlutfall nýs banka yrði sterkt. **- þeb /** **sjá síðu 6**










**SPURNING DAGSINS**



*Guðjón, ætlarðu að stela viðurnefninu Rauða ljónið?*

„Það toppar auðvitað enginn Bjarna Fel en ég get kannski fengið mitt eigið viðurnefni.“

Guðjón Baldvinsson er leikmaður KR í Pepsi-deild karla. Hann skoraði þrennu í leik gegn Fylki á sunnudag og sagðist í viðtali við Fréttablaðið stefna að því að komast í sögubækurnar hjá liðinu.

Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á umfangsmiklu fjársvikamáli á lokastigi:

# Svikahrappur kynntist fórnarlambi í árekstri

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sextugsaldri, sem sætt hefur rannsókn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, er grunaður um að hafa haft yfir hundrað milljónir af fólki með svikum og prettum. Fórnarlömbunum kynntist hann með ýmsum hætti. Til dæmis kynntust einn brotaþolinn og svindlarinn þegar bílar þeirra rákust saman.

Maðurinn var handtekinn í apríl á síðasta ári, eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá. Handtakan átti sér stað í kjölfar fjölda tilkynninga um vafasamt hátterni hans. Maðurinn, sem var bæði tekjulaus og gjaldþrota, var grunaður um að hafa ítrekað haft fé af fólki með blekkingum en við skoðun á bankareikningum hans aftur í tímann mátti sjá mikla fjármuni fara þar um.

Hann sat í gæsluvarðhaldi í sex vikur en fyrir handtökuna hafði ítarleg rannsókn þegar farið fram. Meðan á varðhaldinu stóð voru margir kallaðir í skýrslutökur en fórnarlömbin skiptu tugum. Fólkið afhenti honum tugi milljóna gegn loforði um góða ávöxtun, oftast tengda gjaldeyri. Einhverjir fengu eitthvað greitt til baka en endurgreiðslurnar virðast hafa verið fjármagnaðar með fjármunum frá öðrum fórnarlömbum mannsins.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá var sami maður náðaður af heilsufarsástæðum fyrir um tíu árum og þurfti því ekki að afplána tuttugu mánaða fangelsi, sem Hæstiréttur hafði þá dæmt hann í fyrir misneytingu gagnvart áttræðri, heilabilaðri konu, sem hann hafði haft háar fjárhæðir af.

Rannsókn lögreglu á svikum mannsins nú er á lokastigi og verður málið sent til ákæruvaldsins um framhaldið. **- jss**



**FJÁRHÆÐIR** Fjöldi manns afhenti manninum háar fjárhæðir.

# Eimskip vill Hringrás ekki lengur á brott

**Engin ástæða er fyrir því að Hringrás ætti að þurfa að flytja frá Sundahöfn, að mati forsvarsmanna Eimskips. Þeir hafi farið að öllum reglum. Eftir síðasta bruna taldi félagið starfsemi af þessu tagi ekkert erindi eiga innan um aðra.**

**SKIPULAGSMÁL** Forsvarsmenn Eimskips telja ekki að starfsemi Hringrásar þurfi að flytjast frá Sundahöfn og fjær fyrirtækjunum í grenndinni. Starfsemi Eimskips raskaðist eftir brunann mikla aðfaranótt þriðjudags vegna eitraðs reyks sem lagðist yfir svæðið.

„Við ræddum þetta í dag og sjáum ekki ástæðu fyrir því að þeir ættu að þurfa að lúta einhverjum stífari reglum en aðrir, á meðan þeir uppfylla þau skilyrði sem þeim eru sett,“ segir Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskipa. „Þetta er hafnsækin starfsemi og hún þarf að vera við höfn,“ bætir hann við.

„Það geta allir lent í því að einhverjir óprúttnir vitleysingar kveiki í. Þeir voru búnir að gera allar ráðstafanir til að tryggja að svona gerðist ekki af sjálfsdáðum.“ Fyrir það beri ekki að refsa þeim.

Eimskip var meðal tíu fyrirtækja á svæðinu sem skrifuðu harðort bréf til borgaryfirvalda árið 2005 þegar ákveðið var að framlengja starfsleyfi Hringrásar eftir brunann risavaxna síðla árs 2004. Þar kvað við annan tón en nú.

Í bréfinu sagði meðal annars: „Eðli umræddrar starfsemi skaðar hagsmuni allrar nærliggjandi starfsemi og eiga nær- og aðliggjandi fyrirtæki eðlilega kröfu á hendur borgaryfirvöldum að þau fjarlægi svo óskylda starfsemi af svæðinu.“

Þá var óábyrgur rekstur Hringrásarmanna í aðdraganda fyrri brunans gagnrýndur harðlega í bréfinu. Aðeins væri tímaspursmál hvenær annar stórbruni yrði.

Ólafur segir að þá hafi aðrar aðstæður verið uppi og Hringrás hafi tekið sig verulega á síðan.

„Ég held að umræðan um að svona fyrirtæki þurfi að líða fyrir að það séu glæpamenn í samfélaginu sem gangi lausir og kveiki í sé hæpin á þessum tímum. Nú er hvert einasta starf á landinu verðmætt. Stjórnvöld ættu frekar að leggja meiri pening í forvarnir en að reyna að bola rekstri úr bænum.“

Framkvæmdastjóri Hringrásar sagði í fréttum RÚV í gær að vel kæmi til greina að byggja yfir dekkjahauginn til að varna því að eldur kæmist að honum. Slíkum hugmyndum fagnar Ólafur. „Allar betrumbætur á hafnarsvæðum eru góðar, við erum alveg sammála því.“

Lögreglurannsókn á brunanum stendur enn. Talið er víst að kveikt hafi verið í. **stigur@frettabladid.is**



**UNNIÐ AÐ HREINSUN** Svona var umhorfs á lóð Hringrásar í gær. Þar hefur verið unnið af krafti að hreinsunarstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hjólbarðar vekja líka ugg á Akureyri

Eldsvoðarnir tveir hjá Hringrás við Sundahöfn, árið 2004 og nú aðfaranótt þriðjudags, eru ekki þeir einu sem orðið hafa hjá fyrirtækinu á undanförnum árum. Í maí 2007 kom upp mikill eldur í dekkjahaug fyrirtækisins á Akureyri og þurfti að dæla sjó hátt í kílómetra leið til að slökkva eldinn.

Eins og í brunanum við Sundahöfn í byrjun vikunnar kom hagstæð vindátt í veg fyrir það á Akureyri 2007 að eitraðan reykinn legði yfir íbúðabyggð.

Nýlega afgreiddi skipulagsnefnd Akureyrarbæjar umsókn fyrirtækisins Furu um leyfi til að starfrækja móttöku fyrir brotamálma og notaða hjólbarða í húsnæði við Óseyri, um 150 metrum frá íbúðabyggð. Einn fulltrúi greiddi atkvæði gegn því. Haft var eftir honum í fréttum RÚV í gær að hann teldi að ekki ætti að hafa starfsemi sem þessa svo nálægt byggð.

# Sævar Ciesielski er látinn

**Sævar Ciesielski lést af slysförum í Kaupmannahöfn aðfaranótt miðvikudags. Hann hafði verið búsettur þar um skeið. Sævar var einn sakborninganna í Geirfinnsmálinu og hlaut þyngsta dóminn, ævilangt fangelsi í héraðsdómi.**



Sævar Ciesielski

**Hæstiréttur mildaði dóminn í sautján ár og sat Sævar inni í níu ár. Eftir að hann losnaði úr fangelsi, árið 1984, hóf hann baráttu fyrir endurupptöku málsins, en hann hélt því alla tíð fram að á honum hefði verið framið réttarmorð. Árið 1993 fór hann fram á endurupptöku málsins, en henni hefur ætíð verið hafnað.**

**Þættir úr ævi Sævars voru skrásettir í bókinni Stattu þig drengur eftir Stefán Unnsteinsson sem kom út árið 1980. Þar lýsir Sævar barnæsku sinni, en hann dvaldi meðal annars í Breiðavík. Í skýrslu nefndar um áfangaheimilið í Breiðavík er bókin sögð mikilvæg heimild um ástandið þar.**



**BANNAÐ** Að fleygja rusli á götur og torg er bannað samkvæmt lögum í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Herferð gegn rusli í Svíþjóð:

# Sóðarnir sektaðir á staðnum

**SVÍÞJÓÐ** Samkvæmt nýrri lagabreytingu sem tekið hefur gildi í Svíþjóð getur sá sem fleygir einnota flöskum og öðru rusli á götur og torg auk garða verið sektaður á staðnum. Upphæðin nemur 800 sænskum krónum eða jafnvirði 14.400 íslenskra króna.

„Ég vona og held að þetta leiði til þess að Svíþjóð verði hreinna land. Tilgangurinn er ekki sá að fólk eigi að greiða fjölda sekta, heldur að það hætti að fleygja frá sér rusli,“ segir Andreas Carlgren umhverfisráðherra.

Bannað hefur verið samkvæmt lögum að fleygja rusli úti á víðavangi í Svíþjóð en höfða þurfti mál gegn viðkomandi. Slíkt ferli þótti of flókið til þess að draga úr sóðaskapnum. **- ibs**

Kaupverð hlutar 6,6 milljarðar:

# Framtakssjóður kaupir Promens

**VIÐSKIPTI Framtakssjóður Íslands hefur keypt 40 prósenta hlut í plastafurðafyrirtækinu Promens hf. Við kaupin minnkar hlutur Horns fjárfestingafélags, sem er dótturfélag Landsbankans í Promens, úr 99 prósentum í 59 prósent.**

**Kaupverðið er 6,6 milljarðar og er hluti þess hlutafjáraukning sem verður nýtt til lækkunar skulda og til fjárfestinga. - þeb**

Samið við sveitarfélög:

# Gengið frá kjörum sjúkraliða

**KJARAMÁL** Samkomulag hefur náðst milli Sjúkraliðafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kjarasamning. Skrifað var undir samninginn í fyrrakvöld. Samningurinn verður kynntur félagsmönnum á næstunni.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur þegar samið um kjör við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu og við ríkið en ekki komist að samkomulagi við Reykjavíkurborg. **- mþl**






Talsverð vinna er eftir áður en hægt er að hleypa umferð aftur á:

# Brúarvinnu lýkur líklega í kvöld

**SAMGÖNGUMÁL** Búist er við því að bráðabirgðabrú yfir Múlakvísl verði tilbúin í kvöld eða nótt. Þá er þó eftir talsverð vinna áður en hægt verður að hleypa umferð á á nýjan leik.

Í gærkvöldi var búið að negla allt brúargólfið og unnið að því að koma því á sinn stað. Þó að brúin sjálf sé að verða tilbúin þarf að byggja og lagfæra grjótvarnargarða sem eiga að verja bæði brúna og veginn að henni fyrir ánni. Einnig er unnið að því að klára vegi sem liggja að hinni nýju brú, sem liggur ofar en vegurinn og brúin sem skemmdust í hlaupinu í Múlakvísl á laugardaginn. Verið er að tengja veginn að vestanverðu við brúna. Þegar vinnu við varnargarðinn lýkur verður hægt að ljúka við að tengja veginn og brúna og koma umferðinni á. Stefnt er á að þetta gerist í næstu viku, en það fer eftir vatnsmagni í ánni að einhverju leyti.

Flutningar yfir Múlakvísl héldu áfram í gær og gengu þeir vel. Fjölmargir voru ferjaðir yfir en þurftu að bíða um stund. Eftir að rúta festist í ánni á þriðjudag hefur jarðýta verið stöðugt í vaðinu sem farið er yfir til að tryggja öryggi bifreiða. Þá hefur verið bætt við fjórða vörubílnum til að flytja bíla yfir vaðið. **- þeb**



**FLUTNINGAR GANGA VEL** Haldið verður áfram að flytja fólk og bíla yfir ána þar til hægt verður að hleypa umferð á bráðabirgðabrúna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Allt pallaefni
20% afsláttur
ÚTSALA Á PALLAEFNI ER HAFIN!
KLÁRAÐU SÓLPALLINN Á LÆGRA VERÐI
Garðplöntur
30% afsláttur
SUMAR
ÚTSALA
45.520
56.900
weber
1.499
2.499
HiPoint klippur
40% afsláttur
5.560
7.949
5084675
Öll grill
20-25% afsláttur
9.596
11.995
3000259
Garðhúsgögn
30% afsláttur
Búsáhöld
20-30% afsláttur
3899087
Flíspeysur
25% afsláttur
Sláttuorf
20% afsláttur
Viðarvörn og útimálning
20-45% afsláttur
5084544
2.990
3.990
TREBITT
Oljebeis/Lasyr
4.990
8.990
2006829
3.995
6.829
blómaval
HÚSASMIÐJAN
5863598-5863604
7049230-33

**GENGIÐ 13.07.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,79 | 117,35 |
| Sterlingspund | 186,41 | 187,31 |
| Evra | 164,52 | 165,44 |
| Dönsk króna | 22,058 | 22,188 |
| Norsk króna | 21,011 | 21,135 |
| Sænsk króna | 17,868 | 17,972 |
| Japanskt jen | 1,473 | 1,4816 |
| SDR | 185,12 | 186,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,8755

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kyrrsetning eðlilegur þáttur í rannsókn á skattalagabrotum Stoða:

# Hannes fær ekki fimm milljónir

**DÓMSMÁL** Hannes Smárason tapaði í gær bótamáli gegn íslenska ríkinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hannes stefndi ríkinu til greiðslu bæði skaða- og miskabóta, samtals fimm milljóna, vegna kyrrsetningar sem hann þurfti að sæta þegar meint skattalagabrot Stoða, áður FL Group, voru til rannsóknar.

Fé og eignir Hannesar voru kyrrsettar vegna rannsóknarinnar og það sama var að segja um eignir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Skarphéðins Berg Steinarssonar og Jóns Sigurðssonar.

Kyrrsetningin var skömmu síðar felld úr gildi enda snerist rannsóknin um meint virðisaukaskattsbrot en á þeim tíma gerði löggjöfin einungis ráð fyrir að kyrrsetja mætti meintan ágóða af tekjuskattsvikum. Því hefur síðar verið breytt.

Hannesi þótti að sér vegið með hinni ólögmætu kyrrsetningu og krafðist sem áður segir bóta. Hann hafi orðið fyrir skaða, vegna fjártjóns og skerts lánstrausts, og miska vegna álitshnekkis. Dómurinn fellst ekki á að í kyrrsetningunni hafi falist ólögmæt meingerð gegn persónu Hannesar eða brot á skaðabótareglum heldur hafi „verið um að ræða eðlilegan þátt í þeirri rannsókn sem enn stendur yfir“.

Skarphéðinn Berg hafði þegar tapað áþekku máli gegn ríkinu. **- sh**



**TAPAÐI** Vildi fimm milljónir en fær enga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jarðskjálfti í Kötlu:

# Ekki vísbending um eldgos

**JARÐSKJÁLFTAR Jarðskjálfti varð í Kötlu um kaffileytið í gær. Skjálftinn mældist 3,1 á Richter. Hjörleifur Sveinbjörnsson, jarðfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, sagði í samtali við Vísi að um stakan atburð væri að ræða og ekkert benti til að gos væri að hefjast.**

**Hjörleifur sagði jafnframt að skjálftar af þessari stærð væru algengir í Kötlu. Ef um gos væri að ræða ykjust hreyfing og órói á svæðinu. Það hafi ekki gerst í þessu tilviki.**

Ferðamaður fannst heill á húfi:

# Á göngu í rúman sólarhring

**BJÖRGUN Belgískur ferðamaður, sem villtist á Fimmvörðuhálsi í fyrrinótt, fannst við Steinholtsá, rétt norðan Eyjafjallajökuls, á áttunda tímanum í gærkvöldi.**

**Maðurinn, sem er um þrítugt, kom sér sjálfur niður af jöklinum og var frekar þrekaður eftir rúmlega sólarhringsgöngu. Hann lét vita af sér í fyrrinótt og sagðist þurfa aðstoð þar sem hann væri meiddur á fæti. Ekki náðist aftur símasamband við manninn.**

**Tugir björgunarsveitarmanna leituðu mannsins í allan gærdag auk leitarhunda og þyrlu Landhelgisgæslunnar. - aþ**

Námsbækurnar í lestölvum:

# Pappírslausir skólar í S-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA** Skólayfirvöld í Suður-Kóreu hafa ákveðið að allir skólar landsins verði pappírslausir árið 2015. Þá eiga nemendur að lesa allar námsbækur í lestölvum að undanskildum þeim yngstu sem í byrjun fá að lesa bæði bækur úr pappír og bækur í lestölvu.



**NÁMSBÆKUR**

Í Svíþjóð geta sveitarfélög nú þegar tekið ákvörðun um hvort námsbækurnar verði allar lesnar í lestölvu. Eina hindrunin er sú að námsbækurnar hafa ekki verið gefnar út í rafrænu formi, að því er Anders Andrén, blaðafulltrúi hjá sænska menntamálaráðuneytinu, greinir frá. **- ibs**

# Ekki færri íbúðir síðan í stríði

**Aðeins voru 14 nýjar íbúðir í smíðum í Reykjavík um síðustu áramót. Árið 2009 voru 112 íbúðir fullgerðar og höfðu ekki verið færri síðan í seinna stríði. Íbúðir í byggingu nú eru minni en þær voru fyrir hrun.**

**FRAMKVÆMDIR** Um síðustu áramót voru aðeins 14 nýjar íbúðir í smíðum í Reykjavík, samkvæmt tölum frá byggingarfulltrúaembættinu. Byggingamarkaðurinn er í sögulegu lágmarki og virðist lítið vera að taka við sér.



**MAGNÚS SÆDAL**

Árið 2010 voru fullgerðar íbúðir í Reykjavík 309 talsins, en árið áður voru þær aðeins 112. Þær hafa ekki verið færri síðan í seinna stríði, en árið 1940 voru þær aðeins 25. Strax árið eftir voru þær orðnar 287.

Magnús Sædal, byggingafulltrúi í Reykjavík, segir byggingamarkaðinn vera í algjöru frosti. Ekkert hjá embættinu bendi til að þíða sé fram undan. „Ég sé það ekki að landið sé að rísa. Það sem af er þessu ári hefur verið mjög lítið um að vera.“

Alls voru samþykktar 27 byggingarleyfisumsóknir um byggingu íbúða í Reykjavík árið 2010. Það er hrun frá því árið 2009, þegar þær voru 125 talsins. Árið 2005 voru þær 797 og hrunárið 2008 490.

Ágúst Friðgeirsson, framkvæmdastjóri ÁF húsa, segir markaðinn vera í frosti. Lítill sem enginn aðgangur sé að fjármagni og allir haldi því að sér höndum. Þá hafi markaðurinn breyst frá því fyrir hrun þannig að íbúðir séu minni núna. „Við vorum að byggja þetta 110 til 115 fermetra þriggja herbergja íbúðir fyrir hrun og allt upp í 170 til 180 fermetra í einstaka tilfellum. Þriggja herbergja íbúðir í dag eru hins vegar svona 80-90 fermetrar að stærð.“

Ágúst segir mikið atvinnuleysi vera í greininni og sjálfur hefur hann þurft að fækka starfsfólki úr 70 til 80 í 5 til 10. „Auðvitað fer þetta af stað einhvern tímann. Það þarf 1.500 til 2.000 íbúðir á ári hér á landi og ef eitt ár dettur út safnast þörfin einfaldlega upp.“

Alexander G. Alexandersson, framkvæmdastjóri Steypustöðvarinnar, segir að hrunið hafi skollið af fullum þunga á byggingarmarkaðinn um mitt ár 2009. Árið 2008 hafi verið metár í sölu steynsteypu og fjöldi verka ókláraður þegar hrunið skall á.

„Þetta var síðan mjög dapurt í fyrra, en við gerum ráð fyrir lítils háttar aukningu í ár.“ Hann segir ýmsa verktaka vera að velta fyrir sér að fara af stað, en það vanti herslumuninn. „Ég vonast þó til þess að við séum að nálgast þann punkt þar sem við getum horft upp á við.“ **kolbeinn@frettabladid.is**



**FRAMKVÆMDIR** Aðeins voru samþykktar 27 umsóknir um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík árið 2010. Byggingafulltrúi segir markaðinn vera í frosti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Heimild: Ársskýrsla byggingafulltrúa í Reykjavík




Heimild: Ársskýrsla byggingafulltrúa í Reykjavík




**Freyr frá Hvoli**

Fallegur og vel ættaður 6 vetra stóðhestur.
5. sæti á Landsmóti 2011 með
8,60 fyrir hæfileika og 8,44 í aðaleinkunn.

Faðir: Gígjar frá Auðsholtshjáleigu
Móðir: Nóta frá Víðidal
Verð á folatolli er kr. 120.000
Freyr er til afnota í Ósgerði í Ölfusi

Nánari upplýsingar veittar í síma 696-7000


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**KÓLNAR NA-TIL**
Í dag verður nokkuð bjart og hlýtt norðanlands og um að gera að njóta á meðan er því það snýst í NA-átt og kólnar. Úrkoma um sunnanvert landið í dag og austanvert í kvöld. Birtir til og hlýnar suðvestanlands á morgun.




Á MORGUN
víða 3-10 m/s, hvassast NV-til.

LAUGARDAGUR
víða 3-10 m/s, hvassast NV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 21° |
| París | 22° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




## GRÍSAGRILLPINNAR M/GRÆNMETI
FERSKIR 690 G

28% afsláttur

796 kr/pk.
áður 1.098 kr/pk.

# GOTT Á GRILLIÐ!

## SVÍNABÓGSNEIÐAR
FERSKAR




35% afsláttur

779 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

## NAUTAGRILLSTEIK
USA



25% afsláttur

2.249 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

## LAMBALÆRIS-SNEIÐAR




1.599 kr/kg
áður 1.989 kr/kg

## BROWNIE MIX
415 G




36% afsláttur

299 kr/pk.
áður 467 kr/pk.

## SÉRBÖKUÐ VÍNARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*



50% afsláttur

GILDIR EKKI Í NETTÓ SALAVEGI*

99 kr/stk.
áður 198 kr/stk.

## VATNSMELÓNUR
SAFARÍKAR



58% afsláttur

99 kr/kg
áður 236 kr/kg

## HARIBO STARMIX
200 G




28% afsláttur

179 kr/stk.
áður 249 kr/stk.




40% afsláttur

## KJÚKLINGASÚPA
295 G

119 kr/ds.
áður 199 kr/ds.

## ALPEN LIGHT ORKUSTANGIR
5 STK/PK.




26% afsláttur

259 kr/pk.
áður 349 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 14. - 17. júlí**
eða meðan birgðir endast

**KJÖRKASSINN**



*Viltu láta brenna lík þitt fyrir útför?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60,2% |
| NEI | 39,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að starfsemi fyrirtækja eins og Hringrásar eigi að fara úr íbúðabyggð?*

Segðu þína skoðun á visir.is. Vísir

Athugun Vísbendingar á meðaltekjum landsmanna eftir svæðum:

# Tekjur hærri á höfuðborgarsvæðinu

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur íbúa voru hlutfallslega hærri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar árið 2008. Íbúar svæðisins greiddu því hærri skatta að jafnaði en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem fjallað er um í nýjasta tölublaði Vísbendingar, tímarits um viðskipti og efnahagsmál.

Í grein Vísbendingar segir að skipting tekna milli landshluta sé algengt deiluefni milli landsmanna. Samkvæmt tölum ríkisskattstjóra eru hæstar meðaltekjur íbúa á Seltjarnarnesi og í Garðabæ. Þar á eftir koma Bessastaðahreppur, Kópavogur og Reykjavík. Öll sveitarfélög þar sem launatekjur íbúa eru yfir landsmeðaltali eru á höfuðborgarsvæðinu ef frá er skilin Fjarðabyggð.

Fjármagnstekjur á mann eru langmestar á Seltjarnarnesi og í Garðabæ. Víðast hvar á landsbyggðinni eru fjármagnstekjur á mann hins vegar hlutfallslega minni en á höfuðborgarsvæðinu. Það bendir til þess að hlutfallslega meira af eignum landsmanna sé á höfuðborgarsvæðinu þótt hrunið haustið 2008 gæti hafa breytt því að einhverju marki. **- mþl**

**Meðaltekjur eftir landshlutum**

**Landsmeðaltal er 100 prósent**




Besta útihátíðin:

# Tvær líkamsárásir kærðar

**LÖGREGLUMÁL Tvær líkamsárásir hafa verið kærðar í kjölfar Bestu útihátíðarinnar, sem haldin var á Gaddstaðaflötum við Hellu um síðustu helgi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Hvolsvelli var um að ræða hnífstungumál og pústra. Sá sem fyrir hnífaárásinni varð hlaut ekki mikla áverka.**

**Þá var töluvert um að leitað væri til lögreglu vegna þjófnaða úr tjöldum og fáeinna innbrota í bíla. Þá komu á þriðja tug fíkniefnamála upp. Gestir á hátíðinni voru um níu þúsund þegar mest var.** - jss




# Vilja ekki gefa upp kaupverðið á Byr

**Íslandsbanki hefur keypt öll hlutabréf í Byr af slitastjórn og fjármálaráðuneyti. Fyrirtækin munu sameinast undir nafni Íslandsbanka ef Samkeppniseftirlit og Fjármálaeftirlit samþykkja. Of snemmt þykir að ræða mögulegar uppsagnir.**

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki hefur keypt öll hlutabréf í sparisjóðnum Byr af slitastjórn Byrs og fjármálaráðuneytinu. Kaupverðið verður ekki gefið upp samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka.

Í tilkynningu kemur fram að stjórn Byrs hf. hafi ákveðið að ganga til samninga við Íslandsbanka um útgáfu nýs hlutafjár auk þess sem gert hafi verið samkomulag um sölu á öllu hlutafé til bankans. Gert er ráð fyrir því að fyrirtækin sameinist á næstunni, að því gefnu að Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið samþykki kaupin. Þar til slíkt samþykki liggur fyrir verður starfsemi bæði Íslandsbanka og Byrs óbreytt.



BIRNA EINARSDÓTTIR

Of snemmt er að segja til um mögulegar uppsagnir vegna fyrirhugaðrar sameiningar bankanna, að sögn Guðnýjar Helgu Herbertsdóttur upplýsingafulltrúa Íslandsbanka. Ekkert liggi fyrir um slíkt. Hún segir að beðið verði með alla sameiningarvinnu þar til fyrir liggur hvort leyfi fæst fyrir sameiningu eða ekki. Um 1.200 manns vinna hjá fyrirtækjunum tveimur, 1.000 hjá Íslandsbanka og 200 hjá Byr. Í framhaldinu munu starfsmenn fyrirtækjanna hefja undirbúning að sameiningunni.

Stjórnendur í fyrirtækjunum tveimur telja að mikilvæg hagræðing náist á fjármálamarkaði með sameiningu þeirra. Eiginfjárhlutfall sameinaðs banka yrði vel yfir sextán prósentum, sem eru lágmarkskröfur Fjármálaeftirlitsins. Jón Finnbogason, forstjóri Byrs, segir stjórnendur sannfærða um að úr verði öflugt fjármálafyrirtæki sem geti þjónað viðskiptavinum sínum betur. Íslandsbanki hafi í krafti stærðar og stöðu getað gengið lengra en Byr og því muni viðskiptavinir sparisjóðsins njóta góðs af sameiningunni.

Talið er víst að Arion banki, Landsbankinn og MP Banki hafi einnig lagt fram tilboð í Byr. Það var fyrirtækið Arctica Finance sem sá um sölu á hlut slitastjórnar í nýja Byr. Stofnfjáreigendur gagnrýndu það vegna ýmissa tengsla, meðal annars þeirra að formaður slitastjórnarinnar og framkvæmdastjóri Arctica Finance eru gift. Byr gaf út fréttatilkynningu í kjölfarið þar sem kom fram að það hefði ekki verið slitastjórnin sem tók ákvörðun um ráðningu Arctica Finance.

thorunn@frettabladid.is




**SAMEINING** Á næstu vikum hefst vinna við sameiningu bankanna tveggja að því gefnu að leyfi fáist fyrir henni.




Ný reglugerð á að stuðla að því að veitingahús selji löglega verkað hreindýrakjöt:

# Hert eftirlit með hreindýrakjöti

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands hafa sterkar vísbendingar um að talsvert af hreindýrakjöti sé á boðstólum, meðal annars á veitingastöðum, sem ekki hefur verið heilbrigðisskoðað, flutt eða meðhöndlað í vinnslustöðvum sem hafa starfsleyfi.

Þetta kemur fram á heimasíðu Matvælastofnunar, sem vekur athygli á nýrri reglugerð sem gefin var út af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 1. júlí 2011 um verkunarstöðvar fyrir hreindýrakjöt.

Helsta ástæða reglugerðarbreytingarinnar er sú að árlega eru seld veiðileyfi á um það bil 1.000 til 1.300 hreindýr, en einungis um fimmtán prósent, eða 184 dýr árið 2010, fóru í gegnum einu löggiltu verkunarstöðina, og engin dýr komu til skoðunar í sláturhúsum.



**HREINDÝR** Lögð er áhersla á að veitingahús séu einungis með löglega verkað kjöt á sínum matseðlum.

Hluti vandans felst í því að hluti þeirra dýra sem eru heilbrigðisskoðuð er síðan tekinn heim af veiðimönnum en með því slitnar órofin kælikeðja afurðanna. Með þessari breytingu er verið að tryggja að það kjöt sem fer beint frá verkunarstöð hafi áfram lögbundna heilbrigðismerkingu, en kjöt af sama dýri sem veiðimaður velur að taka til eigin nota og ráðstöfunar verði stimplað „Heimtekin villibráð“ auk lögbundinnar heilbrigðismerkingar. - jss




# GERÐU FRÁBÆR KAUP!

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR

# 250-3000 KR.

*það gerist varla betra...*

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Við hvaða foss fara tökur á bandarísku stórmyndinni Prometheus fram?*
2. *Hvað heitir forstjóri Hringrásar?*
3. *Bróðir hvaða þjóðarleiðtoga var myrtur nýlega?*

**SVÖR**

*1. Dettifoss. 2. Einar Ásgeirsson. 3. Hamids Karzai forseta Afganistans.*

Niðurskurður kemur niður á slætti grænna svæða Reykjavíkurborgar:

# Langt getur liðið milli sláttar og frágangs

**REYKJAVÍK** Margir dagar geta liðið frá því að opin svæði, umferðareyjar og aðrar grasspildur í Reykjavík eru slegnar og að gengið sé frá viðkomandi svæði með orfi. Víða um borgina eru loðnar graseyjar við girðingar, ljósastaura og þar fram eftir götunum.

Fréttablaðið hefur áður greint frá niðurskurði borgaryfirvalda á útgjöldum til sláttar en dregið hefur úr slætti árlega frá hruni. Fyrir hrun voru grasi vaxin svæði borgarinnar slegin allt að fimm sinnum á sumri en stefnt er að því að slá þau þrisvar í sumar.

Ein afleiðing þess að sjaldnar er slegið er að loðnar graseyjar eru meira áberandi í ásýnd borgarinnar en áður.

„Það koma menn á litlum sláttuvélum sem eru keyrðar yfir túnin en þær komast auðvitað ekki svo auðveldlega að girðingum og ljósastaurum og slíku þannig að aðrir koma á eftir með orf. Það gerist hins vegar ekki alltaf sama daginn," segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar.

Jón Halldór segir sláttinn hafa verið endurskipulagðan með sparnaðarsjónarmið í huga á síðustu misserum sem hafi gengið vel. **- mþl**



**FRÁGANGURINN EFTIR** Víða sjást loðnar graseyjar í Reykjavík, meðal annars við ljósastaura. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Býður sig fram til forseta:

# Joly frambjóðandi Græningja

**FRAKKLAND** Eva Joly verður frambjóðandi Græningja í forsetakosningunum í Frakklandi á næsta ári.



**EVA JOLY**

Fyrri umferð forsetakosninganna fer fram í apríl á næsta ári. Valið stóð milli Joly og Nicolas Hulot sjónvarpsmanns og hlaut Joly um 58 prósent atkvæða en Hulot 41 prósent.

Joly starfaði sem ráðgjafi sérstaks saksóknara í kjölfar bankahrunsins hér á landi, en hún lét af þeim störfum í október á síðasta ári. Hún er fyrsti forsetaframbjóðandi í Frakklandi sem hefur tvöfalt ríkisfang, það er franskt og norskt.

Leigjendum sem eiga í fjárhagsvanda hefur fjölgað:

# Fjöldi vanskilamála fyrir héraðsdómi

**HÚSNÆÐISMÁL** „Þeim leigjendum Félagsbústaða sem eiga í fjárhagsvanda hefur fjölgað," segir Sigurður Kr. Friðriksson framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf.

Á síðustu mánuðum hefur verið þingfestur í héraðsdómi allnokkur fjöldi mála Félagsbústaða á hendur leigjendum sínum. Sigurður segir að vanskilin hafi verið komin niður í 1,5 prósent af veltu Félagsbústaða árið 2007. Á síðasta ári hafi þau verið komin upp í 3,5 prósent. Þetta segi sína sögu.

„Fæst af þessum málum, sem þingfest eru í héraðsdómi ganga til útburðar, enda hefur fjöldi útburða staðið í stað," útskýrir Sigurður. Hann segir málin geta risið vegna leiguskulda eða vegna þess að viðkomandi sé búinn að fyrirgera rétti sínum til að vera í íbúðinni vegna ónæðis eða að hann sé ekki húsum hæfur.

„Síðarnefndu málin eru í miklum minnihluta," bætir Sigurður við.

Hvað varðar skuldamálin segir hann að þau verði að leggja fyrir héraðsdóm og fá úrskurð til að geta farið í útburð, sem sé lokaúrræðið. Í millitíðinni sé reynt að fá fjárhagsaðstoð fyrir skuldarana með aðstoð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sem gangi vel, eigi þeir á annað borð rétt á aðstoð. **- jss**



**OF DÝRIR BANKAR** Rekstrarkostnaður bankanna er of hár, að mati Bankasýslunnar. Hagræðingar er þörf. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# Fólk skortir til að undirbúa einkavæðingu

**Bankasýslu ríkisins skortir fjármagn og mannafla til að undirbúa sölu á hlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Launakostnaður jókst um 10 til 15 prósent milli ára. Sérlög um Landsbankann sögð óheppileg.**

**VIÐSKIPTI** Bankasýsla ríkisins hefur ekki tök á að undirbúa sölu fjármálafyrirtækja með fullnægjandi hætti. Til þess skortir bæði mannafla og fjármagn. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Bankasýslunnar um starfsemi ársins 2010.

Í skýrslunni segir að því hafi verið lýst yfir á fyrsta starfsári stofnunarinnar að nauðsynlegt væri að fjölga starfsmönnum til að hún gæti sinnt þeim verkefnum sem henni væru falin nægjanlega vel. Þá yrði stofnunin að geta leitað til utanaðkomandi sérfræðinga þegar þörf krefði. Búa hefði þurft í haginn fyrir þetta fyrir starfsárið 2010 en þegar til kastanna kom hafi stofnunin ekki fengið til þess nægt fjármagn.

Starfsskilyrði Landsbankans sem fyrirtækis í ríkiseigu eru gagnrýnd í skýrslunni. „Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að aðrar leikreglur eigi að gilda um Landsbankann þar sem hann er í meirihlutaeigu ríkisins," segir þar.

„Sem dæmi um það má nefna frumvarp til upplýsingalaga sem lagt var fram á vorþingi 2011, en einnig þá stöðu að laun bankastjóra Landsbankans eru ákvörðuð af kjararáði. Ljóst er að laun bankastjóra Landsbankans standast ekki samanburð á því sviði sem bankinn starfar og er það óviðunandi."

Fullyrt er að sérreglur um fjármálafyrirtæki í ríkiseigu dragi úr samkeppnishæfni þeirra sem aftur geti komið niður á endurheimtum af lánum ríkisins til fyrirtækjanna. Þessi staða bitni því að endingu á skattgreiðendum.

Fram kemur í skýrslunni að rekstrarkostnaður fjármálafyrirtækja hafi hækkað töluvert á milli áranna 2009 og 2010. Mest muni þar um að laun og launatengd gjöld í bankakerfinu hafi hækkað um tíu til fimmtán prósent á tímabilinu. Þar hafi hækkun tryggingargjalds áhrif og því sé hækkun launa líkast til mun minni en launakostnaðar.

Engu að síður er það niðurstaða Bankasýslunnar að hár rekstrarkostnaður bankanna kalli á hagræðingu í geiranum.

Þá er töluvert fjallað um sparisjóðina í skýrslunni, en bankasýslan hefur tekið við stofnfjárhlutum ríkisins í fimm af tíu sparisjóðum landsins. Segir í skýrslunni að erfitt verði að reka sparisjóðina á arðsaman hátt.

„Erfið rekstrarskilyrði fjármálafyrirtækja almennt og sérstakur vandi sparisjóðanna, sem standa fáir eftir með sameiginlegan rekstur, sem áður var borinn af umtalsvert stærra sparisjóðakerfi, gefa ekki tilefni til bjartsýni," segir skýrsluhöfundur. Sameiningar séu nánast óhjákvæmilegar.

Meðal niðurstaðna sambærilegrar skýrslu sem kom út í fyrra var að arðsemi Arion banka og Landsbankans, að óreglulegum liðum frádregnum, væri langt undir arðsemiskröfu ríkisins. Arðsemin hefur nú batnað nokkuð. **stigur@frettabladid.is**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

# Alltaf ódýrast á netinu

## SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS




TAKTU FLUGIÐ Á SKEMMTILEGA VIÐBURÐI UM ALLT LAND Í JÚLÍ. HÉR ERU ÖRFÁ DÆMI UM ÞAÐ SEM ER AÐ GERAST Í MÁNUÐINUM:

| | | |
|---|---|---|
| **Akureyri** | **30. júlí – 1. ágúst** | Ein með öllu |
| **Ísafjörður** | **8. – 9. júlí** | Púkamótið |
| | **15. – 17. júlí** | Vesturgatan, hlaupahátíð |
| | **30. júlí – 1. ágúst** | Mýrarbolti |
| **Neskaupstaður** | **7. – 9. júlí** | Eistnaflug |
| **Borgarfjörður eystri** | **14. – 17. júlí** | Bræðslan |
| **Fáskrúðsfjörður** | **22. – 24. júlí** | Franskir dagar |
| | **30. júlí – 1. ágúst** | Neistaflug |
| **Egilsstaðir** | **30. júlí – 1. ágúst** | Unglingamót UMFÍ |
| **Hrísey** | **16. – 18. júlí** | Fjölskyldu- og skeljahátíð |

→ bókaðu flugið tímanlega á **flugfelag.is**

**EVRÓPUMÁL:** Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins

# Sneiða hjá íslensku vanköntunum

**Í tillögum að nýrri sjávarútvegsstefnu ESB verður ekki mögulegt að framselja kvóta milli landa og smábátaflotinn verður utan kvóta. Þórólfur Matthíasson segir tillögurnar greinilega miða að því að styrkja nándarregluna og regluna um hlutfallslegan stöðugleika.**




**MARIA DAMANAKI** Framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála kynnti nýju tillögurnar í Brussel í gær. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta þýðir það að verði þessar tillögur samþykktar þá ætti að verða tiltölulega auðvelt fyrir Íslendinga að komast að ásættanlegum niðurstöðum í samningum um sjávarútvegskaflann í aðildarviðræðum við Evrópusambandið,“ segir Þórólfur Matthíasson hagfræðingur um tillögur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að nýrri sjávarútvegsstefnu, sem á að koma í staðinn fyrir núverandi stefnu.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því að framseljanlegir aflakvótar verði teknir upp í fiskveiðistefnu ESB. Framsal kvótanna verður hins vegar háð ýmsum takmörkunum. Meðal annars verði óheimilt að framselja kvóta milli landa og þá verði smábátaflotinn allur utan kvóta. Jafnframt er gengið út frá því að úthlutun kvóta verði tímabundin, líklega til fimmtán ára, en ekki varanleg.

„Við ætlum að leggja til ákveðna varnagla,“ segir Maria Damanaki, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, „meðal annars til að koma í veg fyrir að of mikið af hagsmunum safnist á fáar hendur“.

Damanaki segir óhjákvæmilegt að gera róttækar breytingar á sjávarútvegsstefnu ESB því núverandi stefna hafi ýtt undir ofveiði með þeim afleiðingum að flestir fiskistofnar ESB-ríkjanna séu í hættu.

Megináherslan í nýju stefnunni er á sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar, en til þess að tryggja að þær geti orðið arðbærar þegar fram líða stundir telur framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að taka upp kerfi framseljanlegra aflakvóta.

„Slík kerfi hafa nú þegar verið notuð með góðum árangri í mörgum löndum og dregið þar úr ofveiði,“ segir Damanaki og nefnir Noreg, Bandaríkin, Ástralíu og Nýja-Sjáland sem dæmi um vel heppnaða útfærslu framseljanlegra aflaheimilda.

Athygli vekur að hún nefnir Ísland ekki í þessari upptalningu, þótt áður hafi komið fram að Evrópusambandið hafi kynnt sér mjög vel íslenska kvótakerfið í tengslum við mótun nýju sjávarútvegsstefnunnar.

„Það er greinilegt á öllu að þeir eru að nálgast okkar kerfi sem almenna lausn á þeim vanda sem þeir eru með. Þarna er verið að styrkja bæði nándarregluna og regluna um hlutfallslegan stöðugleika, sem er einmitt það sem við þurfum,“ segir Þórólfur. „Hins vegar er einnig ljóst að þeir eru að einhverju leyti að taka upp það góða sem menn sjá í kvótakerfinu okkar án þeirra vankanta sem fylgja varanlegum kvóta, sem varð til þess að sprengja upp kvótaverðið með allri þeirri miklu lánafyrirgreiðslu sem það kallar á í útgerðinni.“

Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar er einnig lögð áhersla á valddreifingu, sem felur í sér að ákvörðunarvald er fært í hendur aðildarríkjanna og hagsmunaaðila þar eins mikið og hægt er.

Damanaki segir þetta þýða að stjórnvöld í Bonn taki eingöngu ákvarðanir um meginlínur en útfærslan sé í höndum heimamanna á hverjum stað. Á hverju fiskveiðistjórnunarsvæði þurfi aðildarríkin að ná samkomulagi og framkvæmdastjórnin grípi ekki








**VILL HERTAR AÐGERÐIR** Forsætisráðherra Taílands, Yingluck Shinawatra, vill draga úr neyslu eiturlyfja í heimalandi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Baráttumál nýkjörins forseta í Taílandi:

## Sker upp herör gegn fíkniefnaneyslu

Neytendum metamfetamíns hefur fjölgað mikið í Taílandi síðustu ár. Stjórnvöld ætla að skera upp herör gegn eiturlyfjaneyslunni. Í Taílandi eru ein hörðustu viðurlög í heimi gegn sölu og smygli á fíkniefnum. Um tíma voru þeir sem fundnir voru sekir um slíkt teknir af lífi.

Neytendum metaamfetamíns hefur fjölgað um hundrað þúsund síðastliðin sex ár og er talið að þeir séu nú um 1,1 milljón talsins. Neyslan er mest í röðum byggingaverkamanna, að sögn breska dagblaðsins Guardian.

Yingluck Shinawatra, sem nýverið tók við embætti forsætisráðherra í Taílandi, ætlar að herða tökin og eyða vandanum á næstu tólf mánuðum, að sögn Guardian.

Mannréttindasamtök á borð við Amnesty International vara við hertum aðgerðum. Þau benda á að þegar Thaksin Shinawatra, bróðir núverandi forsætisráðherra, gegndi sama embætti fyrir að verða áratug, hafi hann látið her og lögreglu ganga hart fram gegn eiturlyfjasmyglurum og fíkniefnasölum. Talið er að á þriðja þúsund manns hafi verið teknir af lífi án dóms og laga. Komið hefur í ljóst að á þremur mánuðum eftir að viðurlög voru hert gegn eiturlyfjum í landinu árið 2003 hafi rúmlega 2.500 manns verið drepnir. Lögregla kenndi glæpahópum um ódæðið.

- jab

### Glæpamaður af verstu gerð

Brynjar Mettinisson, 25 ára karlmaður, var handtekinn í lok maí í Bangkok, höfuðborg Taílands, vegna gruns um aðild að smygli á fíkniefnum til Japan. Hann situr nú ytra í gæsluvarðhaldi þar til réttað verður í máli hans í ágúst. Brynjar ber rautt armband um handlegg sinn og er það merki um að hann sé flokkaður sem glæpamaður af verstu gerð.

## Nokkur helstu atriði nýju stefnunnar

**Framseljanlegir kvótar**
Frá og með 2014 fá togarar og önnur veiðiskip sem eru lengri en 12 metrar úthlutað veiðihlutdeild til að minnsta kosti fimmtán ára, sem eigendur kvótans geta leigt eða selt, en þó ekki milli ríkja. Ríkjum verður heimilt að innheimta gjald fyrir kvótann og leggja í sjóð.

**Áætlanagerð**
Fiskveiðiáætlun verður gerð til nokkurra ára í senn og nær yfir veiðar á nokkrum fisktegundum saman, í stað þess að veiðin og úthlutun veiðihlutdeildar verði áfram áætluð fyrir eina fisktegund til eins árs.

**Stuðningur við minni útgerð**
Gert er ráð fyrir sérstökum stuðningi við smábátaútgerð vegna félagslegs mikilvægis hennar í sjávarbyggðum. Stuðningurinn verður fjárhagslegur, en einnig verður heimilt að undanþiggja smábátaútgerð kvóta og einnig geta ríkin takmarkað veiðar innan 12 sjómílna.

**Minni miðstýring**
Löggjafinn í Brussel setur veiðunum meginreglur og markmið, en aðildarríkin útfæra veiðarnar innan almenna rammans. Gert er ráð fyrir svæðisbundinni samvinnu ríkja, en yfirstjórn ESB getur brugðist við ef samkomulag tekst ekki milli ríkja eða ef almennu markmiðunum er ekki náð.

**Brottkast bannað**
Brottkast fisks verður bannað, öllum veiddum fiski þarf að landa og eiga stjórnvöld að sjá til þess að um borð í skipum verði búnaður til að fylgjast náið með allri veiði.

**Neytendavernd**
Neytendavernd tryggð með betri upplýsingagjöf og nákvæmari vörumerkingum. Meðal annars verði greinilega merkt hvar og hvenær fiskurinn var veiddur, og hvort hann er ferskur eða þíddur.

**Sjálfbærni og alþjóðleg ábyrgð**
Meginmarkmið nýju fiskveiðistefnunnar er að fiskveiðar verði sjálfbærar og umhverfisvænar. Evrópusambandið á jafnframt að fylgja þeirri stefnu í samningum við önnur ríki.

inn í nema ágreiningur verði óleysanlegur. „Ef samkomulag liggur fyrir þá erum við skuldbundin til að fara eftir þeirri áætlun.“

Framkvæmdastjórnin afgreiddi og kynnti tillögurnar í gær, en undanfarin misseri hefur verið lögð mikil vinna í smíði þeirra. Nú verða þær kynntar bæði í ráðherraráði Evrópusambandsins og á Evrópuþinginu.

gudsteinn@frettabladinu.is

Símhleranahneykslið í Bretlandi vindur upp á sig:

# Murdoch fellur frá yfirtökunni á Sky

**LONDON, AP** Fjölmiðlasamsteypa Ruperts Murdoch, News Corp, hefur fallið frá yfirtökutilboði sínu í breska fjölmiðlafyrirtækið BSkyB sem meðal annars rekur Sky sjónvarpsstöðvarnar. Uppljóstranir um að dagblaðið News of the World, sem er í eigu Murdochs, hafi kerfisbundið beitt símhlerunum til að komast yfir upplýsingar hafa skekið fjölmiðlaveldi hans síðustu daga.

Nokkrum klukkustundum áður en tilkynning þess efnis barst hafði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnt að óháð rannsókn skyldi fara fram á framferði News of the World. Stjórnmálamenn úr öllum flokkum í Bretlandi hafa síðustu daga lýst yfir efasemdum um skynsemi þess að leyfa yfirtöku News Corp á BSkyB í ljósi uppljóstrananna.

Átta hafa verið handteknir undanfarna daga í tengslum við hlerunarhneykslið en enginn ákærður. Á meðal þeirra handteknu er Andy Coulson, fyrrum ritstjóri News of the World, sem þar til í janúar gegndi starfi samskiptastjóra Camerons.

Auk staðfestra ásakana um að hafa hlerað síma frægra einstaklinga hefur komið í ljós að símar nokkurra fórnarlamba glæpa sem og fjölskyldna þeirra voru einnig hleraðir. Þá hafa einnig komið fram ásakanir um mútur frá blaðinu til lögreglumanna.

Hinn ástralski Rupert Murdoch er talinn vera meðal valdamestu manna heims. Bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum hafa stjórnmálamenn lagt mikið upp úr góðu sambandi við hann og má í því samhengi nefna Margaret Thatcher og Tony Blair í Bretlandi.

Fjölmiðlaveldi Murdochs er næststærsta fjölmiðlafyrirtæki heims, á eftir Disney, og teygir anga sína víða um heim. Undir hatti News Corp eru gefin út hundruð blaða, tímarita og sjónvarpsstöðva en meðal þekktustu vörumerkja þess eru The Sun og The Times í Bretlandi, Wall Street Journal og New York Post í Bandaríkjunum auk sjónvarpsstöðvarinnar Fox News í Bandaríkjunum. - mþl



**FJÖLMIÐLAMÓGÚLL** Fjölmiðlaveldi Ruperts Murdoch er það næststærsta í heimi á eftir Disney. MYND NORDICPHOTOS/AFP




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1087

„Nú verð ég að vera snöggur“

50% afsláttur af lántökugjöldum út júlí

Íslandsbanki Fjármögnun hefur tekið upp nafnið Ergo. Við bjóðum fjármögnunarleiðir fyrir bíla og ferðavagna og sértækar lausnir við fjármögnun atvinnutækja af öllum stærðum og gerðum.

Notaðu næstu daga til að finna draumabílinn. Ergo hjálpar til með því að veita 50% afslátt af lántökugjöldum út júlí á bílalánum og bílasamningum.

Reiknaðu með okkur

Dæmi
Þú tekur 3 milljóna króna lán til 7 ára
þú sparar 52.500 krónur

Ergo › fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka
Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400
www.ergo.is › ergo@ergo.is

ergo

# neytendur
hagur heimilanna

**3.087 KRÓNUM** eyddi meðalheimilið í fisk á mánuði árið 2009. Árið 2002 eyddi meðalheimilið 2.442 krónum í fisk á mánuði.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Stíflaður vaskur

*Matarsódi og edik virka*



Ef vaskurinn þinn er stíflaður gæti þetta húsráð verið eitthvað fyrir þig. Settu fyrst hálfan bolla af matarsóda ofan í niðurfallið og svo heilan bolla af ediki. Þegar hættir að freyða skolaðu þá með heitu vatni. Bíddu í fimm mínútur og skolaðu svo aftur en núna með köldu vatni.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið




Þú færð Fréttablaðið á 26 stöðum á Suðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

| | |
|---|---|
| Olís, Höfn | Bónus, Hveragerði |
| N1, Höfn | Samkaup Strax, Laugarvatni |
| Nettó, Höfn | Samkaup Strax, Flúðum |
| N1 Fossnesti, Selfossi | Olís, Hellu |
| Minni Borg, Selfossi | Söluskálinn Landvegamótum, Hellu |
| Bónus, Selfossi | N1, Hvolsvelli |
| Olís, Selfossi | N1, Vík |
| Krónan, Selfossi | N1, Vestmannaeyjum |
| Samkaup Úrval, Selfossi | Olís, Vestmannaeyjum |
| Litla Kaffistofan, Ölfusi | Skýlið ehf, Vestmannaeyjum |
| Þrastalundur, Selfossi | Vöruval ehf, Vestmannaeyjum |
| Verslunin Árborg N1, Selfossi | Krónan, Vestmannaeyjum |
| N1, Hveragerði | Kjarval, Vestmannaeyjum |

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


# Óhrein innkaupakarfa gróðrarstía baktería

**Innkaupakörfur í matvöruverslunum eru stundum svo óhreinar að ekki ætti að setja matvæli í þær. Þetta er mat sérfræðings hjá háskólanum Metropol í Danmörku eftir könnun í nokkrum verslunum þar í landi. Allur gangur er á þrifum innkaupakarfa í íslenskum matvöruverslunum.**



**INNKAUP** Ef innkaupakarfan er óhrein ætti ekki að setja matvæli án umbúða í hana.

„Við höfum bent matvöruverslunum á að það þurfi að halda körfunum hreinum eins og öðru í verslununum. Þetta þurfi að vera á þrifaáætlun, það er að segja undir innra eftirliti verslunarinnar,“ segir Jón Ragnar Gunnarsson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Hann segir heilbrigðiseftirlitið hafa lagt meiri áherslu á þetta að undanförnu en áður en þó sé allur gangur á því hversu oft sé þrifið. „Við gerum athugasemdir við þetta þegar þörf er á.“

Michael René, sem er sérfræðingur í meðferð matvæla, segir í viðtali við danska blaðið 24stundir að heilsu viðskiptavinanna sé stefnt í voða vegna óhreinindanna í innkaupakörfunum.

Bakteríur úr mold og safi sem lekið hefur úr umbúðum utan af frosnum kjúklingum geti valdið alvarlegri eitrun.

Innkaupakörfur sem hægt er að draga eftir gólfinu eru sérstaklega varhugaverðar, að því er könnun sérfræðingsins leiddi í ljós.

Hjólin á körfunum þyrla upp ryki af búðargólfinu og í gegnum botn körfunnar. Óhreinindin sem koma undir botninn setjast svo ofan í botninn á næstu körfu þegar körfunum er staflað upp.

Þegar óhreinindi frá skósólum blandast til dæmis kjötsafa, leifum af rotnu grænmeti eða ávöxtum og notuðum pappírshandþurrkum í körfunum myndast gróðrarstía fyrir bakteríur, að því er René bendir á.

Þess vegna sé ástæða til þess að þvo ávexti og grænmeti sem ekki eru í umbúðum sérstaklega vel fyrir neyslu. Hann bendir jafnframt á að matvæli í pappírspokum, eins og til dæmis haframjöl, eigi ekki að setja í óhreinar innkaupakörfur.

Hjá Bónus á Laugavegi geta viðskiptavinir rúllað litlum innkaupakörfum eftir gólfi verslunarinnar. Körfurnar eru þrifnar reglulega, að sögn Lilju Vignisdóttur aðstoðarverslunarstjóra. „Samkvæmt þrifaplaninu okkar er það einu sinni í viku,“ segir hún. **ibs@frettabladid.is**

Hægt að rækta kryddjurtir í eldhúsglugganum allt árið um kring ef birta er næg:

# Best að sá sjálfur fyrir jurtunum

Til þess að basilplönturnar í glugganum endist sem lengst þarf að taka toppinn af þeim. Séu einungis blöðin rifin af vill plantan fara að blómstra, að því er Jóhanna B. Magnúsdóttir garðyrkjufræðingur greinir frá.

„Kóríander og dill endist ekki jafnlengi og basil en þá er um að gera að sá fyrir þessum kryddjurtum á hálfsmánaðar eða þriggja vikna fresti í pott og jafnvel í sama pott og jurt er fyrir í. Kóríander og dill er tíu daga að spíra. Eftir þrjár til fjórar vikur er svo hægt að nota jurtirnar.“

Að sögn Jóhönnu á að vera hægt að rækta kryddjurtir í glugganum allan ársins hring ef birtan er næg. Hún útilokar ekki að unnt sé að rækta salat innanhúss. „Ég vil ekki segja að það sé ekki hægt en það er hæpið vegna innanhússhitans. Þetta fer þó eftir aðstæðum og ef menn geta verið með salat í mjög köldu herbergi er það ef til vill mögulegt. En ég segi fullum fetum að ekki sé hægt að rækta kálplöntur í íbúðarglugga.“

Jóhanna mælir með því að menn sái sjálfir fyrir kryddjurtunum vegna flugu sem oft fylgir jurtum sem keyptar eru. „Fluga er viðvarandi vandamál í mörgum gróðurhúsum en ef menn kaupa mold og fræ og sá sjálfir eru minni líkur á að flugan geri vart við sig.“

Ein leið til að reyna að losna við flugu er að þvo plöntuna, skipta um efsta lag moldarinnar og þvo gluggann. Best er þó að byrja upp á nýtt, að sögn Jóhönnu. **-ibs**



**GÓÐ KRYDDJURT** Basil á að vera hægt að rækta í glugga allan ársins hring.

**NEYTANDINN:** RAGNAR BJARNASON SÖNGVARI

## *Tók leigubíl og seldi bílinn í leiðinni*



Það stóð ekki á svari hjá Ragnari Bjarnasyni söngvara þegar Fréttablaðið innti hann eftir bestu kaupum hans. „Ég held ég sé bara að gera þau núna í þessum töluðum orðum,“ svaraði hann. „Ég er í Herragarðinum að kaupa mér þetta fína bindi á þúsundkall.“ En hann þarf aðeins að fá að hugsa sig um þegar spurt er um ófarir neytandans. „Jú, mín verstu kaup gerði ég líklega í kringum 1950 en þá keypti ég Dodge, að mig minnir, en það virkaði ekkert í honum. Hann var eins ónýtur og hægt var en þar sem ég var að drífa mig svo svakalega þá fór það alveg framhjá mér,“ segir hann og hlær við. „En það var ekkert að útlitinu, hann lúkkaði vel,“ bætir hann við.

Ragnar er þó ekki einungis snar í bílakaupum því hann getur verið enn fljótari við sölu á þeim. „Eitt sinn tók ég leigubíl niður í bæ og þegar við keyrðum framhjá bíl sem ég átti þá benti ég leigubílstjóranum á hann og sagði: „Þetta er bíllinn minn, viltu ekki bara kaupa hann?“ Og hann hafði engar vöflur á en keypti bara bílinn í gegnum gluggann og greiddi hann meira að segja þegar við vorum komnir á leiðarenda. Hann var svo ennþá fljótari að þessu en ég þegar ég keypti Dodgeinn forðum daga.“

Að svo búnu varð Fréttablaðið að sleppa söngvaranum enda komið að því að borga bindið.

# Vorum að fá sendingu af sófum og sófasettum



**KAK 1281 Tungusófi í leðri 529.000,- nú 423.200,-**
**Litir: svart og kastaníubrúnt**
**Stærð: 282 x103 x173 cm**



KAK 1365 3+1+1 í leðri 529.800,- nú 423.840,-
Litir: Svart, hvítt og grátt
Stærðir: 3ja sæta sófi 205 x 91 cm Stóll 95 x 91 cm



KAK 1365 Tungusófi í leðri 429.000,- nú 343.200,-
Litir: Svart, hvítt, grátt og brúnt
Stærð: 295 x 91 x 163 cm



KAK 1166 Hornsófi í leðri 710.000,- nú 568.000,-
Litur: Dökkgrátt
Stærð: 265 x 260 x 75/97 cm



KAK 015
4+3 í leðri 1.129.000,- nú 903.200,- Litur: Svartur
4+3 í áklæði 739.000,- nú 591.200,- Litur: Grátt



HTL 1996 Tungusófi í leðri 398.000,- nú 318.400,-
Litir: Svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 160 x 99 cm



HTL 2335 Tungusófi í leðri 455.000,- nú 364.000,-
Litir: svart, hvítt og brúnt
Stærð: 260 x 165 x 100 cm

**20% stgr.afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

mood lifum
GALLERY GOLF
PARKET • FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**48% AFSLÁTTUR**
COLUMBIA COREMIC RIDGE KVEN- OG KARLASTÆRÐIR
VERÐ KR.
**13.900**
ÁÐUR 26.990



**20%** AFSLÁTTUR AF **DEVOLD** ÚTIVISTARFATNAÐI



**20%** AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM VEIÐIVÖRUM**



# SUMARM

**27% AFSLÁTTUR**
CAMPING PALLAHITARI
VERÐ KR.
**32.900**
ÁÐUR 44.990



**33% AFSLÁTTUR**
ELLINGSEN GASOFN
VERÐ KR.
**19.900**
ÁÐUR 29.900



**18% AFSLÁTTUR**
EL PRADO GASGRILL
VERÐ KR.
**32.900**
ÁÐUR 39.900



**32% AFSLÁTTUR**
COLEMAN SVEFNPOKI ATOM X940
VERÐ KR.
**8.790**
ÁÐUR 12.990



**36% AFSLÁTTUR**
COLEMAN TJALD ALASKA
VERÐ KR.
**15.900**
ÁÐUR 24.900



**13% AFSLÁTTUR**
PRIMUS TJALDHITARI
VERÐ KR.
**7.990**
ÁÐUR 9.244



**35% AFSLÁTTUR**
PRIMUS POTTASETT
VERÐ KR.
**2.490**
ÁÐUR 3.800



**35% AFSLÁTTUR**
CAMPING KÆLIBOX 36 LÍTRA
VERÐ KR.
**18.900**
ÁÐUR 28.990



**35% AFSLÁTTUR**
COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL
VERÐ KR.
**6.490**
ÁÐUR 9.990



**39% AFSLÁTTUR**
COLEMAN BORÐ 6 Í 1
VERÐ KR.
**7.900**
ÁÐUR 12.900



**50% AFSLÁTTUR**
COLEMAN BENSÍN-ELDUNARHELLA
VERÐ KR.
**9.900**
ÁÐUR 19.990



**34% AFSLÁTTUR**
CAMPING GRILLBURSTI
VERÐ KR.
**695**
ÁÐUR 1.049



PIPAR\TBWA • SÍA • 111723



Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR AF CHAR-BROIL GRILL-AUKAHLUTUM
25% AFSLÁTTUR AF GÖNGUSKÓM
MARKAÐUR
ELLINGSEN
15% AFSLÁTTUR
COLEMAN FERÐAGASGRILL
VERÐ KR.
42.900
ÁÐUR 49.900
25% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA OG DIDRIKSON ÚTIVISTARFATNAÐI
25% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS JAKKI, BUXUR OG FLÍSPEYSA
VERÐ KR.
18.735
ÁÐUR 24.980
36% AFSLÁTTUR
COLEMAN LOFTDÝNA
VERÐ KR.
3.490
ÁÐUR 5.490

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ógnar starfsemi fleiri fyrirtækja öryggi íbúa?

# Tímaskekkjur í skipulaginu

Eftir annan brunann á sjö árum í endurvinnslustöð Hringrásar við Klettagarða hljóta borgaryfirvöld í Reykjavík að skoða vel hvort ástæða sé til að finna fyrirtækinu nýjan stað. Hringrás stundar mikilvæga starfsemi en hún á ekki heima ofan í íbúðahverfi.

Í brunanum aðfaranótt þriðjudags átti það sama við og í brunanum 2004 (og raunar líka þegar kveikt var í dekkjahaug fyrirtækisins á Akureyri 2007) að hagstæð vindátt bjargaði því að ekki fór miklu verr. Baneitraðan reykinn frá brennandi dekkjum hefði getað lagt til norðurs yfir þétta íbúðabyggð, þar með talin dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra, með tilheyrandi raski, heilsu- og eignatjóni.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Bruninn 2004 varð meðal annars vegna þess að skilmálum starfsleyfis Hringrásar hafði ekki verið fylgt, byggingin þar sem eldurinn kom upp var ósamþykkt og tilmælum eftirlitsstofnana um að minnka gríðarlegan dekkjahaug á lóð fyrirtækisins var ekki sinnt. Í framhaldinu voru eftirlitsstofnunum fengin ný þvingunarákvæði með lögum og skilyrði fyrir endurnýjuðu starfsleyfi Hringrásar við Klettagarða voru hert mjög.

Eftir þeim hefur verið farið að undanförnu, sem auðveldaði slökkviliðinu að ná tökum á ástandinu. Þó er ekki lengra en þrjú ár síðan að Heilbrigðiseftirlitið átaldi fyrirtækið fyrir að haugurinn væri orðinn stærri en leyfilegt var og gerði því að minnka hann. Forsvarsmenn Hringrásar ættu því ekki að setja upp of gildan geislabaug í þessu máli.

Sterkur grunur leikur á að kveikt hafi verið í dekkjahaug Hringrásar. Einar Ásgeirsson, forstjóri fyrirtækisins, segir í Fréttablaðinu í gær að ekki sé hægt að tryggja sig fyrir mannlegum breyzkleika. Brennuvargar gætu látið til sín taka á bílastæðinu við Kringluna eða olíutankana í Örfirisey. Þetta er út af fyrir sig rétt, en menn geta heldur ekki horft framhjá því að á svæði Hringrásar eru hundruð tonna af mjög hættulegum og mengandi eldsmat geymd undir beru lofti, skammt frá heimilum þúsunda Reykvíkinga. Það er þá lágmarkskrafa að haga öryggi og eftirliti þannig að íkveikja sé ekki auðveld.

Viðhorf til nábýlis mengandi eða hættulegs atvinnurekstrar og íbúðabyggðar hafa breytzt mikið á undanförnum árum, bæði hér á landi og erlendis. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi var einu sinni langt utan við borgina, en eftir að Grafarvogshverfið óx utan um hana var framleiðslu þar hætt fyrir nokkrum árum, reyndar í kjölfar alvarlegra slysa og óhappa. Fyrir aðeins tveimur áratugum stóð við Sundahöfn, steinsnar frá athafnasvæði Hringrásar, síldar- og fiskimjölsverksmiðjan á Kletti, sem spúði óþef yfir stóran hluta borgarinnar í vissum vindáttum. Slíkt þætti óhugsandi í dag. Það er álíka mikil tímaskekkja í skipulaginu að geyma tugi þúsunda gamalla dekkja í næsta nábýli við íbúðabyggð.

Um leið og borgaryfirvöld endurmeta málefni Hringrásar er tilefni til að gera rækilega úttekt á því hvort starfsemi annarra fyrirtækja í borgarlandinu geti skapað sambærilega hættu fyrir íbúana – og taka ákvarðanir í skipulagsmálum í samræmi við niðurstöðuna.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alþjóðlegur belgingur

Fátt þykir gómsætara þrætuepli en hvalveiðar. Þær hafa lengi verið umdeildar. Ekki alls fyrir löngu leyfði sjávarútvegsráðherra hvalveiðar daginn sem hann hætti með þeim rökum að útlendingar ættu ekki að vera að þenja sig og segja stoltum Íslendingum fyrir verkum. Þá varð allt vitlaust, einu sinni sem oftar. Á vefritinu Múrnum birtist pistill þar sem hegðun ráðherrans var gagnrýnd og hún sögð geta rústað ímynd landsins. Greininni lýkur á þessum orðum: „Það vekur ekki traust á núverandi ráðamönnum hér á landi að þeir séu tilbúnir að fórna þeim hagsmunum fyrir alþjóðlegan belging.“ Það var hraustlega mælt.



### Sjálfstæði Íslendinga

Allt eins mætti ljúka pistli á nákvæmlega sama hátt í dag. Samt hefur verið skipt um ríkisstjórn í millitíðinni. Jón Bjarnason sagði í gær að hvalveiðar snerust um sjálfstæði Íslendinga. Það ættu að vera hæg heimatökin fyrir pistlahöfundinn frá því fyrir fimm árum að lesa aðeins yfir hausamótunum á hinum nýja ráðherra. Hann heitir nefnilega Katrín Jakobsdóttir og situr með Jóni Bjarnasyni í ríkisstjórn.

### Landráðakonan Jóhanna

Jóhanna Sigurðardóttir átti á mánudaginn spjall við Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Þær ræddu meðal annars Evrópumál, sem vonlegt var. Jóhanna fór á hlaupum yfir það hvað Íslendingar vonuðust til að fá út úr viðræðunum. Þetta þykir flestum eðlilegt.



En ekki samtökunum Heimssýn. Á bloggsíðu þeirra er Jóhanna sökuð um landráð fyrir að ljóstra upp slíku hernaðarleyndarmáli. Einu sinni var litið á Heimssýn sem hinn marktæka pólinn í umræðunni um Evrópumál. Ætli megi ekki slá því föstu að sú tíð sé nú liðin.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þjóð, kirkja og traust


Trúmál



Árni Svanur Daníelsson

prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir

prestur


Nú liggur fyrir útkoma út þjóðarpúlsi Capacent Gallup, þar sem spurt var um traust almennings til þjóðkirkjunnar og biskups Íslands. Svarið liggur fyrir: Of fáir treysta. Við sem störfum í þjóðkirkjunni höfum fylgst með því hvernig traustið til hennar sem stofnunar hefur dalað í skoðanakönnunum, oft í öfugu hlutfalli við það sem við reynum í samskiptunum í söfnuðunum okkar.

Það má ekki gleymast í þessari umræðu að þjóðkirkjan er fyrst og fremst fólkið sem tekur þátt í starfi safnaðanna um allt land, en ekki stofnun og skipulag, biskupar og prestar. Þjóðkirkjan er hreyfing karla og kvenna sem leyfa boðskap Jesú frá Nasaret að móta líf sitt til góðs fyrir heiminn. Hreyfing sem starfar um allt land.

Stofnunin þjóðkirkjan þarf að vita hvað veldur því að traust til hennar og æðsta embættismanns hennar er jafnlítið og raun ber vitni. Er skýringa að leita í almennri traustskreppu í samfélaginu? Er fólk sátt við hvernig tekið var við skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings? Hefur kirkjan tekið nægilegt frumkvæði í uppbyggingunni eftir Hrunið? Hefur kirkjan staðið sig í jafnréttis- og umhverfismálum? Hvers vegna er afstaða þjóðarinnar til stofnunarinnar önnur en til starfsins í söknarkirkjunni og nærsamfélaginu?

> Stofnunin þjóðkirkjan þarf að vita hvað veldur því að traust til hennar og æðsta embættismanns hennar er jafnlítið og raun ber vitni.

Hugtakið „aggiornamento“ hefur verið notað yfir það sem umbreytist úr gömlu í nýtt. Í samhengi þjóðkirkjunnar þýðir þetta að kirkjan uppfæri sig til dagsins í dag. Þannig getur boðskapur hennar um frelsi manneskjunnar og umhyggju Guðs hitt okkur í hjartastað og borið ávöxt.

Skoðanakannanir um traust til kirkjunnar segja okkur að slík uppfærsla sé nauðsynleg. Þótt okkur hugnist ekki niðurstöðurnar, leiðum við þær ekki hjá okkur. Skilaboðin eru skýr og kirkjan bregst við þeim.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Saga frá Keníu

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Fjórum sinnum hef ég komið til Keníu. Þegar ég kom þangað fyrst 1979, lék allt í lyndi á yfirborðinu. Efnahagur landsins hafði vænkazt til muna frá sjálfstæðistökunni 1963, langt umfram löndin í kring. Friður og ró ríktu um landið að loknum hörðum átökum og hryðjuverkum, sem mörkuðu sjálfstæðisbaráttuna við Breta. Undir yfirborðinu bærðust óánægjuöldur einkum vegna misskiptingar af völdum spilltrar ríkisstjórnar, sem hafði sölsað undir forsetann og menn hans miklar landareignir. Spillingin birtist meðal annars í einræðistilburðum framkvæmdarvaldsins gagnvart veiku löggjafarvaldi og meðfylgjandi skeytingarleysi um hag fólksins í landinu, einkum hinna fátækustu.

Dómskerfið virtist mörgum vera ofurselt framkvæmdarvaldinu. Mörgum virtust dómarar vera hægvirkir, flokksholir, spilltir, ónæmir fyrir ranglæti, óhæfir og hallir undir ríkisstjórnina. Ástand dómskerfisins versnaði eftir 1980, þegar ríkisstjórnin lét fangelsa gagnrýnendur sína í stórum stíl án dóms og laga eða í kjölfar sýndarréttarhalda, sem voru haldin utan venjulegs réttarfars og lyktaði nær ævinlega með sektardómi og fangavist hinna ákærðu.

**Fyrsta tilraun tókst ekki**

Árið 2003 hafði traust almennings til dómstólanna í Keníu sokkið niður á hyldýpi. Til að reyna að endurvinna traust almennings skipaði forseti Hæstaréttar rannsóknarnefnd til að kanna ásakanir um spillingu í dómskerfinu. Samkvæmt tillögum nefndarinnar var um helmingi dómara Hæstaréttar og áfrýjunardómstólsins, sem er millidómstig, vikið frá störfum. Þessi róttæki uppskurður mistókst, þar eð flestir hinna brottreknu dómara áfrýjuðu frávikningunni til Hæstaréttar og áfrýjunardómstóla og endurheimtu embætti sín. Þessi málalok urðu til þess, að almenningur bar engu meira traust til dómstólanna en áður. Upp úr sauð 2008, þegar forseti landsins lýsti sig sigurvegara að loknum tvísýnum kosningum. Helzti keppinautur forsetans neitaði að játa sig sigraðan og bar við kosningasvikum. Frekar en að mælast til, að dómstólar skæru úr deilunni, hvatti keppinauturinn, sem nú er forsætisráðherra, stuðningsmenn sína til mótmæla á götum úti til að neyða forsetann frá völdum. Keppinauturinn bar því við, að hann bæri ekki traust til dómskerfisins og með því að leita þangað hefði hann aðeins gefið forsetanum færi á að leggja blessun dómstóla yfir fölsuð kosningaúrslit. Þessu fylgdu óeirðir, sem kostuðu yfir þúsund manns lífið.

> Vonir standa til, að þessi gegnsæja aðferð við val á hæstaréttardómurum stuðli að auknu trausti almennings á dómskerfinu í Keníu og auknu sjálfstæði dómstóla gagnvart framkvæmdarvaldinu. Vonin er sú, að Kenía geti orðið fullburða réttarríki.

**Næsta tilraun: Ný stjórnarskrá**

Í fyrra (2010) samþykkti keníska þjóðin nýja stjórnarskrá, sem var einkum ætlað að endurreisa traust almennings á dómskerfinu. Einn af hornsteinum nýju stjórnarskrárinnar er dómsmálakaflinn, sem kveður á um sjálfstæða og skilvirka dómstóla og að þeir skuli virða meginreglur réttarríkisins. Í þessu skyni var kveðið á um, að forseti Hæstaréttar skyldi víkja sæti og forseti landsins þyrfti við skipun nýs forseta Hæstaréttar að virða tillögur sérstakrar stjórnsýslunefndar og hljóta samþykki þingsins. Í janúar 2011 skipaði forsetinn samt á eigin spýtur nýjan forseta Hæstaréttar með gamla laginu. Hörð mótmæli almennings neyddu forsetann til að draga skipunina til baka og vísa málinu til stjórnsýslunefndarinnar í samræmi við nýju stjórnarskrána frá 2010. Nefndin auglýsti stöður forseta og varaforseta Hæstaréttar í dagblöðum og á vefnum. Margar umsóknir bárust, meðal umsækjenda voru nokkrir innlendir dómarar og útlendingar. Nefndin bjó til stuttan lista með nöfnum nokkurra hæfustu umsækjendanna í hópnum og bauð þeim í viðtal í beinni útsendingu sjónvarps, svo að almenningur gæti fengið að kynnast þeim, ferli þeirra og viðhorfum til laga og réttar. Að því loknu mælti nefndin með dr. Willy Mutunga og Nancy Barasa við þingið, sem ræddi málið í þaula fyrir opnum tjöldum. Almenningi var boðið að segja álit sitt. Umsækjendum bauðst að svara gagnrýni, sem fram kom. Að þessu loknu samþykkti þingið tillöguna fyrir sitt leyti, og forseti landsins skipaði dr. Mutunga og Barasa í dómarastöðurnar 17. júní 2011. Ég var á Hrafnseyri þann dag.

**Gegnsæi til að endurvinna tapað traust**

Vonir standa til, að þessi gegnsæja aðferð í val á hæstaréttardómurum stuðli að auknu trausti almennings á dómskerfinu í Keníu og auknu sjálfstæði dómstóla gagnvart framkvæmdarvaldinu. Vonin er sú, að Kenía geti orðið fullburða réttarríki, þar sem venjulegt fólk þarf ekki að hika við að leita réttar síns fyrir dómstólum. Þetta er spurning um að endurvinna tapað traust.

## AF NETINU

### Eiga ráðherrar að segja af sér þingmennsku?

B-nefnd stjórnlagaráðs er nú að kynna breytingar á fyrri tillögum sínum um Alþingi, ríkisstjórn og fleira.

Þar er eitt mál ennþá óútkljáð, enda hefur stjórnlagaráðinu gengið illa að koma sér upp afgerandi skoðun á þessu sviði.

Það snýst um setu ráðherra á þingi. Nú er meirihluti ráðsins kominn að þeirri niðurstöðu að ráðherrar eigi ekki að sitja á Alþingi meðan þeir gegna starfi. Þetta mun vafalaust hafa þau áhrif að utanþingsráðherrum fjölgar, en eftir sem áður munu ýmsir þingmenn verða ráðherrar.

blog.eyjan.is/illugi

**Illugi Jökulsson**

### Spillingarnet Murdochs

Rupert Murdoch var sérstakur vinur Margaret Thatcher. Hann hélt meira að segja jól með henni. Um hann er samt ekki orð í ævisögu hennar. Fjölmiðlar Murdochs snerust gegn John Major – og studdu Tony Blair til að verða forsætisráðherra.

Þeir lögðu hins vegar Gordon Brown í einelti. Brown var skíthræddur við Murdoch-pressuna.

David Cameron er besti vinur Rebekah Brooks, sem er forstjóri News Incorporated, fyrirtækis Murdochs. Og jú, þau eru saman á jólunum. Cameron réð Andy Coulson, ritstjóra News of the World, sem talsmann sinn. Hann varð að segja af sér eftir að símhleranmálin komust í hámæli. Símhleranirnar hafa nú reynst vera miklu víðtækari og alvarlegri en fyrst var haldið.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-0733

Skráning er hafin á marathon.is

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur, 20. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og með boðhlaupi er hægt að skipta heilu maraþoni milli 2–4 hlaupara.




Hlaupastyrkur – hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu.
Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.

Íslandsbanki
- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

# Nýjasta tækni og vísindi nauðsynleg atvinnulífinu

Evrópa



Jürgen R. Thumann
forseti BUSINESSEUROPE, samtaka atvinnulífsins í Evrópu


Vilmundur Jósefsson
formaður Samtaka atvinnulífsins


Helgi Magnússon
formaður Samtaka iðnaðarins


Alkunna er hversu mikilvægar tæknilegar framfarir eru fyrir hagvöxt. Á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði hefur í gegnum tíðina orðið til þekking sem skilað hefur mikilli velmegun. Þegar horft er um öxl má benda á fjölmörg dæmi um nýjungar sem nánast umbyltu daglegu lífi okkar og breyttu viðhorfum til margvíslegra viðfangsefna. Og eitt er víst, fjölmörg knýjandi verkefni bíða úrlausnar.

### Dragbítur á hagvöxt

Í nýrri viðhorfskönnun meðal aðildarfélaga BUSINESSEUROPE, samtaka atvinnulífsins í Evrópu, kemur fram með mjög skýrum hætti að skortur á vísinda- og tæknimenntuðu starfsfólki gæti orðið einn helsti dragbítur á hagvöxt í álfunni á komandi árum. Við fyrstu sýn mætti ætla að nokkur framför hefði orðið á þessu sviði þar sem fjöldi háskólanema á vísinda- og tæknibrautum hefur aukist nokkuð í heild. En í raun hefur hlutfall þeirra þó farið lækkandi, eða úr 24,8% þeirra sem útskrifuðust á árinu 1999 niður í 22,7% árið 2005. Á Íslandi vantar atvinnulífið sárlega iðn- og tæknimenntað fólk og útskrifa þarf mun fleiri úr framhaldsskólum sem geta lagt atvinnulífinu lið á fjölmörgum sviðum.

### Aldurinn færist yfir

Breyting á aldurssamsetningu þjóða mun að óbreyttu hafa veruleg áhrif á þekkingu á vísindasviðinu. Til að mynda sýna kannanir að óvenju hátt hlutfall eðlisfræðikennara á háskólastigi eru að láta af störfum á næstu árum innan Evrópusambandsins. Í atvinnulífinu liggur ljóst fyrir að mikil þörf verður á að finna vel menntað starfsfólk á sviði vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði til að ganga í störf þeirrar kynslóðar sem núna er smám saman að setjast í helgan stein.

### Skortur á tæknimenntuðu fólki

Sú kynlega staða er komin upp í Evrópu að þrátt fyrir að víða sé viðvarandi mikið atvinnuleysi ríkir almennur skortur á tæknimenntuðu starfsfólki. Þetta misræmi á vinnumarkaði má mæla með ýmsum hætti. Til að mynda í Belgíu þar sem skortur á verkfræðingum er slíkur að fyrir tveimur árum voru um 2.500 laus störf á þessu sviði sem ekki tókst að ráða í. Nýleg könnun ráðningarþjónustunnar USG meðal starfsmannastjóra í Evrópu sýnir enn fremur að mikill meirihluti þeirra telur að ástandið eigi enn eftir að versna. Ekki bætir úr skák að fátt er að vísindamenn sem búa yfir dýrmætri reynslu og þekkingu flytjist til Evrópu frá öðrum heimshornum.

### Úr vörn í sókn

Samtök í evrópsku atvinnulífi og aðildarfyrirtæki þeirra hafa nú tekið höndum saman um að finna ráð til að fjölga starfsmönnum með vísinda- og tæknimenntun á evrópskum vinnumarkaði. Evrópusamtök iðnaðarins hafa t.d. nýverið hafið markvisst kynningar- og fræðsluátak á þessu sviði þar sem meðal annars er stuðlað að því að háskólanemar fái góða kynningu á þeim fjölda áhugaverðra starfa sem bíða þeirra í atvinnulífinu eftir útskrift. Þýsku aðildarfélögin að BUSINESSEUROPE, BDI og BDA settu einnig árið 2008 á laggirnar áætlunina „MINT“ þar sem eftirspurn eftir sérhæfðu og vel menntuðu starfsfólki var sett á oddinn. Fengnir voru 3.500 sérstakir „sendiherrar“ vísinda- og tæknigeirans sem hafa síðan þá heimsótt þúsundir skóla og átt fræðslufundi með liðlega þremur milljónum námsmanna.

Vonir standa til að auka megi áhuga á vísindum og tækni í grunn- og menntaskólum með auknu fræðslustarfi. En til að svo megi verða, þurfa stjórnvöld, skólakerfið og atvinnulífið að vinna betur saman.

### Aukin gæði og forgangsröðun

Atvinnulífið í Evrópu telur að vísinda- og tæknimenntun eigi að setja í forgang í skólakerfinu. Á þetta hefur til að mynda verið bent í Bretlandi þar sem samtök atvinnulífsins þar í landi hafa lagt áherslu á hversu brýnt er að hlúa að vísindamenntun á háskólastiginu.

Stjórnvöld ættu að beina auknum krafti í verkfræði og raunvísindanám, sjá til þess að gæði námsins verði aukin og að leita eftir samráði við atvinnulífið. Það ætti einnig að vera á stefnuskrá stjórnvalda að auðvelda vísindamenntuðu starfsfólki erlendis frá að koma til starfa. Menntaáætlanir á vettvangi Evrópusambandsins og þar með á Evrópska efnahagssvæðinu ættu að styðja þessa stefnumörkun.

### Samkeppnishæft atvinnulíf nauðsynlegt

Helstu keppinautar Evrópu hafa augljóslega skipað verkfræði og raunvísindanámi í efsta sæti á aðgerðaáætlunum sínum. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld úthlutað eitt hundrað milljörðum dala í sérstaka endurreisnaráætlun þar sem bróðurparturinn fer í að styrkja nám, rannsóknir og framþróun á sviði vísinda og tækni. Framlag þjóða eins og Japans og Kóreu til vísindanáms mælt sem hlutfall af þjóðartekjum er einnig miklum mun hærra en meðal Evrópuríkja.

Aukinnar samkeppni gætir á þessu sviði frá löndum sem sækja hratt fram á efnahagssviðinu. Hlutur landa eins og Kína, Brasilíu og Indlands hefur aukist stórlega á undanförnum tuttugu árum. Framþróun þar hefur ekki einungis orðið til vegna þess að auknu fjármagni hefur verið beint í menntun heldur hefur framþróun á sviði vísinda og tækni verið beinlínis meginmarkmið í sjálfu sér.

### Bregðumst nú þegar við!

Forystumenn í Evrópu hafa hingað til tekið sér of mikinn tíma til að bregðast við skorti á vísinda- og tæknimenntuðu starfsfólki. Sú skoðun virðist ríkjandi að ástandið í Evrópu sé með ágætum. Þessu fer því miður fjarri. Löngu er kominn tími til að leggjast á árarnar og leita skynsamlegra leiða til að auka verulega framboð á hæfileikaríku og vel menntuðu starfsfólki sem nýtist atvinnulífinu í aukinni alþjóðlegri samkeppni.

# Ný þjóð er fædd

Utanríkismál



Ban Ki-moon
framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna


Laugardaginn 9. júlí gekk Lýðveldið Suður-Súdan til liðs við ríki heims. Erlendir tignarmenn hópuðust til höfuðborgarinnar Juba til að vera viðstaddir þegar fáni nýja ríkisins var dreginn að húni og fyrsti forsetinn Salva Kiir Mayardit tók við embætti.

Í janúar síðastliðnum ákváðu íbúarnir í sögulegri þjóðaratkvæðagreiðslu að segja skilið við aðra hluta Súdans. Leiðtogar bæði Norður- og Suður-Súdana eiga lof skilið fyrir að þetta fór fram með friðsamlegum hætti. En miklu hefur verið til kostað við fæðingu þessarar þjóðar. Mannfórnir hafa verið miklar og margir hafa hrökklast frá heimilum sínum á því tuttugu og eina ári sem borgarastríðið stóð yfir en því lauk ekki fyrr en 2005. Erlendu forsetarnir og forsætisráðherrarnir sneru aftur heim eftir sjálfstæðishátíðina, en heimamenn glíma við tröllauknar áskoranir.

### Eitt minnst þróaða ríkið

Við fæðingu mun ríki Suður-Súdana verma eitt af neðstu sætunum á öllum viðurkenndum listum yfir mannlega þróun. Tölfræðin talar sínu máli. Þarna er einn mesti mæðradauði á byggðu bóli í heiminum. Ólæsi meðal kvenna er meira en 80%. Meira en helmingur íbúa verður að klæða sig, fæða og útvega sér skjól fyrir andvirði minna en eins Bandaríkjadollara á dag – um 330 íslenskra króna. Tiltölulega ný og óreynd ríkisstjórn verður að takast á við fátækt, óöryggi og skort á mannvirkjum þótt stofnanir ríkisins séu vart farnar að taka tennur.

Ég kynntist þessum risavöxnu vandamálum frá fyrstu hendi þegar ég heimsótti Suður-Súdan í fyrsta skipti árið 2007. Einungis eitt hundrað kílómetrar af varanlegu slitlagi eru í landi sem þekur 620 þúsund ferkílómetra. Þegar litið er til allra þátta er mikil hætta á auknu ofbeldi á kostnað óbreyttra borgara og verulegum mannlegum þjáningum.

Á sama tíma hefur Suður-Súdan mikla möguleika. Landið býr yfir olíu, miklu ræktanlegu landi og áin Níl rennur um landið mitt. Suður-Súdan getur orðið stöndugt, sjálfbært ríki sem væri fullfært um að tryggja öryggi, þjónustu og atvinnu fyrir íbúana.

Eitt og sér er Suður-Súdan ófært um að sigrast á vandamálunum eða leysa þessa möguleika úr læðingi. Til þess þarf landið fullan og órofinn stuðning alþjóðasamfélagsins; ekki síst nágrannaríkjanna.

### Norður-Suður samskipti mikilvæg

Fyrst og fremst ættu hinir nýju leiðtogar Suður-Súdans að leita til starfsbræðra sinna í Kartúm. Öflug og friðsamleg samskipti við norðanmenn í Súdan geta skipt sköpum. Efst í forgangsröð beggja landa er að ná samkomulagi um sameiginleg landamæri, og eðlileg samskipti til að tryggja að bæði ríki njóti ávaxtanna af olíuauð svæðisins. Einnig er þörf á að viðhalda sögulegum, efnahagslegum og menningarlegum tengslum þvert á landamærin.

Skugga hefur borið á samskipti norðurs- og suðurs að undanförnu vegna óstöðugleika í suður Kordofan og Abyei og herskás málflutnings. Á þessari stundu ættu bæði norðan- og sunnanmenn að hafa í huga að til lengri tíma litið er samvinna báðum í hag, þótt það kunni að þjóna pólitískum skammtímahagsmunum að bíta í skjaldarrendur.

> Það yrði vatn á myllu Suður-Súdans að taka virkan þátt í svæðisbundnum samtökum Austur-Afríku og þróa varanleg viðskiptaleg og pólitísk tengsl um alla álfuna.

Suður-Súdan ætti einnig að leita til annarra nágranna. Um allan heim, ekki síst í Afríku, er þróunin í átt til eflingar svæðisbundins samstarfs. Það yrði vatn á myllu Suður-Súdans að taka virkan þátt í svæðisbundnum samtökum Austur-Afríku og þróa varanleg viðskiptaleg og pólitísk tengsl um alla álfuna.

### Íbúana í öndvegi

Ekki síst verður Suður-Súdan að snúa sér að sínu eigin fólki og finna styrk í margbreytileikanum. Stofnanir ríkisins ættu að endurspegla bæði landshluta og uppruna íbúa. Virða ber grundvallaratriði hvers nútímalegs lýðræðisríkis: málfrelsi, óskoruð pólitísk réttindi, stofnanir opnar öllum sem gæta hagsmuna jafnt dreifbýlis sem stríðshrjáðra landshluta.

Alþjóðasamfélagið hefur á 21. öldinni í síauknum mæli viðurkennt skyldu ríkisstjórna til að vernda þegna sína og þar með pólitísk og lýðræðisleg réttindi þeirra. Nýlegar uppreisnir í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum eru skýr dæmi um afleiðingar þess þegar ríkisstjórnir skella skolleyrum við þörfum íbúanna.

Sameinuðu þjóðirnar eru staðráðnar í því að hjálpa ríkisstjórn Suður-Súdans við að axla ábyrgð á sínum mörgu skyldum Þess vegna hef ég lagt til að sett verði á stofn ný sveit Sameinuðu þjóðanna í Suður-Súdan með það að markmiði að koma á fót þeim stofnunum sem gera þjóðinni kleift að standa á eigin fótum. Við skulum vera minnug þess að Sameinuðu þjóðirnar eru aðeins einn hlekkur í stærri keðju. Ríkisstjórnin verður að rækta tengsl við norðanmenn, nágrannaríki og aðra en mikilvægust eru tengslin við eigin þegna.

Það síðasta sem ný þjóð þarf á að halda er að hún gleymist að sjálfstæðishátíðinni 9. júlí lokinni – þar til næsta ógæfa ber að dyrum. Við ætlum ekki að láta þar við sitja að fagna sjálfstæðinu, heldur halda á lofti alþjóðlegum skuldbindingum um að standa þétt að baki Suður-Súdönum við að reisa stöðuga, sterka og um síðir auðuga þjóð.


OUTLET
Kauptúni GARÐABÆ
50-80% afsláttur
Höfum opnað OUTLET í hluta verslunar okkar BYKO Kauptúni
BYKO
Opnunartímar í Kauptúni:
Mán.-Fös.: 08:00 - 18:00
Laugardaga: 10:00 - 17:00
Sunnudaga: 11:00 - 17:00

# SUMARGLEÐI Fjarðarkaupa

# Ali dagar 13.-23. júlí



úr kjötborði

**Lúxus svínakótilettur**
**1.498,kr./kg**
verð áður 1.898,-/kg



úr kjötborði

**Svínahnakki úrb.**
**998,kr./kg**
verð áður 1.398,-/kg



**Ali hunangskótilettur**
**1.876,kr./kg**
verð frá 2.084,-/kg



**Ali partýskinka**
**1.860,kr./kg**
verð áður 2.067,-/kg



**Ali osta grillpylsur**
**824,kr./kg**
verð frá 1.098,-/kg



**Ali vínarpylsur**
**749,kr./kg**
verð frá 998,-/kg



**Ali dósa skinka**
**498,kr./stk.**
verð áður 518,-/stk.



**Ali BBQ hunangskótilettur**
**1.876,kr./kg**
verð frá 2.084,-/kg



**Gæðagrís brauðskinka**
**1.132,kr./kg**
verð áður 1.509,-/kg



**Ali kryddaður svínahnakki**
**1.418,kr./kg**
verð áður 1.576,-



**Ali kryddaðar svínakótilettur**
**1.418,kr./kg**
verð áður 1.576,-

Gleðilegt SUMAR!

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK FJARÐARKAUP
- Einstök verslun


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
395 KR. PK
BÚRFELLS HANGIKJÖTSÁLEGG 143g
295 KR. 250g
BÚRFELLS BRAUÐSKINKA 250g
259 KR. 4 stk.
KJALLARABOLLUR MEÐ OSTI
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK
205 KR. 300g
SMJÖRVI TILBOÐSASKJA
25% AFSLÁTTUR
1049 KR.KG
GOUDAOSTUR 26%
195 KR. 4 stk
BÓNUS LANGLOKUR
259 KR. 770g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 250 ML
159 KR. 3 FERNUR
298 KR. 250ml
FROOSH-SMOOTHIE
GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
69 KR. STK
BÓNUS BRAUÐSALAT 195 KR.
TÚNFISKSALAT - LAXA OG RÆKJUSALAT - HANGIKJÖTSSALAT 200G
COKE LIGHT- ZERO
195 KR. 2 LTR
7 UP- EGILS MIX 2 LTR.
195 KR. 2 LTR
FJÓRAR COKE 1.5 LTR.
659 KR.
SAMTALS 6 LTR.
BITAFISKUR
frá Gullfiski
1398 KR. 200G
162 grömm að hágæða próteinum í einum poka
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
DORITOS SNAKK 165 G 195 KR.
MAARUD OSTAHRINGIR
195 KR. 120G
ÞRÍR FREYJU
STAURAR 198 KR.
ÞRÍR GÓU-KASSAR 3 X 200 GRÖMM 598 KR.
PRINCE POLO 20 STK.
998 KR.
KIT-KAT 5 STK. 279 KR.
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
LAMBA GRILL-SIRLOIN
GRÍSA-GRILL-KÓTILETTUR
1698 KR.KG
K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
VILLIJURTA-KRYDDAÐAR
1398 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBA-
SIRLOIN-SNEIÐAR
995 KR.KG
BÓNUS FERSKAR GRILL-
GRÍSAKÓTILETTUR
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
BÓNUS PYLSUR 10 STK.
Bónus pyslur 10 stk. (u.þ.b 480g) ca 285 kr. pakkinn
599 KR.KG
PYLSUPAKKINN U.Þ.B
285 KR.
SS PYLSUR
10 STK. 560g
30 ÞÚS PAKKAR Í BOÐI
Á ÞESSU VERÐI
579 KR.PK
198 KR. 570 g
HEINZ TÓMATSÓSA 570g
98 KR. 100 g
STEIKTUR LAUKUR 100g
139 KR. 4 stk
EXTRA STÓR
HAMBORGRABRAUÐ
139 KR. 5 stk.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
359 KR. 300ml
FABRIKKUSÓSAN
NAUTA Veisla
RISA HAMBORGARI
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT NAUTAKJÖT
10 x 100 GRÖMM 1398 KR.
4 x 175 GRÖMM 998 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Eflum fjárfestingar í sjávarklasanum

Sjávarútvegur

Jóhann Jónasson
framkvæmdastjóri



Sjávarklasinn er samstarfsverkefni margra fyrirtækja í haftengdri starfsemi. Markmiðið með starfinu er að bæta samstarf, auka verðmæti og efla skilning á mikilvægi þess starfs sem fram fer innan klasans.

Nú stendur yfir vinna við að kortleggja íslenska sjávarklasann; alla starfsemi sem snýr að hafinu, frá hefðbundnum fiskveiðum og fiskvinnslu að afleiddum greinum svo sem rannsóknum, nýsköpun, líftækni, hátækniframleiðslu, flutningastarfsemi, fjármálastarfsemi og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu.

### Aðrar þjóðir komnar af stað

Klasarannsóknir af þessu tagi hafa verið gerðar í nær öllum þeim löndum sem liggja að Norður-Atlantshafi. Það er brýnt fyrir þjóðir sem stunda sjávarútveg að leiða hugann að því hvar vaxtarmöguleikar eru í greininni og þá ekki síður í öðrum greinum sem tengjast hafinu. Noregur, Írland, Bretland og Kanada hafa öll sett sér stefnu um að vera í forystu á sviðum tengdum hafinu þar á meðal upplýsingatækni, líftækni, landgrunnsrannsóknum og fiskeldi. Slík vinna hefur ekki farið fram hérlendis og stefnumörkun á þessu sviði er lítil. Við höfum eytt mestri orku í kvótakerfisumræðu á meðan nágrannaþjóðir okkar eru á fullu í heildarstefnumörkun um hvernig þekking verður best nýtt til að skapa verðmæti í haftengdri starfsemi.

Verkefnið um Sjávarklasann kemur til með að bæta þarna úr og veita meiri yfirsýn yfir umfang haftengdrar starfsemi og gefa vísbendingar um hvar megi efla samstarf, ekki hvað síst milli nýrra og eldri greina og finna vaxtarbrodda sem hlúa má að.

### Tækifæri í tæknifyrirtækjum

Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um ríflega 70 fyrirtæki sem starfa í tæknihluta klasans, þetta eru fyrirtæki sem ráða yfir eigin vörulínu og selja búnað til útflutnings undir eigin vörumerkjum. Í þessum geira starfa nú um 1.000 manns, mestmegnis tæknimenntaðir einstaklingar.

Það félag sem ég starfa hjá, 3X á Ísafirði, rekur uppruna sinn til þess samstarfs sem hefur alltaf verið milli okkar og sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum og síðan útbreiddara samstarf við fiskvinnsluna á landsvísu. Slíkt samstarf milli tækni- og sjávarútvegsfyrirtækja gerði okkur kleift að koma fram með nýjar vörur og á sama tíma gerði þetta samstarf sjávarútvegsfyrirtækin samkeppnishæfari á þeim mörkuðum sem þau berjast á.

Við erum einn af fáum tæknigeirum í landinu sem er dreifður um allt land og í þessum geira eru gríðarleg tækifæri, en hann hefur ekki notið mikillar athygli á undanförnum árum. Þar kunnum við sem störfum í þessum tæknifyrirtækjum að eiga einhverja sök, en umræðan um sjávarútveginn hefur ekki gert það að verkum að fólk í greininni sé áfjáð að standa upp og tala um hvað vel hefur tekist.

### Fjárfestingarsjóður Sjávarklasans

Meiri umræða um íslenska sjávarklasann og þau tækifæri sem hann getur skapað, getur varpað ljósi á starfsemi fjölda lítilla og meðalstórra fyrirtækja og aukið áhuga fjárfesta og annarra aðila á að styðja og efla fyrirtækin. Það eru spennandi tækifæri fólgin í að sameina félög innan skyldra greina til að auka slagkraftinn. Við viljum sjá sjávarútvegsfyrirtækin koma meira inn í starfsemi þessara félaga, fjárfesta í þeirri þekkingu sem eflir þeirra eigin starfsemi. Við þurfum líka að sjá fjármálamarkaðinn sýna þessum geira meiri áhuga. Ein hugmynd væri að stofna sérstakan hlutabréfasjóð eða áhættufjárfestingasjóð í sjávarklasanum. Sjóður sem væri sérhæfður í fyrirtækjum og starfsemi tengdri sjávarklasanum. Kortlagning klasans varpar ljósi á hvaða félög tilheyra þessum öfluga klasa og gefur það fjárfestum og frumkvöðlum innan greinarinnar góða yfirsýn á tækifærin sem þar kunna að liggja.

Við þurfum að komast út úr eilífðarkarpi um fiskveiðistjórnunina og fara að horfa fram á veginn. Óvissan í sjávarútvegi dregur úr kraftinum í flestum tengdum greinum í sjávarklasanum. Verkefnið framundan er að efla fyrirtækin í öllum sjávarklasanum og skapa þeim trausta umgjörð til að vaxa og dafna.




# Til umhugsunar

Heilbrigðismál

Bryndís Guðmundsdóttir
sjálfstætt starfandi talmeinafræðingur



Sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar starfa samhliða talþjálfun sem veitt er í skólum og stofnunum og taka við þjálfun fullorðinna eftir aðgerðir, slys eða önnur áföll, eftir útskrift. Þeir hafa góða menntun og reynslu, hver á sínu sviði, og ná góðum árangri í störfum sínum.

Á Íslandi þurfa a.m.k. 3.000 börn á aðstoð talmeinafræðings að halda.

Aðkoma okkar vegna barna sem greinast með frávik í máli og tali er mjög mikilvæg til að auka tækifæri þeirra síðar á lífsleiðinni og draga úr samfélagslegum kostnaði.

Sjálfstætt starfandi talmeinafræðingar voru um árabil með samning við Tryggingastofnun ríkisins, nú Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Sjúklingar fengu allir sömu „niðurgreiðslu" vegna talmeinaþjónustu hjá TR.

Árið 2007 reyndi á þolmörk og allir talmeinafræðingar, nema fjórir á landsbyggðinni, sögðu sig af samningi við SÍ en m.a. var ekki tekið tillit til rekstrarkostnaðar og endurmenntunar talmeinafræðinga.

Ráðherra setti þá reglugerð sem kvað á um styrk SÍ vegna talþjálfunar til skjólstæðinga talmeinafræðinga utan samnings; 1.000 krónur fyrir fullorðna og 2.000 krónur fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Frá árinu 2007 hafa SÍ greitt tæplega 4.000-6.000 kr. fyrir hvert barn sem sækir þjónustu til talmeinafræðings á samningi við SÍ. Bent var á þennan mismun á greiðslu vegna íslenskra sjúkratryggðra einstaklinga sem fengu sömu þjónustu hjá löggiltum talmeinafræðingum utan samnings. Gat það staðist lög og jafnræðisreglu að mismuna börnum gagnvart endurgreiðslu eða greiðsluþátttöku SÍ eftir því hvert þjónustan væri sótt?

Ráðherra getur valið skv. lögum um Sjúkratryggingar hvort hann setur reglugerð eða ekki og hvað hún inniheldur.

Umboðsmaður barna tjáði móður að þessi mismunun á greiðslu til sjúkratryggðra barna á Íslandi, stæðist ekki ákvæði í Barnaréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um jafnræðisreglu og að þeim sjónarmiðum yrði komið á framfæri við íslensk stjórnvöld.

Einnig var bent á að tannlæknar eru ekki á samningi við SÍ en börn fá sömu endurgreiðslu hjá SÍ fyrir sömu þjónustu, þó að taxti tannlækna sé mishár. Börnum var ekki mismunað eftir fjárhag foreldra eða aðgengi að þjónustunni.

Síðustu mánuði hafa sérfræðilæknar verið utan samnings við SÍ. Það vakti athygli að strax var tilbúin reglugerð sem kvað á um að allir sjúkratryggðir einstaklingar myndu fá sömu endurgreiðslu og áður, en greiða sjálfir mismun af taxta sérfræðings.

> Það vakti athygli að strax var tilbúin reglugerð sem kvað á um að allir sjúkratryggðir einstaklingar myndu fá sömu endurgreiðslu og áður, en greiða sjálfir mismun af taxta sérfræðings.

Þá er jákvætt að SÍ gera skjólstæðingum sérfræðilækna auðvelt að sækja endurgreiðslu vegna lækniskostnaðar svo „sjúklingar verði ekki varir við samningsleysið" eins og segir á heimasíðu SÍ. Í fjögur ár hafa skjólstæðingar talmeinafræðinga utan samnings, þurft að fara í gegnum mikið skrifræðiskerfi til að sækja sínar 1.000 eða 2.000 krónur.

Árið 2006 greiddu SÍ (TR) fyrir talþjálfun alls rúmlega 52 milljónir króna á meðan allir talmeinafræðingar voru á samningi. Upphæðin fór niður í 15,6 milljónir 2008 og í fyrra voru greiddar tæplega 27 milljónir króna.

Sjúklingar tóku á sig mismuninn, aðrir þraukuðu án þjónustu og ekki er ólíklegt að hærri kostnaði vegna sérkennslu og annarra erfiðleika sé varpað yfir á seinni ár. Dæmi eru um að einstæð móðir þurfti að velja á milli þriggja barna sinna um hvert þeirra sótti talþjálfun á hverjum tíma.

Árið 2008 lögðu SÍ línur að mati á grunnrekstrarkostnaði með samningi við sálfræðinga sem starfa með börnum og hafa sambærilega menntun og reynslu og talmeinafræðingar. Sálfræðingar fengu 8.480 kr fyrir meðferðina. Í desember 2008 fengu talmeinafræðingar 4.864,5 kr fyrir meðferðina. Munurinn hefur minnkað en tölurnar tala sínu máli.

Viðræður milli samningsaðila SÍ og velferðarráðuneytis og talmeinafræðinga utan samnings, hafa farið vel fram síðustu vikur og margt áunnist til betri vegar í samningstexta. Þó er langt því frá að tekið sé tillit til rekstrarkostnaðar. Ef farið verður inn á samning við SÍ (því það virðist vera eina leiðin til að skjólstæðingar okkar fái hærri endurgreiðslu) þýðir það umtalsverða lækkun í rekstrartekjum og önnur störf verða álitlegri.

Velferðarkerfið sem á að standa vörð um jöfnuð og rétt skjólstæðinga okkar, á ekki að mismuna heilbrigðisstéttum sem veita þjónustuna og allra síst að mismuna sjúkratryggðum börnum og sjúklingum eftir fjárhag og búsetu. Talmeinafræðingar veita mikilvæga og sérhæfða þjónustu og er orðið löngu tímabært að starfsskilyrði sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga og vinnuálag sé viðunandi.

# Takk fyrir!

Mannréttindi

Magnea Marinósdóttir
ráðgjafi UN Women í Bosníu og Hersegóvínu



Ratko Mladic, yfirmaður hersveita Serba í Bosníustríðinu 1992-1995, var handtekinn 26. maí sl. á grundvelli ákæru um þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyni og brotum á alþjóðalögum um hernað.

Tala látinna og horfinna í stríðinu er um 258 þúsund manns og um 2 milljónir flúðu heimili sín. Talið er að á bilinu 20-50 þúsund konum hafi verið nauðgað.

Umsátrið um Sarajevó og þjóðernishreinsanir, þ.m.t. þjóðarmorðið í Srebrenica, fóru fram undir stjórn Ratko Mladic, Slobodan Milosovic, forseta Júgóslavíu og Serbíu, og Radovan Karadžic, forseta lýðveldis Serba í Bosníu og Hersegóvínu.

Kerfisbundnar nauðganir, annað kynferðisofbeldi og pyntingar voru liður í þeim þjóðernishreinsunum. Hersveitir allra stríðandi fylkinga gerðust sekar um nauðganir. Það voru hins vegar nauðgunarbúðir hersveita Serba, þar sem konum var haldið föngum og sumar þvingaðar til að eiga „serbnesk" börn, sem leiddu til þess að herforingjar voru í fyrsta sinn í mannkynssögunni sakfelldir fyrir glæpi gegn mannkyni á grundvelli nauðgana árið 2001.

Hlutskipti fórnarlamba nauðgana eftir að stríðinu lauk árið 1995 hefur verið slæmt og mikil þöggun ríkt um málið. Árið 2006 urðu ákveðin vatnaskil þegar konur tóku höndum saman og söfnuðu um 50 þúsund undirskriftum þar sem kallað var eftir aukinni viðurkenningu og aðstoð til fórnarlamba stríðsnauðgana. Undirskriftasöfnunin fór fram eftir frumsýningu kvikmyndarinnar „Grabavica" eftir Jasmilu Žbanic. Titill myndarinnar vísar í hverfi í Sarajevó sem laut stjórn hersveita Serba á meðan á umsátrinu um borgina stóð og fjallar myndin um hvernig móðir og dóttir hennar takast á við þann veruleika sem fram kemur eftir því sem á líður myndina. Undirskriftasöfnunin leiddi til tilraunar um setningu landslaga en sú tilraun rann út í sandinn vegna pólitísks ágreinings. Í staðinn var gerð breyting á lögum í lýðveldunum tveimur í landinu og fórnarlömbum stríðsnauðgana bætt við þann hóp sem hefur skv. lögum rétt til að sækja sér aðstoð vegna stríðsins. Lögin voru sögulegt skref í þá veru að veita fórnarlömbum stríðsnauðgana viðurkenningu. Mismunandi lög gilda hins vegar í lýðveldunum, auk þess sem lögin eru meingölluð á margan annan hátt og fresturinn til að óska eftir aðstoð í lýðveldi Serba rann út í lok janúar 2007. Mismunandi lög og gildistími kemur fram í mismunun eftir búsetu, sem sést einna best á því að einungis um 500-600 konur njóta aðstoðar á grundvelli þeirra og meirihluti þeirra hefur búsetu í sambandslýðveldinu, þeim hluta landsins þar sem Bosníumenn og Króatar eru í meirihluta.

> Árið 2006 urðu ákveðin vatnaskil þegar konur tóku höndum saman og söfnuðu um 50 þúsund undirskriftum þar sem kallað var eftir aukinni viðurkenningu og aðstoð til fórnarlamba stríðsnauðgana.

Núna í ár hófst önnur tilraun til að koma á sérstöku kerfi á landsvísu til stuðnings fórnarlömbum stríðsnauðgana. Vinna að undirbúningi kerfisins fer fram innan ráðuneytis mannréttinda- og flóttamannamála og er m.a. studd af UN Women sem hefur ásamt Skrifstofu Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna forystu innan Sþ um mál sem lúta að aðstoð (e. reparation) til fórnarlamba víðtækra brota á alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum. Ef tilurð kerfisins verður að veruleika mun það fela í sér enn sögulegra skref en áður hvað varðar viðurkenningu og framgöngu réttlætis.

Það er mikilvægt starf fyrir höndum hjá UN Women í Bosníu og Hersegóvínu sem og annars staðar. Að sama skapi er þörf fyrir dyggan stuðning við starf UN Women. Það eru því góð tíðindi að áframhaldandi stuðningur íslenskra stjórnvalda við UN Women – í anda þeirrar stefnu að leggja ríka áherslu á mannréttindasjónarmið og jafnréttismál í allri þróunarsamvinnu – hefur verið tryggður með samþykkt Alþingis 10. júní sl. á áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2011-2014.




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins hjá fólkinu í landinu. Til dæmis lesa rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 72,2% | 60,2% | Fréttablaðið | 72,2% | 61,3% |
| Morgunblaðið | 25,7% | 25,2% | Morgunblaðið | 32,8% | 31,7% |
| DV | 9,9% | 10,6% | DV | 12,4% | 13,0% |
| Fréttatíminn | 48,3% | 36,2% | Fréttatíminn | 53,9% | 40,4% |
| Finnur.is | 27,5% | 20,2% | Finnur.is | 35,3% | 26,6% |
| Monitor | 23,6% | 22,2% | Monitor | 26,3% | 25,0% |
| Viðskiptablaðið | 10,5% | 9,0% | Viðskiptablaðið | 12,0% | 10,2% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



38 **ANDRI SNÆR MAGNASON** rithöfundur er 38 ára í dag.

*„Fegurðin hefur sjálfstætt gildi og hún er grunnur að lífshamingju og sjálfsmynd þúsunda Íslendinga.“*

---



†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Hólmsteinn Pjetursson**

Barmahlíð 9, 105 Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 11. júlí 2011. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hallfríður Einarsdóttir.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Hinriksdóttir**

Skjóli, áður Skólavörðustíg 22a,

andaðist 11. júlí 2011. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju 21. júlí kl. 13.00.

**Ásgeir Höskuldsson** — **Gyrit Hagman**
**Jóhann H. Þórarinsson** — **Sigríður Valdimarsdóttir**
**Andrés H. Þórarinsson** — **Ásta B. Björnsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir mín og amma okkar,*

**Sigurveig Einarsdóttir**

Gullsmára 10,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 10. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 18. júlí kl. 13.00.

**Kolbrún Matthíasdóttir**
**Matthías Þorbjörn Ólafsson** — **Marie Elizabeth Melly**
**Sigurveig Íris Ólafsdóttir** — **Helge Remme**
**Hrafnhildur Eva Ólafsdóttir** — **Øyvind Leirgulen**

---



†

*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Ása Kristinsdóttir**

Grenimel 43,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 11. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Svavar Björnsson**
**Ásta Svavarsdóttir** — **Tómas R. Einarsson**
**Sigrún Svavarsdóttir**
**Kristín Svavarsdóttir** — **Sæmundur Runólfsson**
**Björn Þór Svavarsson** — **Sigrún Jóna Andradóttir**
**og barnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


---

NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTÍÐ: HALDIN Í FYRSTA SKIPTI HÉRLENDIS

# Fjölskylduhátíð í heila viku



**SIGLINGAR Í AÐALHLUTVERKI** Á hátíðinni verður hægt að kynnast ýmsum hliðum siglinga auk þess sem listir, tónlist, matur og alls kyns viðburðir setja svip sinn á vikuna. MYND/ÚR EINKASAFNI

Norræn strandmenningarhátíð hefst á Húsavík um helgina og er þetta í fyrsta skipti sem samkoma af þessu tagi er haldin hérlendis. Hátíðin, sem ber yfirskriftina Sail Húsavík, stendur yfir í viku, frá 16.-23. júlí, með afar fjölbreyttri og viðamikilli dagskrá þar sem strandmenning er í forgrunni.

„Hátíðin hefur verið í undirbúningi í tvö ár en hugmyndin kom upphaflega frá frumkvöðlum í ferðaþjónustu hér á Húsavík sem reka hvalaskoðunina Norðursiglingu. Þeir áttu skonnortu á þessum tíma og höfðu kynnst siglingamönnum um allan heim sem komu til Húsavíkur og það var orðin hefð að stærri skútur stoppuðu hér á Húsavík á leið sinni annað. Þessi umferð siglinga varð svo til þess að upp kom hugmynd um siglingahátíð,“ segir Vilborg Arna Gissurardóttir, verkefnisstjóri Sail Húsavík.

Auk Norðurþings og heimamanna standa grasrótarsamtök á Norðurlöndum að hátíðinni sem og Íslenska vitafélagið, Garðarshólmaverkefnið, en Norræna húsið er helsti bakhjarlinn og heldur utan um allt norrænt samstarf en þátttakendur verða víðs vegar að úr Skandinavíu. Þá verður sams konar hátíð haldin í Danmörku næsta sumar og árin þar á eftir í Svíþjóð og Noregi. Markmið hátíðarinnar er að efla strandmenningu hér á landi og tengjast þeirri menningu hjá nágrannaþjóðum en fjöldi skipa mun koma siglandi á hátíðina annars staðar frá landinu sem og frá Noregi.

„Hátíðin er fyrst og fremst fjölskylduhátíð er eitthvað sé í boði fyrir alla. Á hverjum morgni er efnt til málþings sem hefur sitt þema og ýmsar sýningar verða í gangi, má þar nefna sýningu um bátasmíði og reipavinnu. Þá verða ýmsar listsýningar á Húsavík, bæði undir berum himni, og innandyra. Í gömlu síldarverksmiðjunni er listasýning og á kvöldin er tónlist leikin,“ segir Vilborg en rúsínan í þeim pylsuenda eru stórtónleikar þar sem Raggi Bjarna og Hjaltalín koma meðal annars fram.“

Hátíðartjald verður niður við höfn þar sem gestir geta hlýtt á sögur af sjónum, meðal annars í frásögn Einars Más Guðmundssonar rithöfundar og Dags Wernö Holter, sendiherra Noregs á Íslandi. Þá verða heimildarmyndir sýndar er tengjast sjónum og börnum býðst að sækja vinnustofur með námskeiðum. Dagskrána má nálgast á heimasíðu hátíðarinnar, sailhusavik.is.

„Siglingarnar munu auðvitað vera í aðalhlutverki. Má þar nefna að Siglingasamband Íslands verður með æfingabúðir fyrir alla krakka sem eru meðlimir í siglingafélögum á landinu. Einnig verður boðið upp á siglingar og menn geta prófað að fara í bátana sem þarna verða.

juliam@frettabladid.is

---



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðbjörn Guðni Aðalsteinsson**

sem lést þann 7. júlí, verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 18. júlí kl. 14.00.

**Ásta Einarsdóttir**
**Magnús Guðnason**
**Klara Sveinbjörg Guðnadóttir**
**Birgir Guðnason** — **Borghildur Sverrisdóttir**
**Eygló Guðnadóttir** — **Kristinn Gunnarsson**
**Ingi A. Guðnason** — **Sonja Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ólafsdóttir**

síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,

andaðist þann 7. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Ingólfur Aðalsteinsson**
**Aðalsteinn Ingólfsson** — **Janet S. Ingólfsson**
**Ólafur Örn Ingólfsson** — **Ingibjörg Guðmundsdóttir**
**Birgir Ingólfsson** — **Auður Jónsdóttir**
**Ásrún Ingólfsdóttir** — **Magnús Snæbjörnsson**
**Leifur Ingólfsson** — **Lilja Möller**
**Atli Ingólfsson** — **Þuríður Jónsdóttir**
**barnabörn, tengdabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir og amma,*

**Hellen S. Benónýsdóttir**

sjúkraliði,
Ósabakka 15, Reykjavík,

kvaddi þennan heim í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 8. júlí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 18. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Krabbameinsfélags Íslands eða hjá Hjartavernd.

**Andri Jónasson**
**Anna Rut Hellenardóttir** — **Pétur Breiðfjörð Pétursson**
**Heimir Þór Andrason** — **Erla Gréta Skúladóttir**
**Silja Dögg Andradóttir** — **Sigurður Freyr Bjarnason**
**Þóra Eggertsdóttir**
**ömmubörn, systkini og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Magnússon**

Brúnavegi 9, Reykjavík,

áður til heimilis á Bugðulæk 16, Reykjavík, sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 6. júlí, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 15. júlí kl. 15.00.

**Birna Birgisdóttir**
**Gunnar Ólafur Bjarnason** — **Sigrún Sigfúsdóttir**
**Dóra Bjarnadóttir** — **Gylfi Gunnarsson**
**Gunnar Ásbjörn Bjarnason** — **Guðný Káradóttir**
**Hannes Bjarnason** — **Birna Vilbertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Helga Rún Pálsdóttir** hattahönnuður opnar sýningu í HERBERGINU í dag klukkan 17. Helga sýnir hatta og höfuðskart úr ýmsum efnum, svo sem roði, hattafilti, karfahreistri, ull og fjöðrum. Sýningin stendur til 24. júlí.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

FRÁBÆRIR GJAFAHALDARAR



teg KELLY - mjúkur og æðislegur gjafahaldari í D,DD,E,F,FF,G,GG,H skálum á kr. 7.990,- mjúkar, vænar boxer buxur í stíl á kr. 3.550,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið
- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm



Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

ÚTSALA

FATNAÐUR
SKÓR TÖSKUR
FYLGIHLUTIR

FRÁBÆRT ÚRVAL
OG GOTT VERÐ!

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Ásbjörn Erlingsson klæðist sumarfötunum innan undir kokkafatnaðinum.

# Hálfur fataskápurinn er röndóttur



„Ég uppgötvaði fyrir ári að uppáhaldsliturinn minn er blár og allt í einu langaði mig mikið í röndótt föt,“ segir Ásbjörn Erlingsson, nítján ára nemandi við Menntaskólann í Hamrahlíð, um ástæðu þess að hálfur fataskápurinn hans sé ýmist röndóttur eða blár. Fötin sem Ásbjörn klæðist bera þess merki og innan undir skyrtunni er hann meira að segja í röndóttum nærbol.

FRAMHALD | 3




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Hönnuðirnir** Stefanao Gabbana og Domenico Dolce vinna með ólíkum hætti. Gabbana tekur við tískuráðum og hugmyndum frá fylgjendum sínum á Twitter. Dolce kemur hins vegar ekki nálægt tölvum. „Ég vil handleika efni og vera í persónulegum samskiptum við fólk."

# Liður í að nútímavæða veðreiðar í Bretlandi

**Grafíski hönnunarneminn Eva Vestmann tók þátt í að nútímavæða búninga breskra veðreiðaknapa. Þeir hafa haldist nær óbreyttir í 250 ár en Eva hefur hannað tólf ný mynstur og litasamsetningar fyrir þá.**

„Þetta var rosalega breskt. Það var gaman að taka þátt í þessu," segir Eva Vestmann, nemi í grafískri hönnun við Central St Martin's College of Art & Design í London. Eva tók þátt í keppni um að hanna mynstur fyrir búninga breskra veðreiðaknapa sem hafa verið að mestu óbreyttir í 250 ár. Keppnin var liður í stærra verkefni sem snýst um að nútímavæða veðreiðar í Bretlandi en þær eru vinsælar þar í landi.

Eva segir að tugir nemenda hafi tekið þátt í keppninni og 25 komist í undanúrslit. Seinna voru topp tólf keppendurnir valdir til að sýna hönnun sína í maí en einungis einn fékk hönnunina framleidda. Keppendurnir tólf sem komust í undanúrslit, þeirra á meðal Eva, fengu hönnun sína sýnda við Ascot-veðreiðavöllinn, sem er á meðal helstu veðreiðavalla Bretlands, á laugardag en sýningin stendur opin um óákveðinn tíma. Veðreiðaknapar eiga þess kost að kaupa hönnunina.

Aðspurð segir Eva að keppnin hafi gengið út á það að hanna mynstur fyrir búningana og velja litasamsetningar. „Ég fékk innblástur frá fánum Evrópu. Búningarnir verða að sjást vel úr fjarlægð og því hugsaði ég um fána sem eru oft úr sterkum litum og formum. Maður sér fána langar leiðir." Þannig útskýrir Eva upphaflega hugmynd sína.

Þegar Eva fór að skoða evrópska fána komst hún að því að fánalitirnir eru tólf. „Mér fannst það sniðugt vegna þess að við áttum að hanna tólf mismunandi búninga. Ég ákvað að það yrði litapallettan mín og vann út frá því sterk form sem minna á fána. Ég var þess vegna ekki að nota fána sem eru til heldur liti og form sem minna á fána," segir Eva og bætir við að dómnefndin hafi verið hrifin af þeirri nálgun hennar.

Hefurðu fengið einhver viðbrögð frá veðreiðaknöpum? „Ég fékk mjög jákvæð viðbrögð á sýningunni á laugardaginn en þetta kemur allt í ljós," segir Eva sem gengið hefur vel í námi sínu við St. Martins en hún sigraði í hönnunarsamkeppni á vegum SonyMusic á síðasta ári. *martaf@frettabladid.is*




Eva Vestmann segir að gaman hafi verið að taka þátt í keppninni og fékk hún afar góð viðbrögð. MYND/ÚR EINKASAFNI



„Ég fékk innblástur frá fánum Evrópu," segir Eva. Fánalitirnir eru tólf, sem henni fannst sniðugt í ljósi þess að keppendum var falið að hanna tólf mismunandi búninga. MYND/ÚR EINKASAFNI

ÚTSALA !
Glæsilegur sparifatnaður.



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir. vísir

ÚTSALAN ER HAFIN
50% afsláttur af allri útsöluvöru
Opnunartímar:
Opið virka daga 10–18
Opið 10–15 á laugardögum í Bæjarlind
Lokað á laugardögum í Eddufelli
Rita
Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730



Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM
Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.
AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!
Ívar Örn Hansen S: 5125429 , gsm 6154349 ivarorn@365.is
Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is
Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ



Eigum laus pláss í eftirfarandi flokka í sumar:
7. flokkur 21.-27. júlí 9-11 ára
8. flokkur 2.-8. ágúst 11-13 ára
9. flokkur 9.-15. ágúst 10-12 ára
10. flokkur 16.-19. ágúst 14-17 ára
Nýtt kortatímabil!
Allar nánari upplýsingar í síma 588 88 99 og á skraning.kfum.is



Torgið, Place Vendôme, var lýst upp eins og á miðnætti.



Hvítur kjóll í anda miðalda.

# Glitrandi miðaldir

**Einu fegursta torgi Parísarborgar, Place Vendôme, var breytt fyrir sýningu á hátískulínu Chanel fyrir haustið 2011 á dögunum. Stytta af Napóleon, sem stendur á miðju torginu, var hulin með eftirmynd af Coco Chanel og var umgjörðin dökk og glitrandi, í takt við fötin.**

Sýningin var opnuð með sígildum ullardrögtum með silfruðum saumum og glansandi skrauti og lauk með kvöldkjólum, skreyttum perlum og pallíettum.

Karl Lagerfeld lýsti línunni sem dimmu ævintýri frá árinu 1640 og voru greinileg áhrif frá miðöldum í efnis- og litavali. Dökkir litir voru áberandi svo sem svartur, grár og dökkblár en inn á milli voru rauðfjólublá og hvít föt, sem voru gerð drungaleg með skrauti.

Blúnduborði var yfir augum fyrirsætanna til að auka á augnfarðann og báru þær hatta og dökk gegnsæ stígvél, sem voru einkennandi fylgihlutir sýningarinnar.

*hallfridur@frettabladid.is*

Silfur og glitrandi skraut einkennir hátísku Chanel fyrir haustið.

**Karl Lagerfeld notaði siffon í marga kvöldkjóla og skreytti með perlum.**

Gegnsætt efni var áberandi í ermum og stígvélum.



Ásbjörn Erlingsson

Framhald af forsíðu

Fötin eru öll keypt í sérstakri innkaupaferð til Englands að undanskilinni skyrtunni, sem er fengin úr fataskáp föður hans. Þrátt fyrir að hafa endurnýjað fataskápinn fyrir sumarið, hefur hann ekki fengið mörg tækifæri til þess að klæðast fötunum. „Ég hef verið að vinna innandyra í þau skipti sem sólin hefur skinið," segir Ásbjörn, sem er aðstoðarkokkur á veitingastaðnum Frú Berglaugu í sumar. Hann hefur í staðinn klæðst sumarfötunum innan undir kokkafatnaðinum.

„Þegar ég er laus hleyp ég samt beint á Austurvöll, sest þar niður og hitti vini mína," segir Ásbjörn sem leggur af stað í ferð um Evrópu í næstu viku. Henni lýkur í kórferð með Hamrahlíðarkórnum. Þá fær hann loksins tækifæri til að nota léttu röndóttu sumarfötin fyrir alvöru. *hallfridur@frettabladid.is*


# Útsala · Útsala

**Ný sending af kjólum fyrir sumarbrúðkaupið og sumarveisluna.**



20-80% afsláttur af öllum vörum

FLASH

Fleiri myndir á Facebook, vertu vinur

**Laugaveg 54, sími: 552 5201**

ALLIR
# SANDALAR Á 7.800 KR.
Í GYLLTA KETTINUM



**OPIÐ ALLA DAGA!!!**




AUSTURSTRÆTI 8–10 • SÍMI 534 0005

## Reiðhjól







**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur



155.000 kr. fyrir frábæra Þýska gæðakerru frá HUMBAUR, 13" dekk, burðargeta 620 kr. heildarþyngd 750 kg. Innanmál 205x110x30 cm. HUMBAUR umboðið á Íslandi, www.topplausnir.is Lyngás 18, Garðabæ, s: 517 7718.



Til sölu Humbrau kerra, leyfð heildarþyngd 1350kg. Breidd 1.4, Lengd 2.6, Hæð 1.73 með opnanlegu þaki. Uppl. í 891-8970.



Til sölu 35" MMC Pajero árgerð 92, ek. 245þ. V6 bensín. Góð dekk, skoðaður 2012 en þarftnast smá viðgerðar. Uppl. í 660-7729.

## Hjólhýsi



T.E.C. Travel King 2008 árg með markísu, sjónvarpi og DVD. Fortjald fylgir. Tilboð óskast. Sími 8925602.



Knaus 450 2001 árg. fortjald + allt það helsta ný innflutt eins og nýtt fast á 1700 þús. s. 847 7663.

## Fellihýsi



Til sölu Colman Fleedwood Cheyenne 10 feta fellihýsi árg'03 á loftpúðum. Glæsilegt hús með fortjaldi. Sjálfstæð loftdæla í geymslukassa, sólarsella og margt fl. Verð 1490þús.



Camplite 1999 8 feta fellihýsi ásamt fortjaldi til sölu. Verð 590 þús. Uppl. í s. 821 9581.



Fleetwood-Fellihýsi. Bayside hýsi árg. 2008, markísa, hjólagrind, heitt/kalt vatn, 12/220 V. ofl. Ásta 665 6041.



Fellihýsi Palomino colt 05' árg. Svefntjöld, 2 rafgeimar, 2 gaskútar, markísa, dúkur úti, miðstöð, ískápur. Sk. 2013. Ásett verð 1,1 milljón. S: 893 8131

2005 A liner expedition með 2 ára fortjaldi 2 gask. sólarsella og wc V: 2.3m

## Pallhýsi



Til sölu Tracker pallhýsi árgerð 1999 upplýsingar í síma 861-5541

## Tjaldvagnar

Combi Camp Venezia 2005 án fortjalds, 4 manna mjög vel með farinn. Blár og hvítur. Einn eigandi. Verð: 650 þús. Uppl. 665-9806.

## Vinnuvélar




## Bátar




## Hjólbarðar

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98. S. 896 8568.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Varahlutavaktin**
Erum að byrja rífa Peugeot '02, Caddy '00-'07, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '97 bensín og disel. Kia carnival '01, Accent '98. Grand vitara LX7 '03. Opið 09-18 og lau. 10-14. Uppl. í s. 555 6666.

## Bílasýning

# Bílasýning Smáralind







## Við fundum betri leið til að lækka bensínið!

Með einfaldri metan breytingu á bílnum lækkar þú eldsneytiskostnaðinn um 50%. Þú getur sparað fleiri tugi þúsund á mánuði með ódýrara eldsneyti og lækkun bifreiðagjalda!

BRC GAS EQUIPMENT

Metan breytingin greiðist að fullu með sparnaði. Engin útborgun og fyrsta afborgun eftir 3 mánuði. Flestir spara kr. 30.000 eða jafnvel meira á mánuði eftir afborgun af metan búnaði. Þannig sparast kr. 400.000 á ári, tvær milljónir eða meira á 5 árum!

**Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is**

islandus.com

**Ódýrari bílar frá öllum helstu framleiðendum. www.islandus.is — Sími 552 2000**

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur. Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

MOLD
Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerrur og palla, keyrð heim sé þess óskað.
VERKTAKAR MAGNI EHF.
Sími: 660 6111

Sælugarðar.is
→ Garðsláttur
→ Skjólveggjasmíði
→ Beðahreinsun
→ Trjáklippingar
→ Trjáfellingar
→ Þökulagnir
→ Hellulagnir
→ Sólpallasmíði
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

HreinirGarðar
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun o. fl.
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðavinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum, sláum og fleira.
Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

Garðaþjónustan Björk
• Fellum tré & snyrtum
• Klippum runna
• Garðsláttur
• Mosatæting
• Hellulagnir
• Sólpallasmíð
ÖLL ALMENN GARÐAÞJÓNUSTA
LÁTIÐ FAGMANN VINNA VERKIÐ
Jóhannes garðyrkjumeistari
40 ára reynsla
846 8643 & 899 7679
gardyrkjumeistari.is

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**Gerðu Garðinn frægan**
Tek að mér alla almenna garðaþjónustu ss. Jarðvegsskipti, Trjáfellingar, stubbatætingu, Hellulagningar og margt fleira. Erum með trjákurlara sem tekur allt að 30cm svera trjáboli, tréin unnin á staðnum. Véla og tækjaleiga. Jákvætt ehf S. 696 9932 jakvaett@simnet.is

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**Flísalagnir - Múrverk**
**Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.**
**Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð**
**Tímavinna og tilboð**
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @simnet.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 864 5920.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Smíðum eftir máli
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is




## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**THE NEW LUXURY!!!!**
Whole Body Massage in Reykjavik. Very Discret and Private. Any time 7759441.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

**Lekavandamál.**
**Tökum að okkur að greina leka í húsum. Höfum náð ágætum árangri í viðgerðum og lausnum er varða lekavandamál. Tilboð eða tímavinna.**
**Uppl. í síma 893-3322, lindarehf@internet.is**
**Lindar ehf. Byggingarþjónusta.**

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Jóna armböndin! Orka/Jafnvægi Verð aðeins kr. 1,490- Frí heimsending hjá www.hebol.is




Öryggis- og peningaskápar







Til sölu sólpallur á lóð á Laugarvatni, sirka 7x6 metrar. Uppl. í síma 849 5768.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

Óska eftir að kaupa DVD diska og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

## Verslun






ÚTSALA, ÚTSALA!! 15-70% afsláttur. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

## Hljóðfæri

Fender Telecaster USA standard, nýr sunder. Uppl. 821 9809.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Járn iðnaðarvélar til sölu. http://bg.is/tilsolu/ 897-9161, plötusax, rennibekkur, fjöllokkur ofl. ofl. 897-9161.

## Til bygginga

Til sölu 20 feta innréttaður gámur með klósetti, heitu og köldu vatni,eldhúseiningu með ísskáp og örbylgjuofni. verð 830.000.- Uppl. í s:8972107

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir! **698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða hjá að kostnaðarlausu!

**Varahlutir**
í Mercury, Johnson, Evinrude,
Yamaha utanborðsmótora
Mercruiser og Volvo Penta bensín innanborðsvélar
A Prestolite Performance Brand
Mallory
Súðarvogi 42, 104 Reykjavík,
sími 571-1020
Opið virka daga 14-19,
laugardaga 10-14
Sjósport

**GARÐÚÐUN • MEINDÝRAEYÐIR**
•Eyði köngulóm af húsum.
•Eyði geitungabúum.
•Almenn meyndýraeyðing.
Upplýsingar í símum:
567 6090 & 897 5206
Sigurður Ingi Sveinbjörnsson
**www.gardudun.is • Vönduð vinna**

**Bílaviðgerðir**
Almennar viðgerðir – smurþjónusta
Jeppabreytingar – Járnsmiði – Tölvukerfi
Sími: 517 4524 Viðarhöfða 6

**Góður söluturn á Laugavegi**
Rótgróinn söluturn á góðum stað á Laugavegi.
Þetta er dagsöluturn með jafna innkomu.
Lottó.
Ferðamannastraumur er alltaf mikill
á sumrin um Laugaveginn.
Uppl.í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. www.atv.is

www.4h.is
**Fjórhjólalagerinn**
Stapahrauni 7 Hafnarfirði sími 588 3355

**Msport**
Nýtt aðsetur
Stapahraun 7
Sími 618 6400
220 Hafnarfirði
Breyttur opnunartími - opið kl. 13-18
www.msport.is

**Þarf að dytta að garðinum ?**
Við erum VANIR
Við erum ÓDÝRARI
Við SLÁUM – KLIPPUM – REYTUM ofl.
SÍMI 869 1944
GRÆNIR FINGUR
graenirfingur@gmail.com
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI MEÐ
YFIR 10 ÁRA REYNSLU.

**DAKIN FLATHERS**
Bandsagarblöð

**XPRENT**
-merkir allt!
Prentun, merkingar,
filmur, frágangur ofl.
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

**Bjóðum úrval tækja til leigu**
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

**freud**
Hjólsagarblöð
**Skerping ehf.**
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Tómstundahúsið
**Torfærukeppni fjarstýrðra bíla**
verður haldinn á athafnasvæði Hlaðbæ colas í Hafnarfirði
**Sunnudaginn 17. Júlí.** Finnið okkur á Facebook.
**Nánari upplýsingar í Tómstundahúsinu**
Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is

**VERKTAKAR ATHUGIÐ!**
Vannst þú tilboðverk sem voru vísitölutryggð frá maí 2009?
Eða verk sem fóru í gang eftir febrúar 2010?
EF SVO ER – varstu þá búin að fara fram á leiðréttingu hjá verkkaupa?
Tökum að okkur útreikning, undirbúning kröfugerða og innheimtu slíkra mála
Hafðu samband og sjáðu hvort við getum hjálpum þér
**Metis bókhald & ráðgjöf ehf.**
Sími 895-0566 eða metis@metis.is

BRA
**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS**
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**GSM MAGNARAR**
Er GSM sambandið lélegt ?
GSM magnarar virka þannig að loftnet er sett utan á húsið, annað loftnet inni í húsið og allir fá þá notið mögnunarinnar.
Verð frá kr. 38.537
Dalvegur 16b s: 554-2727
Hugna.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

*Trúin flytur fjöll*
*við flytjum allt annað*
**553 5050**
Allir bílar með posa
**SENDIBÍLASTÖÐIN H.F**
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-
verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**www.gottverk.is • GOTT VERK EHF**
ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA OG LÓÐAFRÁGANGUR.
GERUM FÖST VERÐTILBOÐ!
HELLULAGNIR • HLEÐSLUVEGGIR • ÞÖKULAGNIR
SLÁTTUR • KLIPPING • HREINSUN • JARÐVEGSSKIPTI
FREKARI UPPLÝSINGAR Í S. 897 3057 OG Á WWW.GOTTVERK.IS

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**[ AIS Fyrir Báta og Skip ]**
AIS Class – A AIS Class – B AIS Class – B með skjá
Betri búnaður - Betra verð
Elcon ehf • sími 5529510 • elcon@simnet.is

**Alla fimmtudaga** gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Tilkynningar



# Frá Akureyrarkaupstað

## Kynning vegna deiliskipulagsgerðar

### Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut

Um þessar mundir er unnið að gerð deiliskipulags fyrir Dalsbraut, frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut. Tillagan er gerð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Framkvæmdin er einnig tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur lagt fram til kynningar lýsingu á skipulagsverkefninu ásamt matslýsingu og tilkynningu framkvæmdar. Þar koma m.a. fram hvaða áherslur eru ráðandi við gerð deiliskipulagsins og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu. Lýst er fyrirhuguðu skipulagsferli og hvernig kynningu og samráði verður háttað gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

### Miðbær suðurhluti – Drottningarbrautarreitur

Um þessar mundir er unnið að gerð deiliskipulags fyrir suðurhluta miðbæjar Akureyrarkaupstaðar, Drottningarbrautarreits. Tillagan er gerð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur lagt fram til kynningar lýsingu á skipulagsverkefninu. Þar koma m.a. fram hvaða áherslur eru ráðandi við gerð deiliskipulagsins og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu. Þá er fyrirhuguðu skipulagsferli lýst og hvernig kynningu og samráði verði háttað gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

*Þessar tvær greinargerðir liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og komið með ábendingar. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is undir:* Stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál.

*Þeir sem vilja koma ábendingum til skipulagsnefndar er bent á að senda þær á netfangið skipulagsdeild@akureyri.is eða skila þeim skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.*

Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
# Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

## Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Eftirfarandi skipulagsáætlanir eru hér með auglýstar til kynningar. Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/. Kynningartími skipulagstillögu nr. 1 er frá 14. júlí til 26. júlí en skipulagstillögur nr. 2-4 frá 14. júlí til 26. ágúst 2011. Athugasemdirvið tillögur 2-4 skulu berast skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 26. ágúst 2011 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests, telst vera samþykkur þeim.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:**

1. Tillaga að deiliskipulagi bæjartorfu Efsta-Dals II í Bláskógabyggð.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

2. Breyting á skilmálum frístundabyggðar við Árveg 1-12 úr landi Kringlu II í Grímsnes- og Grafningshreppi.
3. Breyting á skilmálum frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða í Grímsnes- og Grafningshreppis. Svæði D.
4. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Miðengis við 5. og 6 braut og við Álftavatn í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

## Heimilistæki

Hef til sölu þvottavél og ísskáp. Sími 848 0112

Til sölu vegna flutninga erlendis. Þvottavél = 10.000,-, Uppþvottavél = 10.000,- Þurrkari = 5.000,- Ísskápur = 10.000,- Hrærivél = 2.500,- Örbylgjuofn = 3.500,- Bang og Olufsen 50" sjónvarp = 35.000,- Leirtau og hnífapör f/12 manns úr Ilvu = 5.000,- Nánari upplýsingar Birgir 822-4880

## Dýrahald



Yndislegir papillonhvolpar óska eftir framtíðarheimili, fjórir 9 vikna rakkar tilbúnir til afhendingar. Með ættbók frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Upplýsingar í s- 4866034, á www.123.is/hlidar og hlidgnup@hotmail.com.

## Til sölu




Í **DENNISON** flatvagn sem gert hefur verið við eftir umferðaróhapp. Vagninn er til sýnis að Smiðshöfða 3-5 Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á útboðsvef **VÍS á vis.is** eða í síma **560 5149**.

## Til leigu

### Skrifstofuhúsnæði til leigu, 101 Rvk.



**Til leigu er skrifstofurými í einu glæsilegasta húsi landsins við Garðastræti 37, 101 Reykjavík**

Um er að ræða um 205 fm á jarðhæð sem skiptist í 5 skrifstofur, opið vinnusvæði og móttöku.

Hægt er að leigja allt rýmið eða hluta.

Aðgangur er að frábærum fundarherbergjum, mötuneyti, sturtuaðstöðu og garði.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Kr. í síma 618 7000 eða á gisli@gco.is

Myndir: http://url.is/56p

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.

**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

4 og 1/2 herbergj 117fm. íbúð til leigu á Seljabraut 4hæð. 150.000 á mán, 1 1/2mán fyrirfr. + 100.000 víxill trygging. S. 845 3379

**Ódýr gisting**
Fallegar hótel íbúðir í Hafnarf. til leigu til lengri eða styttri tíma. Allur búnaður og internet. Uppl: 899 7004.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Snyrtileg 50fm stúdíóíbúð á Vatnsenda til leigu. 80 þús á mánuði. Uppl. í s. 661 4293 / dagur18@gmail.com

Ódýr gisting í júlí og ágúst S: 821 4848 og 578 4848.

Nýleg 26m2 studióíbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni" við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi í íbúð, húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00

Nýleg 32m2 studióíbúð miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni" við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi í íbúð, húsaleigubætur fást á þessa íbúð. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00

Til leigu falleg 70 fm íbúð með húsgögnum við Klapparstíg frá 1. sept. S. 697 7277.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

## Húsnæði óskast

Stúdíó-íbúð eða innréttaður bílskúr á svæðum 101-108 eða 112 óskast til leigu sem fyrst. Reyklaus, reglusamur og skilvísum greiðslum lofað. Jóhannes,s. 690-5254

Mæðgur ó.e. 3 herb. íbúð til langtímaleigu miðsvæðis í Rvk, helst í Hlíðum. Er reyklaus og reglusöm. Uppl. í síma 771-3563.

Ung kona með barn óskar eftir 3 herb íbúð ekki dýrari en 130þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 774 0797

45 ára kona óskar eftir snyrtilegri 2-3 herb íbúð í höfuðborginni. S: 897 5335

Óska eftir íbúð í Höfuðborgarsv. Reyklaus og reglusamur leigjandi. Uppl. í s. 847 7171.

## Sumarbústaðir



Nýtt hús í nágrenni við Torrevieija á Spáni til leigu. Lausar vikur í júlí, ágúst og fram í sept. Stutt í golf, sundlaugargarð, verslanir og veitingahús. Uppl. í s. 824 0440 og 894 4388.



**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**
Gistiaðstaða f. 10-15 manns. Helgarleiga 75þús sun-föst 5 nætur 95þús. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á www.sumarhus.edicypages.com

## Húsnæði til sölu



**Langanesvegur 2, Þórshöfn er til sölu.**
**Húsið er 538 ferm á einni hæð og er byggt 1980, býður upp á ýmsa möguleika, t.d. sem verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða fyrir léttan iðnað. Lóðin er alls 1027 ferm, staðsett í miðbænum.**
**Óskað er eftir tilboðum Rúnar Konráðsson sími:898-7364 runar@isfelag.is**

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Ódýr gisting í júlí og ágúst S: 821 4848 og 578 4848.

## Atvinna í boði

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

**Bakari**
Bakari óskast til starfa í nýtt bakarí í Grafarvogi, Hverafold 1-3. Upplýsingar gefur Svanur í s: 8683886 eða á staðnum. Svansbakarí ehf.

Óskum eftir hörkuduglegum, reyklausum og sjálfstæðum aðila á vaktir í söluturn í Breiðholti og Hraunbæ. Eingöngu 18 ára og eldri koma til greina. Umsóknir sendist á maria-holmgrims@hotmail.com. Uppl. í s. 846 1082.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir




**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| 3.-5. JÚNÍ | Sjóarinn síkáti í Grindavík |
| 10.-11. JÚNÍ | Kótelettan á Selfossi |
| 17.-18. JÚNÍ | 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Íslenskar dægurperlur Helga Björns í Hörpu |
| 24.-25. JÚNÍ | Sólsetурshátíð í Garði. |
| 1.-2. JÚLÍ | Sauðárkrókur |
| 8.-9. JÚLÍ | Borgarnes |
| 15.-16. JÚLÍ | Útihátíð Bylgjunnar á Flúðum |
| 22.-23. JÚLÍ | Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| 5.-6. ÁGÚST | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| 12.-13. ÁGÚST | Blómstrandi dagar í Hveragerði |
| 20. ÁGÚST | Afmælishátíð Bylgjunnar á Ingólfstorgi á Menningarnótt í Reykjavík |
| 26.-28. ÁGÚST | Afmælishátíð Bylgjunnar í hljóðveri Bylgjunnar í Skaftahlíð |

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Borgfirðingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Flúðum á útihátíð Bylgjunnar.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

ÆVINTÝRA EYJAN

olís

BYLGJAN 25 ÁRA 989

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sæti, **6.** frá, **8.** magi, **9.** gogg, **11.** eldsneyti, **12.** hroki, **14.** vinna, **16.** tveir eins, **17.** sérstaklega, **18.** impra, **20.** hljóta, **21.** sleit.

**LÓÐRÉTT**
**1.** spotti, **3.** skammstöfun, **4.** fax, **5.** hlóðir, **7.** ávöxtur, **10.** ílát, **13.** skraf, **15.** skjótur, **16.** belja, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hít, **9.** nef, **11.** mó, **12.** dramb, **14.** starf, **16.** kk, **17.** sér, **18.** ýja, **20.** fá, **21.** rauf.

**LÓÐRÉTT: 1.** band, **3.** eh, **4.** símbréf, **5.** stó, **7.** ferskja, **10.** fat, **13.** mas, **15.** frár, **16.** kýr, **19.** au.


# ÚTBOÐ

## SKÓLAMÁLSVERÐIR Í GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

Garðabær óskar eftir tilboðum í framleiðslu og framreiðslu á mat fyrir fjóra grunnskóla.

Samningstíminn er þrjú ár auk ákvæða um framlengingu.

Útboðsgögn verða afhent endurgjaldslaust í gegnum heimasíðu Garðabæjar, veffang: www.gardabaer.is

Tilboðum skal skila eigi síðar en kl. 14.00 þann 8. ágúst 2011 í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Tækni- og umhverfissvið



Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Endurvinnsla Efnaeimingar ehf. Höfnum, Reykjanesbæ.**

**Förgun affallsvökva frá Svartsengi og Bláa lóninu. Grindavíkurbæ.**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **15. ágúst 2011.**

**Skipulagsstofnun**


# Eftirlýst: Brýr, vegir og rigning!

BAKÞANKAR Sigríðar Víðis Jónsdóttur



Bömmer með brúna yfir Múlakvísl. Bömmer fyrir fólk í ferðaþjónustu á svæðinu. Bömmer að ekki sé tæknilega mögulegt að byggja brú í beljandi jökulfljóti á tveimur dögum og að eina til tvær vikur taki að hanna og smíða yfir 100 metra langt mannvirki sem stendur af sér þungaflutninga jafnt sem jökulburð.

**Í SUÐUR-SÚDAN** – nýjasta ríki veraldar og jafnframt því fátækasta – grafast ómalbikaðir vegaslóðar reglulega sundur þegar rignir. Stundum rignir alltof mikið, stundum ekki neitt. Því miður er ekkert kerfi á vegum stjórnvalda sem er með sólarhringsvöktun og fer í gang um leið og vegir rofna. Í landi sem er mörgum sinnum stærra en Ísland og þar sem flestir búa í litlum þorpum vítt og breitt um svæðið er þetta ansi mikill bömmer.

**SUMIR** vegaslóðanna eru orðnir svo slæmir að nánast ómögulegt er að aka þá. Víða eru síðan engir vegir eða brýr. Það er ekki heiglum hent að koma dauðveiku barni með hraði á sjúkrahús. Fyrir utan það að sjúkrahúsin eru sjaldnast til staðar. Um síðustu helgi lýsti Suður-Súdan yfir sjálfstæði eftir sögulega friðarsamninga, kosningar og þar áður blóðuga borgarastyrjöld. Þrátt fyrir ótal áskoranir er framtíðin af mörgum álitin björt í landinu núna og mikil áhersla lögð á menntun barna – 70% krakka á aldrinum 6-17 ára hafa ekki fengið tækifæri til að ganga í skóla.

**FRÁ** nágrannalöndum hins nýja ríkis berast voveiflegar fréttir. Í austurhluta Afríku eru ungbörn alvarlega vannærð vegna hækkandi matvælaverðs og ógnvekjandi þurrka sem eru þeir mestu í yfir fimmtíu ár. Fyrir þau sem lítið hafa má ekkert út af bregða – uppskerubrestur þýðir tóma buddu, tómt borð og sveltandi fjölskyldur.

**STAÐAN ER** verst í austurhluta Keníu, austurhluta Eþíópíu og Sómalíu. Flest vannærðu barnanna eru frá Sómalíu en þar bætast langvinn átök ofan á allt hitt. Upplausn og óstöðugleiki hafa orsakað að kerfið sem ætti að grípa fólk í fallinu er ekki til staðar. Afleiðingarnar eru illa haldið fólk sem ekki sér annan kost en að flýja yfir til nágrannaríkjanna – sem sjálf eiga í vanda. Börn eru meirihluti flóttafólksins frá Sómalíu og mörg þeirra eru illa haldin af vannæringu. Mikilvægt er að meðhöndla þau samstundis.

**ÞAÐ ER** nefnilega bömmer hvað vannærð börn eru fljót að missa mótstöðuna. Bömmer hvað börn eru fljót að látast úr ýmsu því sem þau myndu venjulega ráða vel við.

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




ENN BETRA VERÐ



### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og nettur USB 2.0 minnislykill á ótrúlegu tilboði, fyrstir koma fyrstir fá!

**1.490**

8GB 3.990 • 16GB 7.990

NÝ SENDING




### 24”BENQ LCD SKJÁR

BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði

**29.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 24” LCD

ÓTRÚLEG FLAKKARA TILBOÐ



### 1TB FLAKKARI

Ótrúleg tilboðsverð á glæsilegum Seagate, WD og Samsung USB2 flökkurum

**9.990**

1.5TB 12.900 • 2TB 16.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

Allar sumarvörur

# 20-50%

afsláttu

# útsala!




ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTS

SALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!


BYKO
útsala!
Tjöld og ferðavörur
Garðhúsgögn
Sumarleikföng
Blóm og pottar
Girðingareiningar
ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!

# menning

menning@frettabladid.is

! **Í KVÖLD KLUKKAN 20.00** stendur Vinafélag Gljúfrasteins fyrir fyrirlestri með Fred E. Woods, bandarískum fræðimanni sem sérhæfir sig í sögu Mormónakirkjunnar. Hann fjallar um tengsl Halldórs Laxness og kirkju hinna síðari daga heilögu. Aðgangur er ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 14. júlí 2011**

**➜ Tónleikar**

**12.00** Jónas Þórir Þórisson organisti í Bústaðakirkju og Gréta Hergils Valdimarsdóttir sópran flytja tónlist í Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

**17.30** Klassíski gítarleikarinn Mihalis Moshoutis frá Grikklandi heldur tónleika í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Allir velkomnir.

**21.30** Söngkonan Ragnheiður Gröndal verður með tónleika í Deiglunni á Akureyri ásamt hljómsveit. Aðgangseyrir er 2.000 kr.

**➜ Myndlist**

**12.00** Einkasýning á verkum Svandísar Egilsdóttur í Pittinum, Smiðjustíg 10, Reykjavík. Verkin eru unnin út frá boðskap Hávamála. Allir eru velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

06.07.11 - 12.07.11




**1** Það sem aldrei gerist - kilja
Anne Holt




**2** Sokkaprjón
Guðrún S. Magnúsdóttir



**3** Bollakökur Rikku
Friðrika Hjördís Geirsdóttir




**4** Íslenskur fuglavísir - nýr
Jóhann Óli Hilmarsson




**5** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**6** Íslenskar lækningajurtir
Arnbjörg L. Jóhannsdóttir




**7** Little Big Book About Iceland
Sigurgeir Sigurjónsson




**8** Kortabók MM - 2011
Örn Sigurðsson




**9** Nemesis - kilja
Jo Nesbø




**10** Íslenska vegahandbókin 2010 - Ýmsir höfundar

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**FRÁ BÁTASAFNINU** Þótt hljómburðurinn hafi ekki verið upp á marga fiska bætti frábært umhverfi bátasafnsins það upp, sem og líflegur flutningur, að mati tónlistargagnrýnanda Fréttablaðsins. MYND/JÓNAS SEN

# SKRAPATÓL Á SIGLUFIRÐI

Tónlist ★★★★

**Svipmyndir frá Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði 6. til 10. júlí**

Ýmsir flytjendur

Það var erfitt að sofna aðfaranótt sunnudagsins á Siglufirði. Þjóðlagahátíðin var í fullum gangi, og gleðin var svo mikil að sumir hljóðfæraleikarar fóru bara alls ekkert að sofa. Klukkan fjögur um nóttina byrjaði hávær lúðrablástur úti á götu nálægt húsinu þar sem ég var. Engin þjóðlög voru spiluð. Minnisstæðast af þeim tónleikum var upphafslagið úr sjónvarpsþáttaröðinni Dallas.

### Fjölbreytt hátíð

Þótt Þjóðlagahátíðin sé ekki fyllerríssamkoma, er þetta atvik samt lýsandi fyrir stemninguna. Hátíðin í ár hófst miðvikudaginn 6. júlí og stóð fram á sunnudag. Gleðin í andrúmsloftinu var áþreifanleg. Maður skilur að sumt tónlistarfólkið hafi hreinlega ekki ráðið við sig. Það voru alls konar tónleikar, leiksýning, erindi, námskeið og ýmsar aðrar uppákomur.

Á laugardeginum sá ég þjóðdansa í garðinum fyrir aftan Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar. Þeir voru skemmtilegir. Fyrir þá sem ekki vita tók Bjarni á sínum tíma saman ritið Íslensk þjóðlög, og kom það út fyrir um hundrað árum. Það inniheldur upp undir 500 lög og er án efa eitt af mikilvægustu ritum íslenskrar tónlistarsögu. Bjarni var prestur á Siglufirði. Þaðan eru tengsl bæjarins við íslensk þjóðlög komin.

Þjóðlög voru samt ekki það eina á hátíðinni. Mjög gróflega er hægt að skipta tónleikunum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi voru þetta tónleikar með íslenskum þjóðlögum í ýmiss konar búningi. Í öðru lagi var flutt ný eða nýleg íslensk tónlist. Í þriðja lagi var erlend tónlist á dagskránni, sem á rætur sínar að rekja til gamalla tónlistarhefða. Þar á meðal var bluegrass, brasilísk og kólumbísk tónlist, skandinavísk þjóðlög og margt fleira.

### Yfirþyrmandi rómantík

Auðvitað var ógerningur að fara á allt á hátíðinni. Ég kom til Siglufjarðar seint á miðvikudagskvöldið og fór fyrst á tónleika í Siglufjarðarkirkju daginn eftir. Þar söng Kristín Á. Ólafsdóttir íslensk þjóðlög við meðleik félaga úr Caput-hópnum og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Útsetningarnar voru eftir Atla Heimi Sveinsson. Þær voru íburðarmiklar, hugsanlega einum of. Ef ég skildi tónleikaskrána rétt þá var um að ræða útsetningar sem Atli Heimir gerði fyrir hljómplötu árið 1978. Rómantíkin í útsetningunum var yfirþyrmandi, kannski barn síns tíma. Hana ber að meta í því ljósi. Og flutningurinn var alltént líflegur. Kristín söng frá hjartanu og kom stemningu hvers lags ágætlega til skila. Hún var samt nokkra stund að komast almennilega í gang.

> Þessir tónleikar voru í hnotskurn það sem maður vill fá út úr þjóðlagahátíð. Útsetningarnar voru spennandi og ekta og fólki var veitt innsýn í tónlistarlífið á Íslandi í fyrndinni.

Næstu tónleikar sem ég sótti voru líka í kirkjunni. Frumfluttar voru nokkrar íslenskar tónsmíðar. Þær voru fyrir slagverk og hörpu. Frank Aarnink spilaði á trumburnar; Katie Buckley á hörpuna. Ekki kom almennilega fram í tónleikaskránni hvenær um var að ræða frumflutning og hvenær ekki. En þarna voru flott verk. Þrír dansar eftir ungt tónskáld, Erlu Axelsdóttur, báru vott um mikla hugmyndaauðgi. Leyndir dansar eftir Oliver Kentish voru líka fallegir, prýðilega byggðir upp og fullir af skáldskap. Og stemningin í hluta úr ballett eftir Elínu Gunnlaugsdóttur var hrífandi. Minna var varið í hinar tónsmíðarnar á efnisskránni, að mínu mati.

### Afturhvarf til fyrri tíma

Á föstudagskvöldið var komið að tónleikum í Bátasafninu. Það er magnaður staður! Safnið er eftirlíking af höfn, með misstórum bátum og bryggju. Stærsti báturinn var sviðið, og áheyrendur sátu allt í kring. Þarna kom fram sönghópurinn Voces Thules og á efnisskránni voru danskvæði frá fimmtándu öld og allt til þeirrar nítjándu.

Þrátt fyrir að hljómurinn hafi ekki verið neitt sérstakur (hátalararnir hefðu þurft að vera mun fleiri) var þetta samt einstök skemmtun. Umhverfið var frábært, og svo var tónlistin sjálf lifandi, fjölbreytt og spennandi. Hljóðfærin voru flautur, ýmiss konar slagverk, langspil, stofuorgel og symfón. Það síðastnefnda er eins konar lírukassi með strengjum og hjóli sem virkar eins og fiðlubogi. Einn úr hópnum kallaði það skrapatól, sem er réttnefni, því hjólið skrapar strengina.

Það var eins og að vera kominn aftur í tímann að hlusta á þessa tónlist. Nú veit ég ekki hvort hún var flutt akkúrat svona í gamla daga á Íslandi – en stemningin var a.m.k. trúverðug.

Þessir tónleikar voru í hnotskurn það sem maður vill fá út úr þjóðlagahátíð. Útsetningarnar voru spennandi og ekta og fólki var veitt innsýn í tónlistarlífið á Íslandi í fyrndinni. En frumflutningar og erlend þjóðlagatónlist á mörgum öðrum tónleikum var auðvitað í góðu lagi líka. Þannig voru þjóðlögin mátuð við nútímann á Íslandi og við ýmsa erlenda strauma. Það var nauðsynlegt upp á samhengið.

Í það heila var stemningin á Siglufirði frábær. Það er óhætt að mæla með hátíðinni. En lesandi góður, ekki gleyma eyrnatöppunum ef þú vilt fá almennilega hvíld um nætur!

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði var fjölbreytt, stemningin skemmtileg. Tónlistin var oft athyglisverð og gaf manni aukna innsýn í tónlistarlífið á Íslandi í gamla daga.



NOKIA
Connecting People
Nokia N8 nýtist stundum betur en myndavélin
Sem atvinnuljósmyndari skil ég myndavélina aldrei við mig. En stundum þarf ég að fanga augnablikið strax á einfaldari hátt og þar kemur N8 sterkur inn. Ég er alltaf með hann og það er algjörlega ómetanlegt að geta sameinað fullkominn síma og hágæðamyndavél sem hvaða ljósmyndari getur verið stoltur af. Myndirnar get ég sent á sama augnabliki og þær birtast svo á visir.is skömmu síðar.
Gæðin í myndavélinni í N8 eru ótrúleg.
Vilhelm Gunnarsson
ljósmyndari hjá
Fréttablaðinu
Taktu þátt í ljósmyndakeppni Nokia N8
Þú getur unnið 100.000 kr. fyrir það eitt að smella af. Allt um keppnina á:
www.n8.is
myndavélin
N8
Nokia N8 er með 12 MP myndavél, stærstu myndavélaflögu í farsíma, Carl Zeiss-linsu, Xenon-flassi og myndbandsupptöku í háskerpu og stereo.

> HRÆDD VIÐ HOLLYWOOD

„Ég var næstum hætt við að verða leikkona því mér fannst borgin svo yfirþyrmandi og allir að eltast við sama drauminn.“

***Gamanleikkonan Kristen Wiig viðurkennir að hafa verið hrædd við Hollywood og kvikmyndabransann þegar hún flutti til Los Angeles.***



# bíó

bio@frettabladid.is

## Endurkoma Banderas

Spænski hjartaknúsarinn Antonio Banderas hefur bæst í leikarahóp myndarinnar He Loves Me. Síðustu ár hefur Banderas ekki verið áberandi á hvíta tjaldinu nema þá helst rödd hans, en Banderas talar fyrir stígvélaða köttinn í teiknimyndunum um tröllið Shrek.

Fólkið á bak við myndina He Loves Me eru leikstjórarnir Jonathan Dayton og Valerie Faris en þau gerðu Little Miss Sunshine sem sló í gegn fyrir nokkrum árum. Það er því mikil eftirvænting eftir næstu mynd frá leikstjóratvíeykinu. Leikarnir Paul Dano, Steve Coogan og Zoey Kazan fara með aðalhlutverk í myndinni sem fjallar um ungan rithöfund sem berst við ritstíflu með óvanalegum hætti.

He Loves Me er einungis á undirbúningsstigi og áætluð frumsýning er árið 2014. Banderas hefur því nógan tíma til að undirbúa sig fyrir endurkomuna.



**Á HVÍTA TJALDINU** Leikarinn Antonio Banderas verður hluti af leikarahópnum í myndinni He Loves Me en myndin er frá sömu leikstjórum og gerðu Little Miss Sunshine.

## Eftirsóttur Depp

Leikarinn Johnny Depp situr ekki auðum höndum á næstunni en það eru fjórar, hugsanlega fimm myndir í bígerð hjá kappanum.

Þessa dagana er Depp við tökur á myndinni Dark Shadows þar sem hann er enn á ný undir leikstjórn Tim Burton, en sú mynd verður frumsýnd árið 2012. Það ár verður leikarinn áberandi í bíóhúsum en myndirnar 21 Jump Street og The Lone Ranger með Depp í aðalhlutverki, verða einnig frumsýndar það ár. Nú er hann orðaður við aðalhlutverk í tveimur myndum til viðbótar sem ennþá eru á undirbúningsstigi. Það er endurgerð á sjónvarpsþáttunum The Night Stalker og mynd sem ber nafnið Midnight Ride.

Árið 2011 hefur til þessa verið gott ár fyrir Depp en hann brá sér enn og aftur í hlutverk sjóræningjans Jack Sparrow í fjórðu sjóræningamyndinni, Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides. - áp



**MIKIÐ AÐ GERA** Johnny Depp verður áberandi í kvikmyndahúsum árið 2012 þar sem þrjár myndir með honum í aðalhlutverki verða frumsýndar.

## Nýr Bourne á leiðinni

Leikarinn Edward Norton er orðaður við hlutverk illmennis í myndinni The Bourne Legacy. Norton er með myndir á borð við American History X og The Fight Club á ferilskránni og því alls ekki óvanur að bregða sér í hlutverk illmennis.

The Bourne Legacy er fjórða myndin í Bourne-seríunni en sú fyrsta sem skartar ekki Matt Damon í hlutverki Jason Bourne. Í þetta sinn er það leikarinn Jeremy Renner sem fer með aðalhlutverkið með leikkonuna Rachel Weisz sér við hlið. Myndin fer í tökur með haustinu.



**ILLMENNI** Edward Norton er orðaður við illmenni í fjórðu myndinni í Bourne-seríunni, The Bourne Legacy.




# LÍFIÐ EFTIR HARRY POTTER

**Daniel Radcliffe hefur nú lokið við að leika í átta myndum um galdrastrákinn Harry Potter. Á ferill unga leikarans eftir að halda áfram að vaxa og dafna eða tekst Radcliffe aldrei að hrista Harry Potter af sér?**



**10 ÁR SEM POTTER** Daniel Radcliffe varð Harry Potter og passaði vel í hlutverkið. Nú þegar ævintýrum galdrastráksins er lokið, er spurning hvað tekur við hjá Radcliffe.

NORDICPHOTO/GETTY

„Þetta er Harry Potter“ var það fyrsta sem flaug í gegnum huga leikstjóra fyrstu tveggja Harry Potter-myndanna, Chris Columbus, þegar hann sá Daniel Radcliffe í prufunum. Leikarann unga grunaði ekki að heimsbyggðin í myndi þekkja hann sem galdrastrákinn Harry Potter næstu tíu árin.

Foreldrar Radcliffes ætluðu í fyrstu ekki að leyfa honum að fara í prufurnar. Þeim fannst mikil skuldbinding fyrir tíu ára son sinn að skrifa upp á sjö kvikmynda samning. Eftir þrýsting frá leikstjóranum samþykktu þau að Radcliffe myndi gera tvær myndir og sjá svo til.

Framhaldið er öllum ljóst og nú er Potter-ævintýrið á enda. En hvað tekur við hjá Radcliffe? Það verður erfitt fyrir leikarann að hrista galdrastrákinn af sér og fara inn á nýjar brautir. Tengingin milli Radcliffes og Harry Potter á eftir að vera mjög sterk næstu árin, ef ekki það sem eftir er.

Næstu skref leikarans eru því mjög mikilvæg en hann hefur þegar lokið við að leika í myndinni The Woman in Black. Þar fetar Radcliffe inn á nýjar brautir og leikur ungan lögfræðing.

Radcliffe hefur vilja til að leika áfram og jafnvel skrifa en það eru ekki hundrað í hættunni þótt hann dragi sig úr sviðsljósinu. Radcliffe er ríkari en Bretaprinsarnir Vilhjálmur og Harry, en eignir hans eru metnar á 11 milljarða íslenskra króna. En þótt hann hafi verið í fimmta sæti yfir ríkustu leikara í Hollywood árið 2010, samkvæmt Forbes-listanum, hefur Radcliffe ekki áhuga á peningum og er ekki með dýran smekk. Hann eyðir helst í að fylla bókaskápana sína. alfrun@frettabladid.is

### SKÓLASTELPA OG TÍSKUFYRIRMYND

Hvað tekur við hjá **Emmu Watson** eftir að hún skilur við Hermonie? Á seinustu tíu árum hefur Harry Potter átt hug Watson allan en nú ætlar leikkonan unga að setjast á skólabekk. Seinustu ár hefur Watson verið við nám í Brown-háskólanum í Bandaríkjunum, milli þess hún tekur upp Harry Potter-myndirnar. Í haust ætlar Watson hins vegar að færa sig um set og fer í fullt nám við Oxford háskóla.

En hún ætlar ekki alveg að leggja leiklistina á hilluna því Watson hefur þegar leikið í tveimur nýjun myndum. My Week with Marilyn, sem frumsýnd verður síðar á þessu ári, og The Perks of Being a Wallflower, sem kemur á hvíta tjaldið á næsta ári.

Eftir að Watson var andlit Burberry-tískuhússins árið 2009/2010 varð hún tískufyrirmynd og fastur gestur á fremstu röð á tískuvikunum. Því má fastlega gera ráð fyrir að hún verði áfram fyrirmynd í tískuheiminum.



## Sýnishornið lofar góðu

Sýnishorn úr annarri myndinni um breska spæjarann Sherlock Holmes hefur nú litið dagsins ljós og lofar góðu. Myndin sjálf verður ekki frumsýnd fyrr en í desember á þessu ári en það er Robert Downey Jr. sem leikur titilhlutverkið. Frammistaða hans í fyrstu Sherlock Holmes-myndinni skilaði honum Golden Globe-verðlaununum.

Nýliðinn í myndinni Sherlock Holmes: A Game of Shadows, er einnig nýliði í Hollywood en það er sænska leikkonan Noomi Rapace, Hún sló í gegn sem Lisbeth Salander í Stieg Larsson-myndunum. Ef marka má hennar eigin orð um hlutverk sitt í Sherlock Holmes er karakterinn Sim ekki svo langt frá tölvuhakkaranum Lisbeth Salander. „Sim er sígauni og spákona. Svolítið klikkuð og algjör töffari. Mér líkar vel við hana.“

Leikstjórinn Guy Pierce leikstýrir myndinni en hann var einnig við stjórnvölinn í fyrri myndinni um Sherlock Holmes.

NORDICPHOTO/GETTY



**NÝLIÐINN** Noomi Rapace leikur sígaunakonuna Sim í frumraun sinni í Hollywood.



**TVÍEYKIÐ** Robert Downey Jr og Jude Law mynda gott spæjarateymi í framhaldsmyndinni Sherlock Holmes: A Game of Shadows.


Nýtt kortatímabil
Síðustu dagar
magnaðrar útsölu
33%
KAFFIMALARI
Verð áður ............. 5.999
Útsöluverð ........... 3.990
Þú sparar 3.000
Verð áður ........... 10.990
Útsöluverð ........... 7.990
WEBER Q300
Verð áður ............ 99.949
Útsöluverð ........... 89.949
Þú sparar 10.000
30%
PÖNNUKÖKUPANNA
Verð áður ............. 4.999
Útsöluverð ........... 3.499
350. Miklabraut
Þú sparar 8.980
GARMIN NUVI 1440
Verð áður ............ 44.900
Útsöluverð ........... 34.920
50%
Verð áður ............. 5.990
Útsöluverð ........... 2.990
Þú sparar 3.000
Verð áður ............ 10.999
Útsöluverð ........... 7.999
80%
KAFFISKEIÐ MEÐ KLEMMU
Verð áður ............. 1.582
Útsöluverð ............. 316
29%
BABYLISS SLÉTTUJÁRN
Verð áður ............. 6.999
Útsöluverð ........... 4.999
Þú sparar 5.000
KÆLISKÁPUR
Verð áður ........... 29.900
Útsöluverð .......... 24.900
25%
Verð áður ............. 2.499
Útsöluverð ........... 1.874
50%
EVA TRIO 2.5L
Verð áður ........... 14.938
Útsöluverð ........... 7.469
30%
MULTITOOL
Verð áður ............. 1.999
Útsöluverð ........... 1.399
50%
Verð áður ........... 12.499
Útsöluverð ........... 6.250
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
HÆKKUM AFSLÁTTINN
• Lítil heimilistæki
• eldhúsáhöld • borðbúnaður
• klukkur • vasaljós • glös
• plastvörur • ljósaseríur • ferðavörur
• sumarvörur • grillvörur • bökunarvörur
• pottar og pönnur • eldföst mót • hár-
snyrtitæki • rammar • perur • hitakönnur
• ferðakrúsir • stór heimilistæki
og margt margt fleira...
ÚTSÖLU- OG RÝMINGARSÖLUVÖRUR - ALLUR PAKKINN
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid



**7,2 KÍLÓ HAFA FOKIÐ** af leikaranum Russell Crowe frá því að hann hóf átak sitt hinn 17. júní síðastliðinn. Leikarinn, sem hefur lengi átt í basli við aukakílóin, er staðráðinn í að losa sig við tæp 19 kíló, en hann mun þá verða 84 kíló að þyngd.

# Semur við Senu

„Fyrsta breiðskífan á leiðinni, maður. Platan inniheldur öll lög sem hafa komið í þáttunum frá upphafi. Þetta eru 15 lög,“ segir grínistinn Steindi Jr.

Steindi og Ágúst Bent, vopnabróðir hans, sömdu nýlega við Senu um útgáfu á breiðskífunni Án djóks – samt djók, sem er væntanleg í verslanir í næstu viku.

Ertu farinn að líta á þig sem poppstjörnu?

„Nett, sko. Ég er fyrst og fremst grínisti. Þegar ég spila opinberlega, sem ég reyni að gera mjög sjaldan, þá er ég að skemmta fólki. Fólk sest ekki niður við borð með kerti og hlustar á gullbarkann,“ segir Steindi.

Lögin fengu öll væna andlitslyftingu frá upptökustjórateyminu Redd Lights, en Steindi ítrekar að lögin séu þó eins og þau voru í þáttunum, en hljóma þó betur. - afb



**ÞRÍR Í STUÐI** Steindi og Bent með Steinþór Helga, frá Senu, á milli sín við undirritun útgáfusamningsins á dögunum.




# Beyoncé á plötu West og Jay-z

**Rappkóngarnir Jay-Z og Kanye West hafa unnið saman að plötu undanfarin misseri og nú er hún komin með útgáfudag: 2. ágúst.**

**Platan heitir Watch the Throne og inniheldur 16 lög. Mikill gestagangur er á plötunni. Beyoncé Knowles syngur í laginu Lift Off, Frank Ocean kemur fram í tveimur lögum, Curtis Mayfield fær einnig að vera með ásamt Otis Redding, sem syngur í laginu Otis þrátt fyrir að hafa látist árið 1967.**



**FLOTTUST** Beyoncé lyftir eflaust plötu Jay-Z og Kanye West upp í hæstu hæðir með nærveru sinni.



**HREINSKILIN** Victoria Secret-fyrirsætan Miranda Kerr talar opinskátt um fæðingu sonar síns og leikarans Orlando Bloom.

# Hélt hún mundi deyja

**Fyrirsætan Miranda Kerr hélt að sársaukinn við fæðingu Flynns, sonar síns, mundi ganga frá henni. Kerr var hreinskilin í viðtali við bandaríska tímaritið InStyle þar sem hún talar opinskátt um fæðinguna, móðurhlutverkið og hjónaband sitt og leikarans Orlando Bloom.**

**„Ég hélt ég mundi deyja og á tímabili fannst mér eins og ég yfirgæfi líkama minn. Sársaukinn var svo mikill en ég hugsaði að fyrst aðrar konur gætu gert þetta þá hlyti ég að geta það líka,“ segir Kerr. Hún vakti athygli fyrir að vera eldsnögg að koma sér í form eftir barnsburðinn en aðeins nokkrum vikum seinna var hún mætt á tískupallana í París.**

**Bloom og Kerr giftu sig fjarri kastljósi fjölmiðlanna fyrir ári og fæddist Flynn í janúar á þessu ári.**



**FORELDRAR** Kate Hudson og Matt Bellamy eignuðust sitt fyrsta barn saman um helgina.

# Muse-barn í heiminn

**Leikkonan Kate Hudson varð léttari um helgina er hún fæddi barn sitt og söngvarans Matts Bellamy. Barnið var strákur og er Hudson því orðin tveggja barna móðir því hún á fyrir soninn Ryder sem er sjö ára.**

**Parið byrjaði saman fyrir rúmu ári en Bellamy er söngvari í hljómsveitinni Muse.**

# Tíunda G! hátíðin

Tónlistarhátíðin G! Festival hefst í bænum Gøta í Færeyjum í dag og stendur yfir til laugardags. Þetta verður í tíunda sinn sem hátíðin er haldin og hefur hún vaxið jafnt og þétt undanfarin ár.

Frá Íslandi mæta Mugison og rokksveitin Skálmöld sem eiga væntanlega eftir að halda uppi góðri stemningu. Mugison spilar í kvöld en Skálmöld á laugardag. Þekktasta hljómsveitin á hátíðinni er Travis frá Skotlandi sem hefur sent frá sér lögin Why Does It Always Rain on Me og Sing. Einnig stígur á svið gospelbandið The Blind Boys of Alabama sem hefur starfað saman í rúm sextíu ár, sænsku rokkararnir í Messuggah, færeyski tónlistarmaðurinn Högni og færeyska rokksveitin ORKA.



**TIL FÆREYJA** Fran Healey og félagar í Travis spila á G! Festival í Færeyjum um helgina.

# Tónleikaveisla á ársafmæli Faktorý

Faktorý býður til heljarinnar tónleikaveislu um helgina í tilefni ársafmæli skemmtistaðarins. Það voru hljómsveitirnar Hjálmar, Agent Fresco, Mammút, Feldberg, Benni Hemm Hemm og Retro Stefson sem stigu á svið og vígðu Faktorý helgina 15.-18. júlí í fyrra.

Í kvöld kl. 20 og annað kvöld ætlar DJ Danni Deluxe að þeyta skífum. Á föstudaginn spila hljómsveitirnar Agent Fresco, For a Minor Reflection, Lockerbie og Úlfur Úlfur, en á laugardag ætla Brain Police, The Vintage Caravan og Spector að spila fyrir tónlistarþyrsta gesti. Frítt er inn öll kvöldin, en tónleikarnir á laugardag og sunnudag hefjast kl. 23.



**EINS ÁRS** Skemmtistaðurinn Faktorý er eins árs. Í tilefni afmælisins verður tónleikaveisla um helgina, þar sem margar frábærar hljómsveitir spila fyrir gesti. Frítt er inn á alla viðburðina.



**NÝTT LAG** Hljómsveitin Morðingjarnir hefur sent frá sér lagið Blóð.

## Blóð frá Morðingjum

**Hljómsveitin Morðingjarnir hefur sent frá sér lagið Blóð sem er spaghettíkántrívestraslagari í anda KK og Ennio Morricone. Það er fyrsta lagið af væntanlegri plötu sveitarinnar og er það fáanlegt á Tonlist.is og Gogoyoko.com. Morðingjarnir hafa látið lítið fyrir sér fara síðan þeir sendu frá sér jólalagið Jólafeitabolla í fyrra. Morðingjarnir hafa á ferli sínum gefið út þrjár plötur þar sem pönkrokkið hefur verið í fyrirrúmi. Sú fyrsta hét Í götunni minni og kom út 2006, sú næsta hét Áfram Ísland og fyrir tveimur árum kom út Flóttinn mikli.**



**SNÝR AFTUR** Svo virðist sem Schwarzenegger ætli að snúa aftur á hvíta tjaldið í myndinni The Last Stand.

## Orðaður við nýjan vestra

Arnold Schwarzenegger, fyrrverandi ríkisstjóri Kaliforníu, hefur verið orðaður við hlutverk í vestranum The Last Stand. Leikstjóri er Kim Ji-woon frá Suður-Kóreu og verður þetta fyrsta myndin sem hann tekur upp á ensku. Schwarzenegger er sagður hafa hlaupið í skarðið fyrir Liam Neeson sem skerfari í mexíkóskum landamærabæ og hefjast tökur í september. Schwarzenegger hefur lýst því yfir að hann vilji snúa aftur á hvíta tjaldið en vandræði hans í einkalífinu hafa tafið fyrir endurkomunni.

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Útsalan í fullum gangi
Nú enn meiri afsláttur
NÝTT KORTATÍMABIL
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

# Rokkkvöldverður á Akureyri

Tvennir tónleikar til heiðurs bandarísku grugg-sveitinni Alice in Chains verða haldnir í kvöld og annað kvöld. Fyrst á Sódómu Reykjavík og síðan á Græna hattinum á Akureyri. Síðustu heiðurstónleikar voru á rokkhátíðinni Eistnaflugi.

„Eistnaflugið gekk framar vonum. Það var troðfullur salur og allir sungu með þrátt fyrir að þetta væri vígi þyngsta metalsins,“ segir skipuleggjandinn Franz Gunnarsson. „Vegna þess að þetta var pantað sérstaklega fyrir Eistnaflug ákváðum við að taka eina tónleika í Reykjavík og eina á Akureyri áður en Jenni [Jens Ólafsson úr Brain Police] fer aftur í nám til Danmerkur eftir helgi.“

Á Akureyri getur fólk pantað sérstakan rokkkvöldverð í Laxdalshúsi fyrir tónleikana þar sem hitað verður upp með bandinu. „Mér skilst að það verði brennivínsleginn lundi og nautarass og eitthvað dóterí sem verður framreitt með fullt af viskíi. Hugmyndin er að við snæðum með hópnum og á milli rétta stígum við á stokk og spilum fyrir gestina í beinni útsendingu hjá Plús 987,“ segir Franz.

Miðaverð á fjórréttaðan rokkkvöldverð með áfengi, skutli á tónleikana og á tónleikana sjálfa í fráteknum sætum er 15.900 krónur. „Þetta lítur mjög vel út og gæti orðið dúndur kvöldstund,“ segir Franz spenntur. -fb



**HEIÐRA ALICE** Íslenskir tónlistarmenn heiðra Alice in Chains með tónleikum í kvöld og annað kvöld. MYND/JOE RITTER

# Vogue í barnaherberginu

**Sarah Jessica Parker leyfði tímaritinu Vogue að smella myndum í barnaherbergi tvíburadætra sinna fyrir ágústheftið. Leikkonan íhugaði að flytja frá New York vegna ágengra ljósmyndara.**

Leikkonan Sarah Jessica Parker úr sjónvarpsþáttunum Sex and the City, eða Beðmál í borginni, leyfði nýverið tískutímaritinu Vogue að kíkja inn í barnaherbergi tvíburadætra sinna, Marion og Tabitha, sem eru tveggja ára. Skemmtileg myndaröð var tekin af henni á heimili hennar í New York ásamt tvíburunum, syninum James og eiginmanninum, leikaranum Matthew Broderick.

Venjulega er hin 46 ára Parker vör um sig þegar blaðaljósmyndarar eru annars vegar en ákvað að gera undantekningu fyrir Vogue, enda er hún sjálf mikil tískudrós. Hún segir að ljósmyndararnir í New York séu svo ágengir að hún hafi íhugað að flytja úr borginni en ekkert hefur orðið af því. „Maður skilur það núna þegar frægt fólk vill girða sig af á bak við járngirðingar en ég get ekki afborið það að lifa í slíkri einangrun,“ sagði hún.

Þrátt fyrir að vera ein frægasta leikkona heimsins verður Parker mjög taugaóstyrk þegar kvikmyndatökur hefjast. Sú var einmitt raunin við tökur á myndinni I Don´t Know How She Does It. „Strax á miðvikudeginum í fyrstu tökuvikunni var ég farin að snökta og biðjast afsökunar. Mér leið illa og ég skammaðist mín. Mér fannst ég hafa valdið leikstjóranum vonbrigðum. Svona er ég fyrstu tvær vikurnar á tökustað í hverri einustu mynd,“ sagði hún.

Leikkonan hefur nú sagt skilið við bandaríska tískumerkið Halston Heritage eftir að hafa starfað þar sem forstjóri og listrænn stjórnandi í eitt og hálft ár. Hún var dugleg við að kynna línu fyrirtækisins fyrir framhaldsmyndina Sex and the City 2 sem kom út í fyrra. Engar skýringar hafa verið gefnar á brotthvarfi leikkonunnar.



**MEÐ TVÍBURUNUM** Sarah Jessica Parker „papparössuð“ í New York með tvíburadætrum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gauti frumsýnir Hemma Gunn

„Það er alltaf fjör í kringum Hemma,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti.

Emmsjé Gauti frumsýnir myndband við lagið Hemmi Gunn á Café Oliver annað kvöld. Húsið verður opnað klukkan 22 og myndbandið verður sýnt á miðnætti.

Hemmi sjálfur kemur hvorki fram í laginu né myndbandinu, en var að sögn Gauta með honum og rapparanum Erpi Eyvindarsyni, Blaz Roca, í anda þegar lagið var tekið upp. „Hann veit örugglega ekki einu sinni að þetta lag er til,“ segir Gauti.

Myndbandið mun í kjölfarið ferðast um netheima og fer eflaust í spilun á Nova TV.



**NÝTT MYNDBAND**
**Blaz Roca** og **Emmsjé Gauti** leiða saman hesta sína í laginu Hemmi Gunn.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Harry Potter og Dauðadjásnin
FULLKOMIN GÆÐI!
★★★★ - L.S - ENTERTAINMENT WEEKLY ★★★★ - T.M - THE HOLLYWOOD REPORTER
STÆRSTA MYND ÁRSINS! BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN. SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
ATTACK THE BLOCK midi.is ZOOKEEPER TRANSFORMERS LÚXUS
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) | | |
|---|---|---|
| ATTACK THE BLOCK | KL. 8 - 10 | 16 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 5 - 10.15 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 - 7 - 8 - 10 - 10.40 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| ATTACK THE BLOCK | KL. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10 Harry Potter Stærsta mynd ársins! ZOOKEEPER BRIDESMAIDS TRANSFORMERS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HARRY POTTER - 3D | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| ZOOKEEPER | 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS - 3D | 10.10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30 og 9 |

SAMBÍÓIN
BARÁTTAN UM HOGWARTS ER HAFIN
STÆRSTA MYND ÁRSINS
HOLLYWOOD REPORTER E.T WEEKLY
„MÖGNUÐ ENDALOK“ KA. FBL
TIME
SJÁÐU LOKAKAFLANN Í 3D
TRANSFORMERS Bílabúð Benna
J.J. ABRAMS STEVEN SPIELBERG E.T WEEKLY SUPER 8
KUNG FU PANDA 2

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HARRY POTTER LUXUS VIP Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | VIP |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 2D kl. 8 - 11:10 | VIP |
| SUPER 8 kl. 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 5.10 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| HARRY POTTER (3D) kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 3 kl. 5:20 | L |
| TRANSFORMERS 3: DARK OF THE MOON kl. 8 - 11:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| HARRY POTTER DIGITAL-3D kl. 8 - 10:40 | 12 |
| TRANSFORMERS kl. 9 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| HARRY POTTER 3D kl. 2.20 -5.10 - 6.30 - 8 - 9.15 - 10.45 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D kl. 2.20 - 4.25 - 8 -10.30 | 12 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS kl. 2.20 - 5.45 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D kl. 2.20 - 4.25 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | |
|---|---|
| HARRY POTTER Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D kl. 6 - 9 | 12 |
| BEASTLY kl. 6 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | |
|---|---|
| HARRY POTTER kl. 5.10 - 8 - 10.40 | 12 |
| MR POPPER'S PENGUINS kl. 5.40 - 8 | L |
| SOMETHING BORROWED kl. 10.20 | L |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




útsala
enn meiri lækkun

50-70% afsláttur
af All Saints vörum og öðrum vörum

Nýtt kortatímabil

SAINTS
SAINTS Kringlunni | 517-3890






# sport

sport@frettabladid.is



**SIGURSTEINN GÍSLASON** var rekinn frá Leikni í Reykjavík á dögunum. Hann sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem meðal annars kom fram að hann ætlaði sér að taka við liðinu að nýju eftir veikindaleyfi skömmu áður en hann var rekinn. Hægt er að lesa yfirlýsinguna í heild sinni á Vísi. Gunnar Einarsson, sem var aðstoðarmaður hans, hætti hjá félaginu eftir brottreksturinn og er nú búinn að semja við Víkinga í Pepsi-deildinni.

Kaupverð Elfars Freys:

## Keyptur á 21 milljón króna

**FÓTBOLTI** Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er kaupverðið á Elfari Frey í kringum 21 milljón íslenskra króna. Þá fá Blikar 40 prósent af söluverði verði hann seldur frá félaginu í framtíðinni.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, segir Elfar Frey vera saklaust peð í skák Breiðabliks og AEK.

Hann sé settur í erfiða stöðu sem sé ekki sanngjarnt gagnvart honum. AEK hafi brotið reglur UEFA með því að ráðskast með leikmanninn í Aþenu. Þeir hefðu ekki sent samingstilboðið hefðu þeir vitað að Elfar Freyr myndi ekki spila gegn Rosenborg.

Arnar Grétarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá AEK og fyrrverandi Bliki, segir að þeir hafi velt fyrir sér málamiðlun að Elfar fengi að spila gegn Rosenborg en það hafi verið úr sögunni þegar ljóst var að Elfar yrði ekki gjaldgengur með AEK í umspilsleikjum félagsins í Evrópudeildinni.

„Blikarnir sögðust vera búnir að tala við KSÍ sem sögðu að það hefði engin áhrif á þátttökurétt hans hjá AEK. Svo kemur á daginn að það er ekki rétt. Hann mátti ekki spila með okkur ef hann hefði leikið með Blikum gegn Rosenborg,“ sagði Arnar. - ktd

# Elfar Freyr seldur í skugga deilna

**Breiðablik segir AEK hafa stillt sér upp við vegg til þess að Elfar Freyr gæti skrifað undir í gær. Arnar Grétarsson hjá AEK segir félögin hafa verið búin að komast að samkomulagi um félagaskipti leikmannsins.**

**FÓTBOLTI** Elfar Freyr Helgason er nýjasti atvinnumaður Íslands í knattspyrnu. Hann hélt á sunnudag til Grikklands og skrifaði í gærmorgun undir þriggja ára samning við AEK Aþenu.

Að sögn Blika átti Elfar Freyr aðeins að fara í læknisskoðun í Grikklandi en koma svo til móts við þá í Þrándheimi fyrir leik gærkvöldsins gegn Rosenborg í forkeppni meistaradeildar Evrópu.

Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, er allt annað en sáttur við framgöngu gríska félagsins undanfarna daga. Að hans sögn var aðeins gefið leyfi fyrir því að Elfar Freyr færi í læknisskoðun í Grikklandi.

Á þriðjudagskvöld hafi AEK sett þeim stólinn fyrir dyrnar. Gæfu þeir ekki grænt ljós á að Elfar skrifaði undir myndu þeir rifta samningnum.

„Við erum í raun plataðir til þess að senda hann út [til Grikklands]. Svo þeir nái taki á honum og geti stillt honum upp við vegg gagnvart okkur. Við sjáum þetta ekkert öðruvísi. Við lærum af þessu og þetta gerist aldrei aftur,“ sagði Einar Kristján ósáttur við Grikkina.

Einar Kristján sakar Arnar Grétarsson, yfirmann knattspyrnumála hjá AEK, og gríska félagið um óheiðarleg vinnubrögð.

Að hans sögn hafi félögin enn ekki skrifað undir samning þótt komist hafi verið að samkomulagi um kaupverð í gegnum tölvupóst. Gríska félagið hafi í raun ekki mátt hafa nein afskipti af Elfari Frey fyrr en samningurinn hafi verið undirritaður.

„Þetta kennir manni að maður getur ekki treyst mönnum í viðskiptum þótt maður hafi haft þá sem samstarfsfélaga í einhver ár,“ segir Einar Kristján og á þar við Arnar Grétarsson sem er uppalinn Bliki.

Arnar er mjög ósáttur við ummæli Ólafs H. Kristjánssonar þjálfara Blika og Einars Kristjáns undanfarna daga. Eftir að liðin hafi sent tilboð og gagntilboð sín á milli hafi AEK gengið að kröfum Breiðabliks.

„Blikarnir settu upp samninginn eins og þeir voru sáttir við hann. Við samþykktum hann með því að stimpla hann, skrifa undir og senda til baka. Samþykkt. Hafi þeir viljað að leikmaðurinn spilaði einhverja leiki með þeim hlýtur að þurfa að minnast á það í samningnum sem breyta forsendum hans,“ sagði Arnar.

Hann bætir við að AEK hefði aldrei samþykkt samningsboð Breiðabliks hefði verið krafa um þátttöku Elfars í leikjunum gegn Rosenborg.

Arnar segir að málið hafi komið upp á fyrsta fundi hans með fulltrúum Breiðabliks. Þeir hafi lýst yfir áhuga á að fá að halda leikmanninum eitthvað lengur en það hafi verið skýrt af hálfu AEK að þeir væru að kaupa Elfar Frey til þess að mæta á fyrstu æfingu. Undirbúningstímabilið sé að fara í gang og það sé mikilvægt að hann sé með frá byrjun. Ekki síst fyrir möguleika hans í liðinu.

„Þeir sögðu þetta rosalega erfitt fyrir þá. Við værum að taka mikilvægasta manninn úr liðinu. Ég sagðist skilja þá ósköp vel en við værum ekki að kaupa neina varaskeifu hjá þeim. Við værum að kaupa besta leikmanninn. Ég sagði mína skoðun, þeir sína og svo fórum við í samningaviðræður og ekkert var minnst á þessa Evrópuleiki framar,“ sagði Arnar sem finnst málið sérstaklega leiðinlegt í ljósi uppruna síns. Hann sé grænn í gegn.

kolbeinntd@365.is




**LEIKMAÐUR AEK** Elfar Freyr skrifaði undir við AEK í gær og sést hér ánægður með nýja búninginn sinn.




ecco

30%

afsláttur af Ecco golfskóm



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 20.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-54411



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56904



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 20.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150024-56462



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 27.995
Verð nú kr. 19.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120023-56455



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120013-56938



Classic - herra
Verð áður kr. 29.995
Verð nú kr. 20.995
Stærðir: 39 - 50 | Vörunr. 140524-51222



Casual Cool II - herra
Verð áður kr. 24.995
Verð nú kr. 17.995
Stærðir: 39 - 47 | Vörunr. 150014-56901



Comfort Classic - herra
Verð áður kr. 33.995
Verð nú kr. 23.995
Stærðir: 40 - 47 | Vörunr. 141004-01007



Casual Cool - dömu
Verð áður kr. 27.995
Verð nú kr. 19.995
Stærðir: 35 - 43 | Vörunr. 120023-51052

Komdu og skoðaðu úrvalið og gerðu frábær kaup á Ecco golfskóm



19 63
ecco.com

ecco
KRINGLAN
Sími 553 8050

gelert outdoors since 1975

*gæða útileguvörur!*



TILBOÐ **29.999**kr v.á. 39.999kr

gelert VECTOR 4
4 manna tjald

## VERTU FYRSTUR AÐ TJALDA



Verð frá **7.999**kr.

gelert QUICK PITCH
2 manna tjald
POP-UP

### ÚTILEGUVÖRUR

Verð frá **999**kr



gelert
*Svefnpokar*

Verð frá **2.999**kr



**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8108**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 44,5 X 31CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELEKTRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA**

**9.999**kr



**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8109**
- 2,5KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 41,6 X 31,5CM
- EFRI GRIND: 38,5 X 19,5CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- SMELLA TIL AÐ LÆSA LOKI
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA**

**12.999**kr



**Grand**
**FERÐAGASGRILL ER8102P-1**
- 3,6KW BRENNARI
- ELDUNARSVÆÐI: 45 X 35CM
- SAMFELLANLEGIR FÆTUR
- ELETRÓNÍSK KVEIKJA
- **ÞRÝSTIJAFNARI & SLANGA FYLGJA**

**14.999**kr



CROSS

## 28" ARRINA & ARROW

Dömu & herra
Dömu einnig til í hvítu

**59.999**kr

**FRÍ HEIMSENDING Á ÖLLUM HJÓLUM***




**VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á HJÓLUM**



16" Charmmy Kitty **24.999**kr

12" Charmmy Kitty **22.999**kr

16" Toy Story **24.999**kr

12" Toy Story **22.999**kr

Hagkaup | heim

**Frí heimsending**
ef verslað er fyrir 7500 eða meira*

Gildir á meðan birgðir endast.

*Aðeins er sent innan höfuðborgarsvæðisins og innan bæjarmarka Akureyrar.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**UNDIR PRESSU** Bretar setja allt sitt traust á Rory McIlroy næstu fjóra daga.
NORDIC PHOTOS/AFP

Opna breska meistaramótið í golfi hefst í dag án Tigers Woods:

# Allra augu eru á Rory McIlroy

**GOLF** Opna breska meistaramótið hefst í dag á Royal St. Georgevellinum. Það er óhætt að segja að allra augu verða á hinum 22 ára gamla Norður-Íra, Rory McIlroy. Hann gerði sér lítið fyrir og vann opna bandaríska mótið á dögunum og er undir mikilli pressu fyrir mótið.

„Eftir opna bandaríska mótið þá er búist við miklu af mér og ég geri líka miklar kröfur til sjálfs mín. Það eru þrjár vikur frá opna bandaríska og ég er klár í slaginn,“ sagði McIlroy sem tók sér smá frí eftir sigurinn í Bandaríkjunum enda var áreitið afar mikið frá fjölmiðlum og fleirum..

Þegar McIlroy vann opna bandaríska varð hann yngsti sigurvegari mótsins frá 1923. Vinni hann opna breska verður hann yngsti sigurvegari þess móts frá 1893.

„Það var allt brjálað í lífi mínu fyrstu tíu dagana eftir að ég vann í Bandaríkjunum. Síðustu tíu dagar hafa verið rólegri. Lífið er farið að ganga sinn vanagang á ný og mér finnst undirbúningurinn hafa gengið vel.“

McIlroy klúðraði góðri forystu á lokahring Masters en sýndi á opna bandaríska að sú reynsla hafði engin áhrif á hann. Kylfingurinn ungi segist mæta rólegur og afslappaður til leiks þrátt fyrir öll lætin í kringum sig.

„Miðað við öll lætin er auðveldast af öllu að spila golf. Þá kemst maður frá öllu. Ég gleymi því sem búið er að gerast og einbeiti mér að því að vinna annað golfmót. Á vellinum fæ ég fimm klukkutíma fyrir sjálfan mig. Það er mjög þægilegt. Ég elska að vera á golfvellinum og hlakka bara til að spila næstu dagana,“ sagði Norður-Írinn rólegur og yfirvegaður. **- hbg**






**KOMINN HEIM** Hannes er kominn heim frá Rússlandi og spilar líklega í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Matthías Vilhjálmsson hjá FH:

## Eiga að vera lakari en BATE

**FÓTBOLTI** FH tekur á móti á portúgalska liðinu CD Nacional í Evrópudeildinni í Kaplakrika í kvöld.

Um er að ræða félagið sem Cristiano Ronaldo ólst upp hjá. Liðið er öflugt og varð í sjötta sæti í deildinni síðasta vetur.

„Þetta lið lagði bæði Sporting Lissabon og Benfica á heimavelli sínum. Það segir sína sögu,“ sagði Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH. „Heimir þjálfari segir samt að liðið eigi að vera lakara en BATE Borisov sem við höfum verið að mæta þannig að það er möguleiki.“

Matthías viðurkennir að það sé gott að fá smá frí frá Pepsi-deildinni þar sem hefur ekki gengið sem skyldi hjá FH-ingum.

„Það er alltaf gaman að bera sig saman við lið frá öðrum löndum. Þarna eru margir Brasilíumenn og þetta verður skemmtilegt. Við ætlum að selja okkur dýrt og reyna að fá jákvæða niðurstöðu úr leiknum.“ **- hbg**

Hallgrímur Jónasson:

## Lánaður til SönderjyskE

**FÓTBOLTI Húsvíkingurinn Hallgrímur Jónasson hefur verið lánaður til danska félagsins SönderjyskE frá sænska félaginu GAIS.**

**Lánssamningurinn er til áramóta. Hallgrímur fær væntanlega kjörið tækifæri til þess að spila í Danmörku en hann hefur ekki átt fast sæti í liði GAIS á þessu tímabili. Hann spilaði aftur á móti reglulega með liðinu tímabilið þar á undan.**

**Hallgrímur er þriðji Íslendingurinn í herbúðum félagsins en þar eru fyrir þeir Ólafur Ingi Skúlason og markvörðurinn Arnar Darri Pétursson.**

**Hann mun væntanlega spila sinn fyrsta leik fyrir SönderjyskE á á sunnudag þegar liðið mætir besta liði Danmerkur, FCK, í fyrstu umferð dönsku úrvalsdeildarinnar. - hbg**



**ORKULAUSIR** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, fær sér hér Egils Orku en hans mönnum hefði ekki veitt af orku í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rosenborg valtaði yfir Breiðablik, 5-0, er liðin mættust í Meistaradeild Evrópu:

# Blikar brotnuðu í síðari hálfleik

**FÓTBOLTI** Þátttöku Blika í meistaradeildinni lýkur eftir viku þegar það spilar seinni leikinn gegn norska liðinu Rosenborg. Bardaginn er búinn eftir 5-0 sigur Rosenborg í Þrándheimi í gær.

Yfirburðir norska liðsins voru miklir allan tímann. Þrátt fyrir það náðu Blikar að halda markinu hreinu í 43 mínútur. Algjört hrun var í leik Blika í síðari hálfleik. Rosenborg skoraði fjögur mörk og flest voru þau afar ódýr. Mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri.

„Það líður engum vel eftir svona leik. Þeir fengu vissulega fín færi í fyrri hálfleik en Ingvar stóð sig vel í markinu. Það var vont að fá á sig mark rétt undir lok fyrri hálfleiks,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, en hann gerði smá breytingar á liðinu í síðari hálfleik.

„Við breyttum aðeins miðjunni til að setja meiri pressu á þá þar. Við komumst þolanlega frá því. Annað markið sem kom snemma í síðari hálfleik gerði þetta virkilega erfitt,“ sagði Ólafur sem vildi ekki tala mikið um að mörkin hefðu verið ódýr en viðurkenndi að vissulega hefði verið hægt að gera mun betur í sumum markanna.

„Rosenborg spilaði virkilega vel í þessum leik og var betri en við í flestu því sem skiptir máli í fótbolta. Þeir sýndu okkur að það er ákveðinn munur á bestu norsku og íslensku liðunum. Við eigum ennþá langt í land. Þessi leikur var vakning fyrir marga held ég,“ sagði Ólafur spurður um hvort þetta væri munurinn á norska og íslenska boltanum. **- hbg**



**FAGNAÐ** KR hefur ekki enn tapað leik í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR tekur á móti MSK Zilina:

## Erum óhræddir við Slóvakana

**FÓTBOLTI** Slóvakíska liðið MSK Zilina sækir KR heim á KR-völlinn í kvöld en þetta er fyrri leikur liðanna í Evrópudeild UEFA.

Slóvakíska liðið er geysisterkt og komst alla leið í riðlakeppni meistaradeildarinnar í fyrra sem er ekki auðvelt. Það verður því líklega við ramman reip að draga hjá KR sem hefur ekki enn tapað leik í sumar.

„Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að þetta er sterkt lið. Við mætum samt óhræddir og ætlum okkur sigur í leiknum,“ segir Grétar Sigfinnur Sigurðarson, leikmaður KR.

„Það er virkilega góð stemning í hópnum fyrir þessum leik. Við vitum ekki mikið um liðið og fengum aðeins einn leik frá þeim,“ sagði Grétar. En hverju ætlar KR að breyta í þessum leik?

„Við verðum að verjast betur sem lið. Við ætlum síðan að spila boltanum eins og við gerum alltaf og sækja á mörgum mönnum. Við munum ekki gefa neitt eftir og mætum fullir sjálfstrausts til leiks.“ **- hbg**



**FAGNAÐ** Bandarísku stúlkurnar fagna í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Einn leikur eftir á HM kvenna:

## Bandaríkin og Japan í úrslit

**FÓTBOLTI** Það verða Bandaríkin og Japan sem mætast í úrslitum á heimsmeistaramóti kvenna en undanúrslitin fóru fram í gær.

Bandaríkin lögðu Frakkland 3-1 með mörkum frá Lauren Cheney, Abby Wambach og Alex Morgan. Sonia Bompastor skoraði mark Frakka.

Bandarísku stúlkurnar gerðu út um leikinn á síðustu tíu mínútum leiksins.

Japan lagði Svíþjóð, 3-1, eftir að staðan í hálfleik var 1-1. Josefine Öqvist skoraði mark Svíþjóðar. Nahomi Kawasumi skoraði tvö mörk fyrir Japan og Homare Sawa eitt. **- hbg**



# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**7** **FISKTEGUNDIR** lifa í íslensku ferskvatni. Þar af tilheyra þrjár þeirra laxaættinni. Það eru Atlantshafslaxinn, urriði og bleikja. Hinar fjórar tegundirnar eru hornsíli, evrópskur áll, amerískur áll og flundra.

**6.280** **LAXAR** veiddust í Eystri-Rangá í fyrra en hún var aflahæsta áin.

## FLUGAN




Kötturinn hefur verið að gera það gott í Veiðivötnum undanfarið líkt og síðustu ár. Kötturinn er hnýttur á tvíkrækju og er fáanlegur í ýmsum litum. Þessi útfærsla er kennd við Black Ghost enda í svörtum og hvítum litum. Kötturinn er góður í urriða og sjóbirting en hefur einnig gengið víða vel í lax.

**UPPSKRIFT.**

- Öngull - Laxatvíkrækja
- Tvinni - Svartur UNI 6/0
- Skegg - Gullituð hár af hjartardindli
- Vængur - Hvít og svartlituð hár af hjartardindli ásamt fáeinum glitþráðum (Krystal Flash)
- Haus - Þverhaus hnýttur ofan á önguleggginn rétt aftan við auga og lakkað yfir.

*Mynd og uppskrift af Flugan.is*



**VÆNN** Stefán tók ekki annað í mál en að sleppa risalaxinum. MYND/VEIDIMENN.COM

Risalax veiddist í Vatnsdalsá:

## Maríulaxinn var 27 pund

Engin hætta er á að Stefán Árnason gleymi maríulaxinum sínum, en það var 107 sentímetra lax sem hann fékk í Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu. Líklegast er að laxinn vegi um 27 pund.

Reynsluboltinn faðir hans, Árni Stefánsson, var ekki langt undan. „Við vorum ekki með nógu góðan háf fyrir hann en pabbi er með góðar hendur enda fyrrverandi landsliðsmarkvörður svo hann gat gripið um sporðinn.“ **- jse**

# Taka steinbít rétt við borgina

**Sjóstangveiði vex sífellt fiskur um hrygg. Ekki þarf að sigla langt út frá Reykjavík til að fá vænan steinbít. Íslenskum fjölgar í þessum ferðum en það þarf að setja meira púst í markaðssetninguna í útlöndum.**

Sjóstangveiði nýtur sífellt meiri vinsælda meðal Íslendinga en gera þarf átak í markaðssetningu erlendis vilji menn fjölga erlendum ferðamönnum sem koma hingað til frístundaveiða.



**FRIÐFINNUR HJÖRTUR HINRIKSSON**

Friðfinnur Hjörtur Hinriksson, framkvæmdastjóri Sérferða, segir að ásókn hafi aukist í sjóstangveiði hjá fyrirtækinu en um sjö til átta hundruð manns á ári fleyta færi í sjó frá bátum þeirra. „Það er sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að Íslendingum hefur fjölgað nokkuð í þessum ferðum hjá okkur jafnvel þó við höfum lítið sem ekkert kynnt þessar ferðir hér á landi, menn hafa bara þefað þetta uppi.“

Friðfinni Hirti leiðist ekki þessi þróun en af öllum ferðum sem fyrirtækið býður upp á þykir honum mesta fjörið í sjóstangveiðinni. Fyrirtækið býður einnig upp á fulga- og hvalaskoðun. Hann segir

> Við erum aðallega að fá þann gula, mest er þetta þessi fíni matarfiskur sem er einmitt passlegur á grillið.
>
> **PÉTUR ÁGÚSTSSON**
> SKIPSTJÓRI HJÁ SÆFERÐUM

hann lítið um lúðu að hafa upp úr sjó um þessar mundir en á móti kemur að sífellt verður meira um steinbít en sá stórtenntí lætur veiðimenn heldur betur hafa fyrir sér svo það er skemmtileg reynsla fyrir ferðamenn að glíma við hann, segir Friðfinnur Hjörtur.

Pétur Ágústsson, skipstjóri hjá Sæferðum í Stykkishólmi, var einmitt á miðunum með átta ferðamenn þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ásóknin er að aukast, það koma nokkur hundruð manns í þetta með okkur á ári,“ segir hann. „Við erum aðallega að fá þann gula, mest er þetta þessi fíni matarfiskur sem er einmitt passlegur á grillið en þó slæðist einn og einn stór með,“ segir hann. Hjá Sæferðum er ekki grillað um borð eins og gert er hjá Sérferðum en Pétur segir að veitingastaðir í Stykkishólmi hafi verið liðlegir við að matreiða aflann þegar ferðamenn koma þangað færandi hendi.

Á Vestfjörðum er frístundaveiði stunduð af miklu kappi. Finnur Jónsson, stjórnarformaður Icelandic Sea Angling, segir að í heildina litið hafi ferðamönnum þó fækkað um fimm til sjö prósent miðað við árið í fyrra.

„Þetta er spennandi en nú þegar nýjabrumið er farið af þessu verðum við að fara að taka við okkur í markaðssetningunni,“ segir Finnur. Hann telur að um tvö þúsund ferðamenn, aðallega frá Þýskalandi, stundi frístundaveiðar á Vestfjörðum á hverju ári.

Víkurbátar, sem einnig stunda slíkar frístundaveiðar frá Bolungarvík, ætla nú að breyta út af vananum í ár og bjóða upp á sjóstangveiði fyrir Íslendinga. **jse@frettabladid.is**



**STEINI OG STEINBÍTURINN** Þessi níu kílóa steinbítur sem Þorsteinn Stefánsson heldur á kom fyrir skemmstu á stöng þessa sænska ferðamanns sem stendur stoltur hjá. Ekki þarf að sigla langt út frá Reykjavíkurhöfn til að geta átt von á þeim stórtennta.

Ellefu laxar sem komu á bakka Langadalsár í einu holli eru merki um betri tíð:

# Veiðin að koma til við Djúpið

Eftir rólega byrjun telur Stefán Sigurðsson, innanlandssölustjóri hjá Lax-á, að veiðin sé að koma til við Ísafjarðardjúp. „Þetta er búið að vera rólegt en nú var verið að koma með ellefu laxa úr Langadalsá úr síðasta holli, þannig að það er einhver stígandi í þessu,“ segir hann.

Auk Langadalsár hefur Stefán umsjón með veiðum í Laugardalsá og Hvannadalsá.

„Ég er mjög spenntur fyrir því að sjá hvað gerist á næstu sex dögum, ég á jafnvel von á því að þetta taki heldur betur við sér þá,“ bætir hann við.

Stefán er Þingeyingur en segist kunna afar vel við sig í sveitinni við Djúpið. „Hér er ekki sami asinn og bægslagangurinn á fólki,“ segir hann. „Það þýðir til dæmis ekkert að vera með einhver asa þegar Sigurjón Samúelsson er að sýna manni plötusafnið sitt. Eins er mér minnisstætt þegar við vorum að tala um kreppu í hans eyru en þá sagðist hann hafa litið í frystikistuna sína og hún hafi verið full svo honum þótti það fráleitt að tala um kreppuástand.“ Hljómplötusafn Sigurjóns er eitt það merkasta á landinu en auk aragrúa af gömlum hljómplötum á hann Edison-hólka frá upphafi síðustu aldar og forláta tæki til að spila hólkana. **- jse**



**MEÐ EINN VÆNAN Í BLÖNDU** Stefán er hér með einn vænan. Hann segir að veiðin sé að færast í aukana við Djúpið.

**Laxveiði við Djúpið 2010**

| | |
|---|---|
| Hvannadalsá | 550 |
| Langadalsá | 300 |
| Laugardalsá | 300 |

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

Ertu klár fyrir Verslunarmannahelgina?



# RIGNINGIN ER GÓÐ



## SJÓMANNA

BAKPOKI



ÁÐUR: 8.800 kr. **NÚ: 5.720 kr.**

~40%

afsláttur

af léttum sjófatnaði fyrir Verslunar-mannahelgina

66° NORÐUR

66north.is

## ÞÓR

HATTUR



ÁÐUR: 5.900 kr. **NÚ: 3.540 kr.**



FLATEY anorak

ÁÐUR: 11.380 kr.

**NÚ: 6.820**



FLATEY buxur

ÁÐUR: 9.200 kr.

**NÚ: 5.520**



FREYR anorak

ÁÐUR: 7.530 kr.

**NÚ: 4.580**



FREYR buxur

ÁÐUR: 7.810 kr.

**NÚ: 4.680**

## T-Sigg

FLÖSKUR



ÁÐUR: 3.300 kr. **NÚ: 2.310 kr. (0.6 L)**
ÁÐUR: 3.900 kr. **NÚ: 2.730 kr. (1 L)**

## ÞÓR

TJALD



ÁÐUR: 25.200 kr. **NÚ: 17.640 kr.**

## TINDUR

SVEFNPOKI



ÁÐUR: 9.500 kr. **NÚ: 6.650 kr.**

**FAXAFENI 12:** Mán.- fös. 8 - 18 I Lau. 11 - 16 **GLERÁRGATA 32, 600 Akureyri** Mán.- fös. 10 -18 I Lau. 10-16 I Sun. 10-16

> **Gerard Butler**

„Ég þurfti að sanna mig fyrir fullt af ólíku fólki.“

***Gerard Butler leikur á móti Katherine Heigl í rómantísku gamanmyndinni The Ugly Truth, sem fjallar um þáttastjórnanda sem er óheppinn í ástum og býðst vinnufélagi hennar, sem er algjör karlremba, til að hjálpa henni og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ HLUSTAR Á KVÖLDSÖGUNA Á GUFUNNI

# *Mörður hét maður er kallaður var gígja*

Trauðla er til þekktari byrjun á bók en einmitt þessi hér að ofan um Mörð gígju. Þrátt fyrir að Njáls saga sé Íslendingum ekki jafn mikið á hraðbergi nú og áður, að líkindum, kannast flestir við skrudduna, hafa lesið hana, heyrt um hana eða hlýtt á hana mærða og dásamaða í bak og fyrir. Njála er um margt táknmynd rómantískrar söguskoðunar þjóðernisbaráttunnar; rituð á gullöldinni þegar hetjur riðu glæstar um héröð.

Það er eins og að bregða sér í tímavél að hlusta á kvöldsöguna á Rás 1 nú um mundir, þar sem Einar Ólafur Sveinsson les Njáls sögu. Hljóðritunin er frá árinu 1972 og við áhlustun finnst manni eins og maður heyri tifið í prjónum ömmu og kröftugt sogið þegar afi sýgur dágóðan slurk af neftóbaki upp í nefið (og sjái jafnvel neftóbaksslóðina sem hann skildi eftir á skyrtunni í leiðinni). Ef Siv Friðleifsdóttir hefði mátt ráða hefði afi þurft að keyra í apótekið eftir neftóbakinu sínu sér til mikillar armæðu, en það er nú önnur saga.

Einar Ólafur er rödd úr fortíðinni í þeim skilningi að hann er fallinn frá, en hann er líka rödd úr forneskjunni í þeim skilningi að hans tími var tími Íslendingasagnanna. Hann lifði í þeim og hrærðist, rannsakaði alla tíð og ritaði ófáar bækur og greinar um þær. Hann var uppi á þeim tímum er prófessorar í íslenskum fræðum voru hetjurnar; Sigurður Nordal, Einar sjálfur og þeir sem komu á eftir, Jónas Kristjáns, Stefán Karls, Jón Bö og hvað þeir nú hétu. Mögulega hefði mátt gefa út spjöld með þeim ábúðarfullum yfir handritunum og litlir hnokkar og hnátur hefðu skipt þeim á milli sín og safnað allri röðinni.

Njála hefur allt upp á að bjóða sem góð saga þarf; æsispennandi atburðarás, flókin tengsl, svik og ástir og tvíræð tengsl sem bókmenntafræðingar munu ekki nógsamlega getað fagnað; í þeim búa endalaus rannsóknarefni.

Nú hillir undir lokin á lestri Einars Ólafs en enn er þó hægt að ná síðustu þremur lestrunum, en kvöldsagan hefst klukkan 21.30 á hverjum virkum degi.

## RÚV

**14.40 Opna breska meistaramótið** (4:5)
**15.10 Golf á Íslandi** (5:14) (e)
**15.40 Tíu fingur** (11:12)
**16.40 Leiðarljós**
**17.20 Gurra grís** (2:26)
**17.25 Dýraspítalinn** (9:10)
**17.55 Geymslan**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Skassið og skinkan** (15:20)
**19.00 Fréttir og veður**
**19.40 Grillað** (1:8)
**20.10 Heilabrot** (Hjärnstorm II)
**20.40 Sönnunargögn** (3:13) (Body of Proof) Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.
**21.30 Tríó** (6:6) Ný íslensk gamanþáttaröð. Tilvera blaðberans Friðberts og líksnyrtisins Þormóðs fer öll á annan endann þegar ungt og glæsilegt par flyst í íbúðina á milli þeirra í raðhúsi í Mosfellsbæ. Höfundur og leikstjóri er Gestur Valur Svansson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV)
**23.10 Þrenna** (3:8) (Trekant)
**23.40 Opna breska meistaramótið** (4:5) (Opna breska 2011 - upphitun) (e)
**00.10 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Fletch**
**10.00 Billy Madison**
**12.00 Beethoven's Big Break**
**14.00 Fletch**
**16.00 Billy Madison**
**18.00 Beethoven's Big Break**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Me, Myself and Irene**
**00.00 Bachelor Party: The Last Temptation**
**02.00 Vantage Point**
**04.00 Me, Myself and Irene**
**06.00 Seven Pounds**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors** (69:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (4:23)
**11.45 Gilmore Girls** (3:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Darwin Awards**
**14.45 The O.C. 2** (18:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (1:24)
**19.35 Modern Family** (20:24)
**20.00 Grillskóli Jóa Fel** (5:6) Jói Fel snýr aftur í glænýrri þáttaröð þar sem hann kennir okkur réttu handtökin og sýnir okkur að vel megi grilla annað og meira en bara kjötsneiðar, hamborgara og pylsur.
**20.35 The Amazing Race** (9:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að fá eina milljón dala í verðlaun. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir.
**21.25 NCIS** (23:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.10 Fringe** (21:22)
**22.55 The Whole Truth** (3:13)
**23.40 Rizzoli & Isles** (9:10)
**00.25 Damages** (8:13)
**01.10 Two Weeks**
**02.45 The Darwin Awards**
**04.15 The Mentalist** (4:23)
**04.55 NCIS** (23:24)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.15 F1: Við endamarkið** Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.
**18.45 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**19.55 Herminator Invitational 2011** Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðagolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**20.40 High 1 Open** Útsending frá fyrri keppnisdegi á High 1 Open í Suður-Kóreu. Þetta er sjötta mótið í OneAsia mótaröðinni.
**22.35 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Paragvæ - Venesúela** Útsending frá leik Paragvæ og Venesúela í Copa America 2011.
**18.00 Brasilía - Ekvador** Útsending frá leik Brasilíu og Ekvador í Copa America 2011.
**19.45 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.40 Maradona 2** Besti knattspyrnumaður fyrr og síðar, Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumanns skoðuð.
**21.05 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**21.35 Paragvæ - Venesúela** Útsending frá leik Paragvæ og Venesúela í Copa America 2011.
**23.20 Brasilía - Ekvador** Útsending frá leik Brasilíu og Ekvador í Copa America 2011.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (10:28)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 My Generation** (3:13) (e)
**19.00 Real Housewives of Orange County** (2:17)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (24:39)
**20.10 Rules of Engagement** (10:26)
**20.35 Parks & Recreation** (10:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Chris skorar á Ron í grillkeppni með það undarlega markmið að smábærinn Pawnee verði heilbrigðari staður til að búa á.
**21.00 Running Wilde** (6:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Development. Steve og Andy deila um konuna sem þeir elska sem endar með því að hinn fyrrnefndi grípur til örþrifaráða.
**21.25 Happy Endings** (6:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem á frábæran vinahóp. Max reynir að koma Brad á stefnumót með karlkyns vinnufélaga sínum.
**21.50 Law & Order: LA** (17:22) Sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles. TJ og Morales reyna að leysa morðgátu þar sem lík af manni finnst í baðkari.
**22.35 Parenthood** (9:13) (e) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk. Kristina fer aftur út á vinnumarkaðinn og Adam þarf að sjá um börnin. Það er skólaball fram undan og Adam gefur Drew góð ráð og sýnir honum dansspor.
**23.20 Royal Pains** (9:13) (e)
**00.05 In Plain Sight** (2:13) (e)
**00.50 CSI** (2:23) (e)
**01.35 Smash Cuts** (12:52) (e)
**02.00 Law & Order: LA** (17:22) (e)

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.30 Opna breska 2011 - upphitun** (1:1)
**08.00 Opna breska meistaramótið 2011** (1:4)
**19.00 Opna breska meistaramótið 2011** (1:4)
**01.00 Golfing World**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** (148:175) Fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.30 In Treatment** (38:43) Þetta er ný þáttaröð frá HBO sem fjallar um Paul Weston sem sálgreinir fólk og hlustar á það lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne hlaut á dögunum Golden Globe verðlaunin sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2 & Ísland í dag**
**21.45 Gossip Girl** (22:22) Fjórða þáttaröðin um líf unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum.
**22.30 Off the Map** (6:13) Hörkuspennandi og dramatískur þáttur um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál.
**23.15 Ghost Whisperer** (18:22)
**00.00 The Ex List** (13:13)
**00.45 In Treatment** (38:43)
**01.15 The Doctors** (148:175)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.
**21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur** Fjórði þáttur á mannamáli um undirstöðuatvinnuveginn.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson og gestir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Pantaðu fría
## landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



# Graníthellur
## fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!**





CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.00

**Grillskóli Jóa Fel**

Það verður girnilegur matseðill hjá Jóa Fel í kvöld. Grilluð pitsa, rauðvínskryddað lambalæri með kartöflugratíni og grilluðu grænmeti og að lokum unaðslegur ávaxtaeftirréttur, ylvolgur af grillinu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn 0**7.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Heimsmenning á hjara veraldar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Fáni og flattur þorskur **19.40** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsin **22.20** Útvarpsperla: Landið í þér **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**08.50** New Tricks **09.40** EastEnders **10.10** Fawlty Towers **10.50** Deal or No Deal **11.25** Deal or No Deal **12.00** Deal or No Deal **12.35** New Tricks **13.25** New Tricks **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** Jane Eyre **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.20** My Family

### DR 1

**14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Fandango med Sine **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Sporløs **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.35** Aftentour 2011 **20.00** Vore Venners Liv **21.00** Blod, sved og T-shirts **22.00** Take That - Look Back Don't Stare **23.05** Trekant **04.00** Rasmus Klump **04.05** Chiro **04.10** Den lille røde traktor **04.20** Humf **04.30** Dyk Olli dyk **04.45** Alfons Åberg **05.00** Linus i Svinget

### NRK 1

**11.05** Familien og jeg **11.35** Harry - seks år og kokkelærling **12.05** Hvilket liv! **12.35** Fotoskolen Singapore **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i naturen **15.15** Stjernesmell **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 70-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Mat i Norden **18.00** Store leker **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** Verdens varmeste strøk **21.05** Kveldsnytt **21.20** Ein idiot på tur **22.05** John Adams

### SVT 1

**14.00** Rapport **14.05** En svensk sommar i Finland **14.45** Livet på landet **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.05** Regionala nyheter **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** Jann of Sweden **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Mitt i naturen **19.00** Grattis kronprinsessan **20.30** Black angels **21.15** Speedway-VM 2011 **22.15** Allsång på Skansen **23.15** Rapport


Frón 85 ára
- kemur við sögu á hverjum degi

AFMÆLIS TVENNA 2 fyrir 1

Fáðu þér afmælistvennu með Frón kremkexi
og þú getur unnið glæsilega vinninga!




SVÍTAN Á KEX HOSTEL
OG FLEIRI GLÆSILEGIR VINNINGAR

1. 1x vinningur
**Svítan á KexHostel** (Helgargisting með kvöldverði + morgunmatur) fyrir tvo
2-3. 2x vinningur
**Kvöldverður fyrir tvo** á veitingastað KexHostel (Sæmundur í sparifötunum)
4-5. 2x vinningur
**Gjafabréf úr verslun** 25.000kr.-
6-10. 5x vinningur
**Gjafabréf úr verslun** 10.000kr.-

finndu Frónkex á facebook

KEX www.kexhostel.is
Frón www.fronkex.is



FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF




SUMARDAGAR
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.




12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Argentína stendur upp úr. Ég fæ mér 600 gramma nautalund með bökuðum kartöflum. Það er það besta sem maður fær.“*

Tómas Kristjánsson, eigandi iSímans.

# Rosaleg góð auglýsing fyrir Steed Lord

„Við erum hérna í tíu daga heimsókn. Ákváðum að koma við á leið okkar heim frá Evrópu þar sem við vorum að spila,“ segir söngkonan Svala Björgvinsdóttir en hljómsveitin Steed Lord hefur haft í nógu að snúast síðan lag þeirra hljómaði í einum vinsælasta raunveruleikaþætti Bandaríkjanna, So You Think You Can Dance.

„Að vera með lag í svona stórum þætti er rosalega góð auglýsing og ekkert nema gaman að því. Við fengum svakalega góð viðbrögð í kjölfarið og lagið, Vanguardian, hoppaði beint á rafræna vinsældalista iTunes í Bandaríkjunum,“ segir Svala og bætir við að þau séu að fá mikið af tilboðum um að spila út um allan heim vegna þáttanna.

Það eru skemmtilegir tímar fram undan hjá Steed Lord en þegar þau koma aftur út til Los Angeles þar sem sveitin er búsett, tekur við vinna við nýja plötu og klipping á nýju myndbandi. „Við förum beint í að klippa nýtt myndband við lagið Bed of Needles en það unnum við í samstarfi við danshöfundinn Sonyu Tayeh. Við fylgjum því svo eftir með mikilli herferð á netinu og tónleikatúr á vesturströnd Bandaríkjanna,“ segir Svala en sveitin er byrjuð á nýrri plötu sem á að koma út í byrjun næsta árs.

Svala ætlar samt ekki bara að endurhlaða batteríin á Íslandi því hún ætlar að nýta tímann og selja fötin sín. „Ég er að selja öll föt sem ég hef átt hérna á Íslandi og losa heila geymslu. Ég hef alltaf átt mikið af fötum og skóm og eru sum fötin næstum ónotuð. Ég sel þetta allt mjög ódýrt því ég vil bara losna við allt,“ segir Svala en markaðurinn er á laugardaginn í Miðstræti 12 og hefst klukkan 12.

-áp



**HEIMA Í FRÍI** Þau Svala, Egill og Einar í hljómsveitinni Steed Lord eru í fríi á Íslandi og Svala ætlar að nýta tímann og selja fötin sín á laugardaginn.






**VENJULEGUR STRÁKUR** Jónas Haraldsson hefur gefið út plötuna Collective Works Vol. 2. Á henni er að finna sjö hip-hop lög og þrjú rapplög, en textarnir fjalla ekki um eiturlyf og bíla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**JÓNAS HARALDSSON:** HRINGI Í ALVÖRU REGLULEGA Í ÖMMU MÍNA

# Diplómati rappar um ömmu sína og Smáralind

„Þessi diskur hefur blundað í mér í mörg ár,“ segir Jónas Haraldsson, tónlistarmaður, starfsmaður utanríkisráðuneytisins og stundakennari við Háskóla Íslands.

Jónas hefur gefið út sína fyrstu plötu undir listamannsnafninu The Adventures. Plata Jónasar heitir Collected Works Vol. 2 en á henni eru sjö hip-hop og þrjú rapplög. „Ég hef lengi verið að gera tónlist en á síðustu árum hef ég náð að gera lög sem mér finnst í lagi, svo ég ákvað bara að láta á þetta reyna og hafa gaman af,“ segir Jónas. „Platan er í raun safndiskur. Ég hef verið að safna lögum undanfarin ár, en fyrsta lagið á disknum er frá 2004 og það síðasta frá 2011.“

Spurður hvort hann hafi áður gefið út disk sem ber nafnið Collected Works Vol. 1, svarar Jónas því neitandi. „Sá diskur er ekki ennþá kominn út. Ég ákvað að vinda mér bara beint í Vol. 2,“ segir Jónas í léttum dúr. Collected Work Vol. 2 er hins vegar í boði á vef Gogoyoko og þar er bæði hægt að hlusta og kaupa, en sjálfur geisladiskurinn kemur út á næstunni.

Jónas vinnur hjá þróunarsviði Utanríkisráðuneytisins ásamt því að kenna valfag í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Það er því vert að spyrja Jónas hvernig hann tvinni þessi störf við lagasmíðarnar og rappið. „Þetta tvinnast nú ekkert sérstaklega saman. Tónlistin er eitthvað sem ég geri á kvöldin þegar ég kem heim. Það er oft ekki mikið að gera þegar maður býr einn. Þá er fínt að setjast við tölvuna og gera tónlist,“ segir Jónas.

Textasmíðarnar eru þó ekkert í líkingu við það sem maður heyrir hinn almenna rappara fjalla um. Í laginu „Atvinnukærasti“ rappar Jónas um að honum finnist gaman í Smáralind, hann hringi reglulega í ömmu sína og að hann eigi engar sögur af eiturlyfjum eða bílum. „Ég hringi í alvöru reglulega í ömmu mína og mér finnst gaman í Smáralind. Ég á heldur ekki bíl,“ segir Jónas, sem segist þó ekki sjálfur vera atvinnukærasti. „Ég er bara venjulegur strákur í venjulegri vinnu. Mér finnst alveg óþarfi að búa til einhverja glansímynd af einhverju sem er ekki, enda getur þetta verið fyndið og skemmtilegt líka.“

kristjana@frettabladid.is

# Partíþokan fékk hæsta styrkinn

Kraumur tónlistarsjóður hefur úthlutað 2,2 milljónum króna til sex verkefna í tengslum við tónleikahald innanlands, eða Innrásina.

Tónleikaferðin Partíþokan sem Prinspóló, Sin Fang, FM Belfast og Borko fara í fékk hæsta styrkinn, eða hálfa milljón króna. Hljómsveitirnar Ghostigital og Captain Fufanu fengu 400 þúsund fyrir sameiginlega tónleikaferð um landið og sömu upphæð fékk rokksveitin Skálmöld vegna fyrirhugaðra tónleika sinna á Íslandi og í Færeyjum.

Þrjú verkefni fengu 300 þúsund krónur hvert, eða tvær tónleikaferðir Valdimars um landið í júlí og ágúst, þrennir ljóðatónleikar Hallveigar Rúnarsdóttur og Gerrit Schuil og tónleikar Frelsissveitar Nýja Íslands á Djasshátíð.

Alls bárust 119 umsóknir í nýliðið umsóknarferli Kraums og því ljóst að sjóðurinn myndi aðeins styðja við lítinn hluta þeirra verkefna sem sóttu um styrk.

Frá því sjóðurinn var settur á laggirnar í upphafi árs 2008 hafa í kringum 80 hljómsveitir og listamenn fengið stuðning úr sjóðnum, auk þess sem Kraumur hefur sjálfur staðið fyrir og styrkt fjölda annarra verkefna.



**ÚTHLUTUN** Kraumur tónlistarsjóður úthlutaði 2,2 milljónum króna til íslenskra tónlistarmanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ



Dömuúlpa SAIKO
**Kr 4.999**



Hlírabolur
**Kr. 1.999**

Stuttbuxur með blúndu
**Kr. 2.999**

Fylltir hælar
**Tilboðsverð!**
**kr. 6.990,-**



Jakkaföt, skyrta og bindi
**Kr. 19.990**
stærðir 46-64



Ný sending af flottum herrabuxum!
Margnar gerðir
**Verð frá kr. 5.990**

Skór- Fylltur hæll
**Tilboð kr. 6.990,-**
stærðir 37-41



Barnagallabuxur
Kr. 1.490
stærðir 2-12 ára





Skyrta
**Kr. 3.999**
til í mörgum gerðum

Gallabuxur
**Kr. 4.790**
til í mörgum gerðum



Sætur sumarkjóll
**Kr. 3.999**

Leggings, til í mörg-um flottum litum
**Kr. 1.390**



Mikið úrval af Víking gúmmítúttum og stígvélum.
**Verð frá kr. 2.190**



Sæng og koddasett með pólýesterfyllingu. Sængin er 140X200 og koddinn 50X70
**Verð aðeins kr. 1.490!**

Plastbox með loki
**TILBOÐ!** 15L **kr. 699**
32L **kr. 999 kr.**






**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

**Gulahúsið leitar eftir sölumanni í hlutastarf**
**Upplýsingar erna@gulahusid.is**

Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

**ÓDÝRT & GOTT**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Duglegasti bassaleikarinn



Bassaleikarinn **Árni Hjörvar Árnason** er eflaust á meðal duglegustu tónlistarmanna landsins í dag. Árni hefur ferðast um heiminn ásamt hljómsveit sinni, hinni bresku The Vaccines, í sumar og á síðustu vikum hefur hann meðal annars komið við á Ibiza, Finnlandi, Grikklandi, Þýskalandi, Sviss, Englandi, Noregi, Írlandi og Spáni. Fáir íslenskir tónlistarmenn geta státað sig af slíkum kílómetrafjölda á einu sumri og hann á ennþá eftir að ferðast víða ásamt hljómsveit sinni. Fín vinna! **- afb**

### Fjölgun í stjórnlagaráði

Það mætti segja að fjölgun hafi átt sér stað í stjórnlagaráði um helgina þegar stjórnlagaráðskonan **Ástrós Gunnlaugsdóttir** eignaðist son. Aðrir meðlimir og starfsfólk stjórnlagaráðs hafa keppst við að óska Ástrósu og **Huga Halldórssyni**, manni hennar, til hamingju og klappað var fyrir hinni nýju fjölskyldu þegar ráðsfólkið hittist á fundi á mánudag.



## Mest lesið vísir

1. Sérstakur saksóknari sinnir gæslustörfum á fótboltaleik
2. Rútubílstjórinn í Múlakvísl: Búið að eyðileggja mannorðið
3. Móðir og dætur hennar skotnar til bana
4. Tveir fórust í sjóslysi
5. Ljúka við brúna annað kvöld
6. Minni skellur en búist var við





